


Smásagnasmá



Smásagnasmáræði

Íslenskar smásögur

Smásagnasmáræði – íslenskar smásögur

ISBN: 978-9979-0-2210-7

© Höfundar texta 2010

© Teikningar: Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir 2010

Ritstjóri: Sigríður Wöhler

Yfirllestur: Þórdís Guðjónsdóttir

1. útgáfa 2010

önnur prentun 2012

Menntamálastofnun Kópavogi

Hönnun og umbrot: Kasada ehf. / Sigurbór Jakobsson

Prentvinnsla: Litróf - Hagprent ehf.

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Efnisyfirlit:

Formáli 5

DAVÍÐ A. STEFÁNSSON

Gegnum eld og reyk 19

AÐALSTEINN ÁSBERG SIGURÐSSON

Reiði 37

AUÐUR JÓNSDÓTTIR

Þúsund orða virði 57

BJÖRN BRAGI ARNARSSON

Ísfólkið 71

GERÐUR KRISTNÝ

Á tímum sem þessum lærirðu að lifa á nýjan leik 83

GUÐMUNDUR ÓSKARSSON

Ljós leikur við myrkur 95

KRISTÍN HELGA GUNNARSDÓTTIR

„Sönn saga“ 109

MIKAEL TORFASON

Elsku mamma 131

YRSA SIGURÐARDÓTTIR

Smásagnasmá

eða

Smá sagnasmáræði

eða

Smáræði um smásagnafræði


Formáli

eftir Davíð A. Stefánsson

- um það hvað Erlendur hefur með bókmenntir að gera og hvernig æskilegt er að nota lífrænan hátæknibúnað og meðfædda röntgengeisla þegar lesnar eru smásögur

(Psssttt ... þú þarft ekki að lesa þennan formála. Allavega ekki núna. Svona formálar og eftirmálar eru oft alveg frábærir og gagnlegir, en það er enginn sem segir að maður verði endilega að lesa þá.

Stundum er nefnilega betra að fara beint í að lesa sjálft efni bókarinnar. Í þessari bók er fjallað um smásögur. Og til að örva andann fengum við átta íslenska höfundar á ýmsum aldri til að skrifa nýjar íslenskar smásögur. Bara fyrir þig.



Af hverju gerðum við það?
Af hverju erum við yfirhöfuð
að búa til kennslufni í bókmenntum og íslensku?

Af því að við trúum á lestur – að það skipti miklu máli að kunna að njóta þess að lesa. Að geta lesið sér til ánægju. Sá

sem kann ekki að lesa er fangi innan samfélagsins – hann hefur ekki aðgang að daglegu lífi eins og þeir sem eru læsir.

Hugsaðu um það í smástund hvernig venjulegur dagur í lífi þínu væri ef þú kynnir ekki að lesa. Myndir þú ekki missa af ansi mörgu? Hugsaðu um það í alvörunni.



Og sá sem kann ekki að lesa í tákni og merkingu tungumálsins í bókmenntum, menningu og listum er líka fangi innan

samfélagsins. Hann er það bara á annan hátt og hann missir af ansi mörgu sem skiptir máli í lífinu.

Að læra að $2 + 2 = 4$ kennir manni sitthvað um lífið og tilveruna og þess vegna skiptir máli að læra stærðfræði. Alveg það sama gildir um að læra inn á bókmenntir og bókmenntalestur. Þar er að finna alls kyns reiknireglur og viðmið sem hjálpa manni að skilja.

Kannski ertu efins. Kannski hefurðu talið þér trú um að þú filir ekki bókmenntir, að skáldsögur og smásögur séu bara ekkert fyrir þig. Mundu samt með mér að smásögur og skáldsögur eru líka bara sögur. Ef við fjarlægum smáið og skáldið. Allt eru þetta sögur. Bíómyndir eru sögur. Margar auglýsingar innihalda stuttar sögur. Teiknimyndasögur eru augljóslega sögur. Hugleikur. Fóstbræður líka. Uppistandarar, hvað gera þeir annað en að segja fyndnar sögur? Alls staðar eru sögur. Og öll filum við sögur. Líka þú.

Ha?

Nei? Sagðirðu nei?

Jú, víst. Þú gerir það víst. Veistu hvernig ég veit það? Ég veit það vegna þess að alltaf þegar einhver í kringum þig byrjar að segja sögu eða brandara („Einu sinni var maður sem ...“) þá sperrast upp á þér eyrun og það kviknar á heilanum í þér. Skilningarvitin lifna sjálfkrafa við. Þau búa sig undir að taka við upplýsingum – taka við sögunni sem er í vændum. Skilningarvitin elska frásagnir, heilinn í þér fílar sögur og hjartað gerir það líka.

Einu sinni var maður sem var svo lítill að hann var hola.

Þessi brandari gæti seint talist vera smásaga, enda innihalda smásögur yfirleitt flóknar og samsettar persónur á meðan brandarar komast upp með að státa af einföldum og grunnum persónum. Samt er þessi brandari líka einföld frásögn; eins konar saga. Þessi líka:

Einu sinni voru tveir tómatar að labba á gangstétt. Annar þeirra fór yfir götuna, en þegar hinn ætlaði líka að fara yfir götuna kom bíll og keyrði yfir hann. Þá kallaði sá fyrri: „Ertu ekki að koma þarna tómatsósan þín?“

Tómatsósubrandarinn er örlítið flóknari frásögn og hann er í miklu uppáhaldi hjá leikskólabörnum. Hann inniheldur allan grunninn sem mjög einföld saga þarf að innihalda: Persónur, aðstæður, upphaf, miðju og endi. Eitthvað breytist úr einu í

annað: Tómatgur breytist í tómatsoú! Ógeðslega myndið, sérstaklega af því að leikskólabörn ELSKA tómatsoú!


Hér er annar brandari sem leikur sér að viðtakandanum og platar hann:

Hvað sagði Tarzan þegar hann sá fílana koma gangandi yfir hæðina? Hann sagði: „Þarna koma fílarnir gangandi yfir hæðina.“

En hvað sagði Tarzan þegar hann sá fílana koma gangandi yfir hæðina með sólgleraugu? Hann sagði ... (Sko, svarið er aftast í bókinni.)

Hvert er þessi brandaraumfjöllun að leiða okkur? Hún leiðir okkur að því að sama, hvað sem hver segir þá fílum við öll sögur í einhverju formi. Sum okkar horfa mikið á kvikmyndir, aðrir leggjast í bækur eða fara í leikhús og enn aðrir elska að kunna og segja marga brandara.

Alls staðar er verið að segja sögur. Á ósköp venjulegum skóladegi heyrir þú ótal sögur frá vinum þínum („Veistu hvað kom fyrir Siggú í íþróttatíma?“) og þú segir sjálf(ur) ótal sögur („Veistu hvað mamma gerði þegar ég kom heim úr skólanum í gær?“). Allar slíkar frásagnir hafa sama grunninnihald og




smásögur, skáldsögur og bíómyndir: Persónur, aðstæður, upphaf, miðju og endi. Og alltaf leggjum við sjálfkrafa við hlustir með áhugasömum skilningarvitum.

Alls staðar er verið að segja sögur. Sumar fá okkur til að gráta – þær eru dramatískar. Aðrar fá okkur til að hlæja – þær eru kómískar. Enn aðrar fá okkur fyrst og fremst til að hugsa, sjá lífið í nýju ljósi, skilja aðrar manneskjur betur. Eða skilja okkur sjálf betur. Góðar sögur fá okkur til að gera þetta allt á sama tíma: Hlæja, gráta, hugsa, skilja.

Virkilega góðar sögur fá okkur til að breytast. Innra með okkur. Fá okkur til að breyta um viðhorf og sjá heiminn í nýju ljósi. Það gildir líka um sögurnar í þessari bók. Þær eru mjög ólíkar. En samt flokkast þær allar sem smásögur. Hvernig í ósköpunum má það vera?

Hvað einkennir smásögur?

Úff. Þetta er alltof erfið spurning ... má ég svara henni eftir hádegi árið 2059? Hvað einkennir smásögur? Tja, ef maður fer t.d. á Netið og leitar fyrir sér kemur í ljós að um þetta



mál hafa verið skrifaðar mjög, mjög, mjög margar bækur. Og höfundar þessara bóka eru mjög oft ósammála. Okkur er því nokkur vandi á höndum – hugmyndir

manna um hvað teljist smásaga eru ekki bara ólíkar heldur hafa þær tekið ýmsum breytingum í gegnum tíðina.

„En hvenær byrjar formálinn?“ Svar: „Hann er löngu byrjaður – ég náði að plata þig til að byrja að lesa hann ...“)

Sumum hefur t.d. fundist smásaga þurfa að vera mjög skipulega uppbyggð, um það bil svona: Fyrst gerðist A og svo gerðist B og svo gerðist C vegna þess að D var ekki nógu góður og það leiddi til E sem á endanum, eftir smá flækjur með F, leiddi til G. Sem sagt:

A, B, C, D, E, F, G = ENDIR

Aðrir hafa líka viljað líta á annars konar texta sem smásögur, texta sem hefur ekki endilega skýrt upphaf, skýra miðju og skýran endi. Texta sem er undarlegur, ljóðrænn, draumkenndur og stundum óreiðukenndur og erfiður til skilnings; texta sem ruglar lesandann í ríminu frekar en að útskýra fyrir honum nokkurn skapaðan hlut.

Slíkir textar fela jafnvel ekki í sér neina beina sögu. Samt geta þeir vel flokkast sem smásögur. Í einum skilningi þýðir orðið „smásaga“ því einfaldlega „stuttur texti eða frásögn“ – smásaga þarf ekki endilega að vera saga í hefðbundnum skilningi.

Í rauninni dugir þér að vita þetta:

- Smásaga er nægilega stutt til að þú getir innbyrt og skynjað hana í einum lestri.

- Smásaga segir yfirleitt ekki frá mörgum aðskildum atburðum, en hún getur vísað í ýmsa atburði fyrir utan söguna og sagt frá þeim óbeinum orðum.
- Smásaga felur oft í sér að sögupersónur (ein eða fleiri) upplifa breytingu á lífi sínu í gegnum erfiða, ánægjulega eða flókna atburði.
- Smásaga er saga sem segir ekki alla söguna – hún treystir því að þú lesir á milli línanna.
- Smásögur eru oft annaðhvort knúnar áfram af sterkum söguþræði eða ákveðinni stemningu og andrúmslofti.

Þess vegna er mikilvægt að þú lesir gátlistann í lok formálans – um það hvernig gott er að lesa smásögur og aðra bókmenntatexta með augun opin og með því hávísindalega tóli sem þú geymir undir höfuðleðrinu og nefnist heili.

Hvað skiptir þá máli í smásögunni sem ég les hverju sinni?

Allt skiptir máli. Titillinn, orðanotkunin, nöfn persóna, staðsetningar, tímasetningar, árstíðir, inni/úti, vísanir í önnur bókmenntaverk eða menningu. Allt skiptir máli þegar við lesum sögurnar. ALLT!



Af hverju skiptir ALLT í sögunni máli? Vegna þess að smásaga er það sem við köllum merkingarheild. Höfundur hennar ákvað að setjast niður til að skrifa söguna og varði til þess vissum tíma, kannski samtals 2–3 mánuðum. Á þeim tíma fékk hann alls kyns hugmyndir sem rötudu inn í söguna og gerðu hana betri og skemmtilegri. Þegar höfundurinn hafði skrifað nægju sína og var orðinn ánægður með söguna ákvað hann að loka henni – setja punktinn aftan við sína vinnu. Með því að gefa söguna út (t.d. í þessari bók) má segja að höfundurinn hafi pakkað henni inn í umbúðir og komið í veg fyrir að henni yrði breytt meira.

Sagan lokast inni, ef svo mætti að orði komast. Og þá fær-ist allt valdið yfir til lesandans. Höfundurinn sleppir tókunum á sinni vinnu – það er lesandinn sem opnar pakkann og metur allt sem í honum er. Og af því að höfundurinn er líka mann-eskja af holdi og blóði er líklegt – og reyndar mjög sennilegt – að í sögunni sé ýmislegt að finna sem höfundurinn setti alls ekki þangað viljandi. Að skrifa sögu er nefnilega ekkert líkt því að fylla út reiti í Excel-skjali. Að skrifa sögu er lífrænt og sjálfstætt ferli sem enginn hefur fullkomið vald yfir, ekki einu sinni allra færustu rithöfundar.

Líkjum þessu við að höfundurinn hefði pakkað ofan í ferðatösku og við værum núna að gramsa í henni. Í töskunni er ýmislegt sem hann ákvað sjálfur að pakka niður (tann- bursti, tannkrem, nærbuxur, nefháraklippur, sólarvörn, mynd af mömmu, landakort) en þar er líka margt sem tengist höf-

undinum óbeint og endaði þar fyrir slysi. Í buxnavasa er kannski kvittun úr búð upp á bland í poka fyrir kr. 1.496.-, á botni töskunnar eru nokkrar fjaðrir af páfagauki, í bók sem hann greip úr hillunni til að lesa á ferðalaginu er ástarbréf frá kærustunni.


Við getum kannski ekki lært að þekkja höfundinn eða ætlun hans til fulls með því að skoða ferðatöskuna hans. En að skrifa sögu er að mörgu leyti tilviljanakennd aðgerð og því getur verið ýmislegt í sögu sem höfundurinn vissi ekki af sjálfur. Svona rétt eins og hægt er að komast að ýmsu um þig með því að skoða ruslatunnuna þína.

Það er því einhver ástæða fyrir öllu í sögunni. Ekki endilega meðvituð ástæða en ástæða engu að síður. Allt sem er í sögunni getur gefið okkur vísbendingar um efni hennar og leitt okkur áfram að því að skilja um hvað hún fjallar í raun og veru.

Allt.


Aldrei gleyma því.

Og í knöppu frásagnarformi eins og smásögunni öðlast tákni og aukamerking hlutanna alveg sérstaklega mikið vægi.



Þú ert Erlendur, góðan daginn

Auðveldasta leiðin til að útskýra bókmenntagreiningu er að líkja henni við lögreglurannsókn á vettvangi glæps. Þegar þú lest bók ertu í raun Erlendur lögreglumáður.



Þú mætir á staðinn og reynir að gera þér grein fyrir hvað gerðist. Í fyrstu tekurðu eftir augljósum staðreyndum sem blasa við þér, en eftir því sem þú gefur þér meiri tíma til að rannsaka finnurðu

óvæntar vísbendingar sem leynast í skúmaskotum. Smám saman geturðu gert þér grein fyrir hvaða glæpur hefur átt sér stað – hvað gerðist og hvers vegna; hver framdi glæpin, af hverju hann gerði það og hvar hann er hugsanlega að finna.

Hið sama gildir í bókmenntagreiningu. Þú kemur auga á alls kyns smáatriði og skrifar þau niður á blað. Með því öðlast þú heildarmynd sem gerir þér kleift að greina söguna og segja eitthvað á þessa leið: „Þessi smásaga fjallar í raun um bla bla og bla bla og líka ble ble og blí blí.“ Bókmenntagreining snýst nefnilega ekki um að endursegja atburðarás sögunnar; hún snýst um að finna það sem liggur á bak við atburðarásina, finna það sem enginn sér.

Og það get ég sagt þér í fullri hreinskilni að því fylgir mikil og djúp ánægja að lesa smásögu vel og vandlega, jafnvel oftar en einu sinni, og komast svo loksins að því um hvað hún fjallar í raun og veru.

Að sjá í gegnum söguna. Að skilja söguna. Að skilja persónurnar. Að skilja höfundinn.

Og skilja sjálfan sig betur í leiðinni.

Allt þetta geta bókmenntir gert. Þannig að: Eftir hverju ertu eiginlega að bíða?

Lestrarleiðbeiningar

Að hverju á að leita? Hafðu t.d. eitt A4-blað við höndina þegar þú lest smásögu og punktaðu niður þegar þú kemur auga á eftirfarandi:

Tími dags

Tími árs

Staðsetning (Ísland/útlönd)

Staðsetning (Reykjavík/landsbyggðin)

Staðsetning (miðbær/úthverfi)

Sviðsetning (Hvar á sagan sér stað?)

Á heimili? Í náttúrunni?)

Persónur og tengsl þeirra – er jafnvægi eða ójafnvægi? Er valdabarátta þeirra á milli?

Nöfn persóna

Útlit persóna

Persónueinkenni þeirra

Litanotkun höfundar

Sögumaður og afstaða hans

Sögulegur tími (nú tími, fortíð)

Andstæður í sögunni

Tímaflakk í sögunni

Orðanotkun sögumanns

Orðanotkun persóna

Vísanir í önnur bókmenntaverk

Vísanir í aðra menningu (t.d. kvikmyndir
eða leikrit)

Vísanir í samfélagslegar staðreyndir

Félagsleg staða persónanna

Önnur tákn (fánar, kross, trúarmerki, form)

Vörumerki

Tónlist

Myndlist

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson

Gegnum eld og reyk

Draumurinn breytist í martröð. Það gerist nótt eftir nótt. Ég sé logana sleikja gluggakarma, rífa í sig gardínur, sprengjagler, hvæsa og ýlfra. Svartur reykjarmökkurinn fyllir loftið, en það eina sem kemst að í huga mínum er hvort einhver sé inni í húsinu. Nei, ekki bara einhver heldur hún, sem ég veit ekki með vissu hvar er. Veit ekki einu sinni hver hún er. Díana með koparrautt hárið og stóran, grænköflóttan klútinn um hálsinn. Dökk augun dýpri en nokkur ævintýrabrunnur. Ég reyni að hrópa á hjálp en orðin sitja föst í hálsinum á mér og um leið vakna ég bullsveittur með sængina þvælda um mig. Þegar ég sest upp í rúminu finn ég brunalykt sem ég veit að er ímyndun. Hún hlýtur að vera horfin úr peysunni minni fyrir löngu.

Þessi draumur á sér skýringu svo ég þarf ekki að óttast að ég sé að verða ruglaður. Samt ligg ég einsog lamaður og rifja upp aftur og aftur það sem gerðist. Ég reyni líka að komast til botns í hvernig fimmtán ára skólastrákur getur breytt litlu hversdagsatviki í leiftrandi minningu. Mitt helsta áhuga-

mál er að taka myndir, ekki ljósmyndir heldur hreyfimyndir. Súmma að og frá, láta sjónarhornið ráða hvernig eitthvað er sagt eða gefið til kynna. Ég byrjaði fyrir löngu að æfa mig á gömlu vélina hans pabba og það gekk bara vel. Svo eignaðist ég sjálfur alvöru kameru. Ég veit ekki af hverju ég er svona upptekinn af þessu, en mamma segir að ég sé upprennandi snillingur. Aðrir segja örugglega að ég sé bara sér á parti og sumir halda kannski að ég sé hálfgerður nörd. Innst inni er ég feiminn og ég á fáa vini. Oftast leiðist mér líka í skólanum og langar mest til að vera einhvers staðar úti með myndavélina að prófa mig áfram.

Það var einmitt einn af þessum drungalegu dögum þegar skólinn var alveg að ganga af mér dauðum. Ég ákvað að skrópa í líffræði og nota tímann til að gera eitthvað af viti áður en febrúarmyrkrið helltist yfir borgina og gerði allar myndatökur nær ómögulegar. Ég var að hugsa um efni í stuttmynd og ætlaði að skoða tökustað við Drekan, sjoppuna þar sem krakkar úr skólanum hanga oft tímum saman. Þess vegna gekk ég í rólegheitum eftir Njálsgötunni með skólatöskuna á öxlinni og hafði veitt myndavélina upp af botni hennar. Þegar ég nálgæðist hornið þar sem sjoppan er fór ég að horfa í gegnum linsuna og staðnæmdist um stund. Bílar óku fram hjá og nokkrir vegfar- endur gengu niður eftir götunni. Skyndilega opnuðust dyrnar á Drekanum og út kom stelpa í gulum jakka. Um leið og hún steig niður þessa einu tröppu við innganginn í sjoppuna braust

sólin fram úr skýjum og það birti allt í kringum okkur. Koparrautt hárið á stelpunni varð einsog logandi bál rétt í svip. Ég veit ekki hvar ég lærði þetta orð, koparrautt, en vissi strax að það átti við um litinn á hárinu á henni. Það var einfaldlega koparrautt. Grænköflótti klúturinn sem hún var með um hálsinn gerði það að verkum að hún leit út eins og persóna í sérstöku hlutverki. Gulur jakki, grænköflóttur klútur, koparrautt hár. Ég virti hana fyrir mér og fylgdi henni eftir með myndavélinni á meðan hún gekk í áttina til mín. Mér fannst hún passa fullkomlega í stuttmyndina mína. Þess vegna stóð ég bara og glápti og var ekkert að hugsa um að hún væri um leið að horfa á mig. Það var ekki fyrr en hún var komin fast upp að mér að ég hrökk við og lét myndavélina síga. Horfðist í augu við hana og reyndi að setja upp einhvern afsökunarsvip sem var örugglega ekki sannfærandi. Hún var komin fast upp að mér, tók um handlegginn á mér, lyfti vélinni upp og brosti fallega.

- Af hverju ertu að mynda mig? spurði hún.
- Ég ætlaði ekki ... byrjaði ég.
- Þú varst að taka mynd af mér.
- Ég veit það, en það gerðist eiginlega óvart.

Hún sleppti takinu á handleggnum á mér en stóð kyrr og var auðsjáanlega að bíða eftir að ég segði eitthvað. Ég varð að reyna að útskýra þetta.

- Ég er að ... undirbúa ... þú veist ... svona stuttmynd, sagði ég. Orðin komu slitrótt út úr mér, eins og það væri ekki alveg í lagi með mig.

- Spannandi, sagði hún. – Passa ég kannski í hlutverk í henni?

- Kannski, svaraði ég. – Ég á sko eftir að plana þetta betur ...

- Ekki vera svona vandræðalegur, sagði hún. – Mér er alveg sama þótt ég verði ekki með.

Það sem byrjaði svona óvænt og aulalega varð samt ekki eins glatað og ég bjóst við. Áður en ég vissi af vorum við lögð af stað niður eftir götunni. Gengum þarna saman og hún fór að tala um ástandið í heiminum. Það var eitthvað heillandi í fari hennar og orðin sem hún notaði voru mér sum framandi. Fastistar og heimsvaldasinnar voru að leggja allt í rúst. Við áttum að bregðast við. Á Íslandi vantaði fleiri aðgerðasinna, meiri andspyrnu og ýmislegt fleira. Hún sagðist halda að það væri best að vera anarkisti og nefndi síðan margt sem ég hafði aldrei velt fyrir mér í neinni alvöru, en hún virtist þekkja af eigin raun. Ég lagði örugglega fátt til málanna en hlustaði og veitti henni alla mína athygli. Það var auðvelt. Ég óskaði þess að gatan væri miklu lengri en þessi stutti spölur fram undan.

- Hvað heitirðu? spurði hún skyndilega.

- Þórður, svaraði ég. – Eða Doddi. Ég er oftast kallaður Doddi.

- Svolítið gamaldags, sagði hún og nam staðar. – Mér finnst það ekki alveg passa við þig. Sem kvikmyndagerðarmann á ég við. Dodds væri betra. Ég kalla þig það.

Hvernig bregst maður við þegar einhver, og ég tala nú ekki um stelpa eins og þessi, ákveður bara alveg upp úr þurru

að gefa manni nýtt nafn? Sárnar manni eða verður kannski svolítið reiður yfir því að henni líki ekki nafnið manns? Ég fann ekki fyrir þeirri tilfinningu. Fannst ég alveg geta notað Dodds, ef það væri málið.

- Dodds og Díanana, sagði hún. – Það hljómar vel saman.

Hét hún þá Díanana eða var það kannski tilbúið nafn sem hljómaði betur en það sem var hennar raunverulega nafn? Dodds og Díanana. Díanana og Dodds. Átti ég að spyrja hvort hún héti eitthvað annað?

- Það er svo fátt sem við getum ráðið, sagði hún. Ég vil fá að ráða hvað ég er kölluð. Það er nú það minnsta.

Ég var alveg ringlaður. Hugsanir mínar komnar á fleygi-ferð. Hvert vorum við að fara og hvers vegna lét ég hana ráða ferðinni? Hún hafði pikkað mig upp í gegnum linsuna. Þetta var næstum eins og í bíómynd. Mér hefði kannski liðið betur ef það sem var að gerast hefði blasað við mér í ferköntuðum ramma.

- Hvernig verður myndin? spurði hún. – Á hún að vera ögrandi eða hræðileg?

- Bæði, svaraði ég, án þess að hugsa mig um og sá fyrir mér senu þar sem hún, Díanana, var að berjast við einhvers konar djöful í mannsmynd. Furðulegt að mér skyldi detta það í hug, því ég var ekkert að þæla í hryllingsmynd eða neinu svoleiðis.

Ég fann að mig langaði mest til að halda áfram með einhvers konar töku. Þess vegna brá ég myndavélinni á loft og lét

hana fanga það sem fyrir augu bar, götuna fram undan, bíla-stæði, húsaröð og gangstéttarbrún. Díana fylgdist með mér og um leið var eins og hún stjórnaði því sem ég var að gera. Hvers vegna var ég allt í einu farinn að ganga í þveröfuga átt án þess að vita hvert ég var að fara? Hún réð ferðinni og ég fylgdi henni ósjálfrátt eftir. Þannig náði ég frábæru skoti þegar hún hoppaði upp á steiptan vegg og lék jafnvægislistir. Fyrir mér var hún dansandi fugl með tré og himin í baksýn. Hún sneri sér að mér og spurði hlējandi hvort ég vildi ekki vera með í leiknum, sagði að ég væri frekar fyndinn með þessa myndavél til að fela mig á bakvið.

- Ekki vera svona spéhræddur, sagði hún. Það er allt í lagi að gera bara það sem mann langar til.

- Ég geri það líka, svaraði ég.

Í næstu andrá var hún komin þétt upp að mér, greip undir handlegginn á mér og við tókum á rás eftir gangstéttinni. Ég gat ekki lengur myndað og mátti hafa mig allan við að elta hana. Eftir stutta stund stóðum við á næsta horni og Díana benti á hrörlegt hús sem ég hafði oft tekið eftir.

- Hérna er Grenið, hvíslaði hún.

- Grenið?

- Við notum það fyrir miðstöð.

Ég var eitt spurningarmerki. Sá auðvitað strax að þetta hlaut að vera mannlaust hús, sennilega dæmt til niðurrifs ef marka mátti krotið á ryðguðu bárujárninu og glugga sem var búið að negla tréplötur fyrir. Um leið rámaði mig í að hafa

heyrta eitthvað um að ungt fólk hefði hreinlega brotist inn í mannlaus hús og sest þar að í leyfisleysi. Hústökufólk var það víst kallað.

- Ert þú í svona hústökuliði? spurði ég og reyndi að láta spurninguna hljóma eðlilega.

Díana hristi höfuðið og sagði að ég væri ótrúlega spekingulegur. Þetta væri bara svona staður þar sem hægt væri að kíkja inn til að hitta fólk sem væri á móti snarbiluðu þjóðfélagi. Á meðan við röltum gegnum húsasund og inn í bakgarðinn sagðist hún vera á móti spillingu og gróðafíkn.

- Þú veist, Dodds. Það er ekki endalaust hægt að kúga fátæka og lifa í gerviheimi þar sem enginn hugsar um annað en peninga.

Ég lyfti myndavélinni, beindi henni að hálfhrundum tröppum sem lágu upp að bakinngangi hússins. Díana hljóp þar upp og barði að dyrum. Hún beið, en bankaði síðan aftur, óþolinmóð. Í sömu svipan var opnað. Strákur með úfið hár og gleraugu gægðist út. Díana benti á mig og ósjálfrátt færði ég myndavélina aftur fyrir bak til að hún sæist ekki. Strákurinn í dyrunum kinkaði kalli og Díana gaf mér merki um að koma. Ég hikaði og fann að ég var fullur efasemda. Hún fór að hlæja og sagði stríðnislega: - Þú þarft ekkert að vera hræddur. Þetta eru bara venjulegir krakkar. Smá mótmæli í gangi sem er gott.

- En ég hélt að þetta væri ólöglegt ...

- Heyrðu, við tökum þátt í alls konar ólöglegum aðgerðum án þess að fatta það sjálf. Á hverjum degi.

Ég gat ekki annað en látið undan, stökk upp tröppurnar og fór á eftir henni inn í hálfdimma forstofu. Þar sagði hún mér í mörgum orðum frá því hvað hústökuliðið væri að þæla. Systir hennar tilheyrði í rauninni hópnum sem væri ekki þarna að staðaldri. Þetta væri eiginlega birgðastöð. Við héldum áfram inn í rökkvað húsið og komum inn í stórt herbergi sem var gal-tómt en veggirnir graffaðir í skærum litum. Gluggi sneri að götunni en glerið var atað málningu svo það sást varla út. Ég náði samfelldu skoti af veggnum og glugganum, en birtan var erfið. Dána vildi að við héldum áfram. Úr herberginu var geng-ið beint inn í eldhús sem var fullt af drasli. Þar sat strákurinn sem hafði komið til dyra við borð og á móti honum stelpa sem hlaut að vera systir Diónu. Þau sátu bæði á stórum trékössum. Skeggjaður strákur stóð og hallaði sér upp að dyrastaf og reykti.

- Þetta er Dodds, tilkynnti Dána. Hann er ótrúlega feim-inn kvikmyndagerðarmaður.

Ég lyfti myndavélinni eins og til að staðfesta það sem hún sagði og skotraði augum um þessa rökkvuðu vistarveru. Þarna var hluti af innréttingu með vaski og stórar skellur á veggnum fyrir ofan þar sem skápur hafði einhvern tímann verið. Vaskurinn var fullur af glösum og bollum og á borðinu við hliðina hálf-tómar gosflöskur, dósir og kexpakkar.

- Þú gætir gert heimildarmynd um Grenið, sagði sá með gleraugun.

Ég kinkaði kalli, reyndi að virðast áhugasamur. Það var vond lykt þarna inni, fúkkalykt og einhver önnur fýla. Á borðinu

var stórt, logandi kerti. Einhverjir pappírar líka. Það var líkast því að þau væru að vinna að einhverju og við hefðum kannski truflað þau. Sá með gleraugun spurði hvort við vildum kaffi. Díana þáði það en ég hristi höfuðið og sagðist ekki drekka kaffi. Sá skeggjaði skenkti henni kaffi úr hitabrúsa. Díana útskýrði fyrir mér að það væri ekkert rafmagn í húsinu og heldur ekki vatn. Þau yrðu að koma með kaffið með sér. Upp við einn vegginn voru staflar af alls konar matvöru, en líka blöð og bækur, geisladiskar og nokkrar ferðatöskur.

- Var allt þetta dót hérna? spurði ég og benti á staflana.

- Nei, við söfnum því sjálf, svaraði systirin. Þetta er dót sem fólk er búíð að henda og við hirðum það úr ruslagámum. Fólk hendir öllu mögulegu sem okkur finnst gott að geta notað.

- Þetta er næstum eins og í Góða hirðinum, sagði ég. Þar fæst svona gamalt drasl.

Ég áttaði mig á því um leið og ég sleppti orðinu að það væri kannski óviðeigandi að kalla þetta drasl. Þau voru samt ekkert að gera athugasemd við það. Systirin teygði sig eftir gömlum gettóblastar og tókst eftir svolítið bras að koma honum í gang. Tónlistin var með einhverjum gaur sem söng við gítarundirleik. Ég kannaðist ekki við lagið. Líklega gömul hippatónlist. Ég handfjatraði myndavélina, langaði til að ná einu skoti af þeim við borðið. Systirin hreyfði höfuðið og hendurnar í takt við tónlistina. Á bak við hana sást hár blaðastaffli og ferðatöskurnar. Forljót mynd af grátandi barni við hliðina á töskunum. Sá skeggjaði kveikti sér í nýrri sígarettu

og spurði hvort ég væri til í að mynda smá mótmæli sem þau ætluðu að standa fyrir.

- Hérna? spurði ég.

- Nei, maður. Niðri í bæ auðvitað. Við verðum á Austurvelli að mótmæla ríkisstjórninni sem er að setja allt til andskotans. Allir sem ráða einhverju á Íslandi eru bilaðir og hugsa ekki um neitt nema rassgatið á sjálfum sér. Við viljum byltingu!

- Lifi byltingin, sagði systirin og Díana, sem var búin að reisa eina af ferðatöskunum upp á endann og tylla sér á hana, kreppti hnefann og sagði: Burt með spillinguna!

Á borðinu fór sími að hringja. Sá með gleraugun svaraði og hlustaði þungur á brún. Stökk síðan æstur á fætur og sagði:

- Þeir eru að gera rassíu!

- Djöfuls vesen, sagði sá skeggjaði.

Díana leit snöggt á mig og brosið var alveg horfið af andliti hennar: - Við verðum að fara!

Allt var í uppnámi. Systir Díönu var rokin út í forstofuna en sneri strax aftur og kallaði að það væri of seint að fara þar út. Við yrðum að finna aðra undankomuleið. Díana benti mér að koma um leið og hún opnaði lúgu í eldhúsgólfinu og hvarf niður um hana. Að utan heyrðist háreysti. Ég elti hana niður brattan kjallarastigann.

- Lokaðu á eftir þér, hvíslaði hún skipandi.

Ég lokaði hleranum fyrir ofan mig. Það var koldimmt í þröngum stiganum og ómögulegt að sjá handa sinna skil í

kjallaranum, en Dána hafði líklega komið þangað áður. Ég hlustaði eftir röddum en gat ekki greint orðaskil. Heyrði bara að það voru fleiri en einn sem þrammaði um gólfid yfir höfðum okkar. Dána tók um hönd mína og ég elti hana inn í myrkrið. Við fórum í gegnum þröngt dyraop, fram hjá einhverju skjáfandi drasli og á endanum húktum við hálfbogin á bak við eitt-hvað sem líktist gamalli hurð og hallaðist upp að vegg.

- Ég held að þeir komi ekki hingað, hvíslaði Dána þétt upp við mig.

Það var kalt og ömurlegt þarna í myrkrinu. Ég hugsaði eiginlega bara um hvað ég hefði verið vitlaus að láta plata mig inn í þetta greni. Gat ekki hugsað þá hugsun til enda ef löggan ætti nú eftir að finna mig þarna og kenna mér um eitthvað sem ég átti engan þátt í. Kannski höfðu þau stolið dótinu sem var uppi í eldhúsinu. Hvar áttu þau annars heima þessir krakkar? Voru þau í einhverju rugli sem ég áttaði mig ekki á? Það brakaði í gólfborðum og við heyrðum kjallarlúguna opnast. Ljósrák þrengdi sér í gegnum myrkrið, en náði samt ekki til okkar. Líklega stóð einhver í stiganum og skimaði um kjallarann. Ég fann fyrir örum hjartslætti Diónu og heitum andardrætti. Djúp rödd sem kom að ofan sagði að þarna væri örugglega enginn og lúgunni var lokað með skelli. Myrkrið varð aftur allsráðandi.

- Þetta verður allt í lagi, sagði Dána. Við höfum lent í þessu áður. Einhver hefur kjaftað frá, kvartað við lögregluna og þá neyðast þeir til að gera eitthvað í því að hrekja okkur í

burtu. Þeir taka pottþétt allt sem við erum búin að safna.

- Hvað með hin? spurði ég.

- Þau bjarga sér. Svona er þetta bara þegar maður er á mótí kerfinu.

Eftir langa bið læddumst við aftur upp úr kjallaranum. Allt var eins og áður nema við vorum þarna tvö ein. Ég hafði stungið myndavélinni inn á mig, en nú tók ég hana fram og reyndi að ná betri töku í eldhúsinu. Það var á þeirri stundu sem ég fór að hugsa um hvað Díanana væri falleg. Mig langaði miklu meira til að ná góðri mynd af henni en þessu yfirþyrmandi eldhúsi með öllu draslinu.

- Við skulum koma okkur í burtu, sagði Díanana.

- Já, svaraði ég og súmmaði frá þannig að hún lenti inni í rammanum.

- Hættu að mynda mig! Hún bandaði mér frá sér hálfhlæjandi.

Þegar við vorum komin út úr húsinu og stóðum fyrir neðan tröppurnar í bakgarðinum sneri hún sér skyndilega að mér, teygði sig í áttina til mín og kyssti mig.

- Bless, sæti myndatökustrákur, sagði hún og var rokin af stað.

Mig langaði til að hlaupa á eftir henni, en í stað þess lyfti ég hendinni og kallaði: Sjáumst!

Enn og aftur fékk ég á tilfinninguna að ég væri mun öruggari í að



handleika myndavél en að umgangast fólk. Hvers vegna hafði ég ekki tekið utan um hana þegar hún kyssti mig? Látið hana vita hvað

mér fannst hún falleg og klár. Mér hafði ekki einu sinni hugkæmst að spyrja hana um símanúmer eða segja að mig langaði til að hitta hana aftur. Og

hún var löngu horfin úr augsyn. Ég lötraði af stað heimleiðis og hélt áfram að hugsa um hana. Það mátti reyna að sitja fyrir henni í námunda við Grenið eða einfaldlega að fara þangað upp á eigin spýtur, ef það yrði ekki lokað og læst næst þegar ég kæmi. Ég fann að ég varð að kynna henni betur. Það var örugglega ekki tóm ímyndun að hún hefði áhuga á mér. Það var ekki



laust við að mig langaði mest til að verða róttækur anarkisti og slást í hóp með hústökuliði.

Næstu daga ranglaði ég um bæinn með tókuvélina en fann mér ekkert spennandi viðfangsefni. Var mest með hugann við Díönu og Grenið. Sá fyrir mér senur og var að þæla í hvort ég gæti hannað einhverja lýsingu til að ná betri tókum innanhúss. Verst að það var ekkert rafmagn þar inni. Skoðaði tókurnar sem ég var með í vélinni. – Sæti myndatökustrákur, klingdi enn þá í eyrum mér. Á hverju götuhorni vonaðist ég til að sjá gulum jakka bregða fyrir. Kom auga á marga grænköflotta klúta en hvergi koparrautt hár. Kvöld eitt var ég staðráðinn í að bíða fyrir utan Grenið, láta mig hafa það að hanga þar fram á nótt í von um að hitta hana eða eitthvert hinna, sem gætu þá kannski sagt mér hvar ég ætti að leita. Á leiðinni heyrði ég í sírenum. Rétt á eftir kom brunabíll á fullri ferð og löggubíll með blikkandi ljós. Ég tók á rás, hljóp upp götuna og náði á met tíma þangað sem Grenið blasti við. Svartur reykjarmökkurinn staðfesti hugboð mitt. Fólk hópaðist út á götu og hljóp við fót. Slökkvistarfið virtist þegar hafið. Hróp og köll bárust víða að. Ég greip myndavélina og fangaði kol-dimman reykinn, fólkíð á götunni, blikkandi ljósin og breiða vatnsbununa sem skall á húspakinu.

- Það er fólk inni í húsinu! hrópaði einhver.

- Hústökufólk, heyrðist annar kalla.

- Bölvaður lýður, skrækta mjóróma kona í þykkum pels.

Ég reyndi að troðast nær. Vildi sjá hvort það væri virkilega

ein hver inni í Greninu. Fann óttann læðast að mér og verða að þungri öldu sem skall á brjóstinu. Nei, það var víst hitinn frá eldinum sem barst til mín. Ég súmmaði, náði skoti á glugga sem var óbrotinn. Kannski var það eldhúsglugginn. Í sama bili sprakk hann og mannföldinn hörfaði. Lögreglan átti fullt í fangi með að halda fólki í hæfilegri fjarlægð. Húsið var alelda. Ég sá sjúkrabíl mjakast í gegnum þvöguna og beygði mig niður til að komast nær. Olnbogaði mig áfram með myndavélina á lofti. Varð að fá að vita hvort Dána væri þarna eða þau hin. Náði skoti af afturhurðinni á sjúkrabílnum. Bakið á sjúkraflutningamanni byrgði mér sýn. Ég bjó mig undir að fara gegnum eld og reyk en fann um leið hvernig þrengdi skyndilega að mér. Svo varð allt svart.

Þegar ég rankaði við mér lá ég á bekk undir skæru götu-ljósi. Ókunn kona stumraði yfir mér og spurði hvort allt væri í lagi. Ég settist upp og vildi vita hvað hefði gerst. Hún sagði að ég hefði lent í troðningi og líklega liðið yfir mig.

- Myndavélin, hugsaði ég um leið. Mundi að ég hafði haldið henni á lofti.

Ég leit í kringum mig, sá að reykurinn var næstum horf-inn. Fólk var á leiðinni í burtu.

- Ég var með myndavél, sagði ég.

Konan hristi höfuðið og sagði að ég hefði líklega týnt vél-inni í troðningnum. Ég hefði örugglega ekki haldið á neinu þegar mér var bjargað úr þvögunni.

- Ég var að taka mynd ... Ég gat ekki sagt meira, vissi

að falla saman. Þetta var búið spil. Ég hafði samt rænu á að þakka konunni fyrir að hafa komið mér til hjálpar. Tautaði einhver afsökunarorð og flýtti mér heim. Vissi að ég hafði glatað tækifærinu til að ná sambandi við Díönu.

Rústirnar af Greninu eru ekki merkilegar. Aðeins kjallara-veggir og gólf eru eftir þar sem áður var heilt hús. Góð lóð fyrir athafnamenn gæti ég trúað. Ég var lengi að jafna mig eftir það sem gerðist og alltaf að vonast til að sjá Díönu bregða fyrir í gulum jakka og með grænköflóttan hálsklút. Sú hugsun læddist þó að mér að fötin hennar hefðu auðveldlega getað orðið eldinum að bráð. Sjálf hlaut hún að hafa lifað af, því annars hefði væntanlega birst mynd af henni í dánar-tilkynningum dagblaðanna. Koparrautt hárið hefði verið áberandi þar.

Ég er að safna fyrir nýrri myndavél. Verst þykir mér að ég skyldi ekki hafa rænu á að hlaða efninu mínu jafnóðum inn á tölvuna. Ég sakna þess að eiga ekki mynd af því sem ég upplifði. Næ ekki að framkalla nein afrit af graffinu í Greninu. Díana er hins vegar ljóslifandi í huga mér. Þegar ég hugsa um hana líður mér vel, alveg þar til draumurinn breytist í martröð og þeytir mér gegnum eld og reyk sem ætla mig lifandi að drepa.

Hugleiðingar

1. Berðu saman sakleysi Dodda og lífsreynslu/sjálfsöryggi Díönu.
2. Er munur á frásögn Dodda eftir því hvort hann er með linsuna uppi eða ekki? Er Doddi að nota myndavélina í vissum tilgangi?
3. Hvernig birtast viðhorf annarra gagnvart hústökufólkinu? Er sögumaður sjálfur hlynntur hústökufólki og aðgerðasinum?
4. Skoðaðu lýsingu sögumannsins á því þegar hann hittir Díönu í fyrsta sinn. Hvaðan birtist Díana? Hvernig eru kringumstæðurnar? Er lýsingin raunsæ eða draumkennd?
5. Hvaða merkingu hafa upphaf og endir sögunnar þar sem sögumaður talar um drauminn sem breytist í martröð? Er hann bara að tala um sjálfan drauminn? Eða einhvern annan draum í leiðinni?

ekki hvernig ég átti að orða hlutina. Ég stóð á fætur, leit yfir hópinn og sá að sjúkrabíllinn var farinn. Þakið á Greninu var

Auður Jónsdóttir

Reiði

Vatnið er skringilega grænt, glærgrænt eins og slý. Kannski hefur krakki pissað í laugina. Oj, nei, rólegan, rólegan, það eru engir krakkar hérna núna. Engir skríkjandi pottormar að hoppa ofan á gamlar konur í baksundi. Engar æstar smástelpur í vatnsrennibrautinni. Bara mamma, þarna í móðunni. Veifandi í snjókófinu eins og það sé 30 stiga hiti og sól og sumar og allt barasta ókei eða þannig. Vá, hvað það er langt í burtu. Allt það góða, það sem var gott. Bara núna síðast í sumar, já þegar ég vissi ekki að það væri svona gott að því mig grunaði ekki að allt gæti orðið svona ömurlegt. Dæmigert mamma að vilja fara í sund. Bara eins og allt lagist við að busla í klórvatni. Hókus pókus, ble ble. Er verið að djóka í manni eða hvað? Getur allt verið svona svakalega glatað en allir látið eins og ekkert sé. Bara alveg sama.

Katla, Katla mín! hrópar hún í gufusoðinni snjódrifunni og baðar út öngum eins og spriklandi draugur. Æst í að allir sjái hana því hún er von að öllum finnist hún svo sæt og kúl. Heldur að hún sé til bara svo aðrir geti dáðst að henni eins og sólinni. Af hverju er hún með þessa asnalegu blómasund-

hettu alltaf? Treður henni yfir flotta, gyllta hárið sitt. Og af hverju finnst öllum asnalega sundhettan svona smart? Hún er ógeð.

- - -

Já, ókei, ókei. Ég veit ég á að vera góð við hana. Hún á bágt. Grét í alla nótt. Alveg þangað til í morgun, þegar hún staulaðist fram úr sófanum og hellti upp á te, gamalt jólate úr búrskúffunni, og sagði mér að taka saman sundfötin mín.

Hvað með skólann? spurði ég og blés tereyknum frá mér; lyktin af jólakryddum er óbærileg í apríl, já og líka snjór, fáránlegt að búa í landi þar sem snjóar í apríl.

Suma daga hættir veruleikinn að virka, svaraði hún fjar-ræn. Eiginlega alveg ópolandi hátíðleg. Og hvað átti hún svo sem við með því? Hún er alltaf að bulla, það er alveg satt hjá ömmu. Hún ætti nú að þekkja hana. Eða? Það myndi væntanlega þýða að mamma ætti þá að þekkja mig í öreindir. Glætan. Pabbi þekkir mig betur. Og hann þekkir hana, hann veit að hún bullar. Hann nennir ekki að hlusta lengur á allt bullið.

Hann er farinn, já, er að fara. Pakkar ofan í tösku meðan hún buslar þarna eins og hálfviti. Og ég bara sit hérna, eins og allt sé venjulegt, þetta sé einn af þessum grilljón venjulegu dögum. Stundum efast ég um að það sé eitthvað til sem heiti venjulegur dagur. Maður fattar það bara ekki fyrr en eftir á

hvað margt skrytið gerðist á öllum þessum venjulegu dögum. Eins og mamma og pabbi. Þau ákváðu ekki bara allt í einu að skilja. Það gerðist smám saman, hægt og bítandi, á þúsund, trilljón, milljón venjulegum dögum. Alveg síðan ég man eftir mér. Þá voru þau ástfangin en samt byrjuð að skilja, svona eins og barn byrjar að deyja daginn sem það fæðist.

Nei, hjálp! Þetta er ekki að gerast. Þarna eru Frikki og Sólrún! Í barnalauginni að kyssast!

- - -

Hversu seinheppin get ég verið? Ég er ekki hérna, öll grátbólgin og asnaleg. Plops, niður í vatnið! Nasirnar fyllast af vatni, höfuðið sekkur á undan stútfullum huganum, nefið blæs vatnsbólum upp á yfirborðið, ég ætla að sökkva dýpra og dýpra, niður á botninn og lengra, alla leið inn í annan heim, já, til Kína þar sem enginn þekkir mann. Lungun vilja loft, ég neyðist til að koma aftur upp á yfirborðið.

Katla! Katla! kallar mamma. Skrækirnir borast inn í eyrun meðan ég dreg djúpt andann. Þau eru búin að sjá hana. Stara, flissa og kyssast. Kyssast og flissa meira. Mistök að kafa ofan í vatnið. Hún er pottþétt búin að kalla lengi. Ég vildi óska að ég væri með tálkn.

Katla, heyrirðu ekki í mér? Sjáðu, þarna er hún Sólrún vinkona þín! Með pilti. Ætlarðu ekki að spjalla við þau?

Ég dey.

Sólrún! galar hún og baðar móðunni frá sér. Sólrún mín, hún Katla er þarna, elskan. Viltu ekki heilsa upp á hana?

Ég er dáin.

- - -

Hæ Katla, kallar Sólrún vandræðaleg. Frikki tekur undir kveðjuna og þrýstir henni upp að sér svo þau líta út eins og síamstvíburar þarna undir filarennibrautinni. Nema hvað hann er með svart, krullað hár og ennþá svartari augu en hún ljóshærð eins og álfadís með grænustu augu sem ég hef nokkur tímunn séð.

Já, hæ, segi ég og syndi inn í móðuna. Burt frá þeim. Til mömmu sem skilur ekki neitt. Ætlaðu virkilega ekki að tala meira við hana Sólrúnu? básúna hún yfir allt. Teinrétt og gleið í sundleikfiminni sinni, teygir skankana í allar áttir eins og allt sé eins og það eigi að vera. Eins og pabbi verði heima á eftir þegar við komum heim, eins og við séum bara að fara að plana kvöldmatinn eftir sundið og þjarka í mesta lagi um hvort það sé sniðugt að leigja mynd eða ekki. Hún er svo taktlaus. Fattar ekki að fólk hefur tilfinningar. Fattaði það augljóslega ekki þegar hún fann sér kærasta, bara eins og hún væri ekki gift og við pabbi værum ekki til.

- - -

Það er mannlegt að gera mistök. Gerðu það hlustaðu á mig? Það hún pabba sem starði á hana eins og hann hefði verið fylltur með klakapokum. Mamma kveinkaði sér undan augnaráðinu; stóru, bláu augun vöknuðu svo maskarinn lak niður kinnbeinin og varirnar herptust saman í línu. Hún hætti að líkjast sjálfri sér með þykku, fallegu varirnar sem einhverjir karlar úti í bæ kusu *Heitustu Varir Íslands* í asnalegu karlatímariti. Á endanum leit hún undan og mætti augum mínum þar sem ég stóð í eldhúsgættinni. Henni brá, samt sagði hún ekkert, spurði ekki einu sinni hvort ég hefði vaknað við rifrildið í þeim. Svo leit hún aftur á pabba, biðjandi á svip. Minnti mig á Snata þegar hann sníkir við borðið.

En pabbi var áfram ískaldur. Eftir langa þögn sagði hann bara: Þú hittir þennan mann á hverjum degi í heilt ár, Stella! Það eru samtals 365 mistök. Flestir reyna að læra af einum mistökum.

Hún brast í grát. Grét og liðaðist niður á gólf, grét hátt með ekkasogum og stórum tárur. Vonaðist ábyggilega til að ég faðmaði hana. Það hvarflaði að mér en ég gat ekki hreyft mig. Stóð frosin í sömu sporunum, rétt eins og ég hefði líka verið fyllt af blýþungum klakapokum. Líka þegar pabbi gekk hægt framhjá mér, snerti öxlina á mér blíðlega og hvarf svo inn í svefnherbergi. Hann lokaði á eftir sér og skildi okkur eftir einar. Um stund fannst mér að það hefði ekki bara verið hún sem gerði 365 mistök heldur ég líka. Við tvær, bara búnar

að eyðileggja líf hans. Þungur stingur fór um magann, mig langaði að gráta en ég náði ekki einu sinni andanum.

Ég ætla að sofa á sófanum, sagði mamma bljúg, þerraði augun og píndi fram skakkt bros þegar ég kinkaði kolla. Bláu augun hennar voru óvenju þrútin og rauð. Hún fór ekki að sofa strax, þegar ég læddist inn til mín kveikti hún í eldgamalli sígarettu sem hafði legið ofan í búrskúffunni síðan á afmælinu hennar, ég heyrði hana blása reyk þótt hún kveikti á útvarpinu, hljóðin nístu hlustirnar, hvert einasta ofurlitla smáhljóð boraðist inn í hausinn meðan ég grét ofan í koddann. Loks slökkti hún á útvarpinu, rólyndislegum karli sem varaði við reglulegum jarðskjálftum á Reykjanesskaganum næstu daga, og læddist inn til mín. Hún hlammaði sér á rúmstokkinn og bað mig að skilja að þetta væri ekki henni að kenna, stundum væru hlutirnir bara öðruvísi en við vildum, þau pabbi væru eins og tveir vinir sem ættu ekkert sameiginlegt í tíunda bekk þó að þeir hefðu verið óaðskiljanlegir í barnaskóla. Þvílík líking! Ætlaðist hún til að ég félli fyrir svona ég-tala-unglingamál-bulli. Ég þóttist sofa meðan hún talaði, fyrst við mig, svo við sjálfa sig. Meðan hún þuldi upp hvernig þau hefðu verið hjón árum saman mín vegna. Dæmigert fyrir hana að klína þessu á mig. Það er aldrei neitt henni að kenna, enda er pabbi vanur að segja í gríni: Æ, fyrirgefðu Stella mín, að ég skyldi gleyma að bjarga heiminum í dag!

Hann kann að grínast að henni. Hann veit manna best hvernig hún er stundum miklu meira eins og stelpa en mamma. Hann hlær að því og biður mig að líta eftir vandræðagripnum. Mamma segir að það sé einmitt vandamálið, hún sé hún, enginn vandræðagripur. Einmitt – eða þannig! Og þá kyssir hann hana og segir að hún sé að minnsta kosti skemmtilegasti vandræðagripurinn sem hann þekki. Þó að hún hafi klesst bílinn, farið yfir á kortinu, gleymt mér í Kringlunni, stungið af til Parísar með vinkonu sinni yfir jólin, gefið fötin hans í Rauða krossinn, setið næstum nakin fyrir í þúsund tímaritum, verið burtu mánuðum saman í bíómyndatökum, lánað Lalla Jones vídeótækið okkar eftir nokkra kokkteila og drukkið alltof mikið af kokkteilum. Hún hélt áfram að vera skemmtilegasti vandræðagripurinn þangað til hún hitti annan mann 365 sinnum, eins og við værum ekki til. Við sem áttum ekki að komast að því. En því miður fyrir hana fannst manningur hún líka svo skemmtilegur vandræðagripur að hann sagði þetta allt saman í von um að hún myndi flytja til sín. Rugludallur. Asnalegur, sköllóttur sláni með krakkaandlit, kúlunebba og útstæð bambaaugu. Ég hef hitt hann nokkrum sinnum, bæði á skrifstofunni hans og á tókustað með mömmu, enda er hann umboðsmaðurinn hennar og fylgir stjórnunni sinni allt, mér fannst hann skemmtilegur þegar ég var lítil og vitlaus, nú veit ég að hann er bara smeðjulegur.

Og nú ætlar hún ekki einu sinni að vera með honum. Til hvers var hún þá eiginlega að gera þetta? Búin að fæla þetta

burt, ekkert að þæla í hvað mér finnst um það. Hann er nú einu sinni pabbi minn!

- - -

Pabbi minn sem leiðir mig ennþá þegar við förum út að ganga með Snata og tölum um allt sem okkur finnst skemmtilegt. Fótbolta, tónlist, öll ferðalögin sem okkur langar í, bíómyndir, allt þetta sem við höfum alltaf spjallað um. Hann kenndi mér að spila fótbolta þegar ég var pínulítill og við spilum ennþá fótbolta á laugardögum úti í garði. Hvað verður nú um það? Getum við aldrei framar setið saman á kvöldin og skipst á tónlist í tölvunni. Eða skoðað öll löndin í heiminum á Netinu? Hann á eftir að sakna þess jafnmikið og ég. Pottþétt meira. Hann sem er alltaf svo blíður á svipinn og hlær lágt þegar við sjáum eitthvað sniðugt í tölvunni eða þegar ég segi eitthvað fyndið. Þá kallar hann mig litlu fröken Gáfnaprik. En þegar hann kennir mér eitthvað hlær hann ekki heldur brosir með augunum svo þau verða meira mógræn en brún. Pabbi segir aldrei margt, hann heldur því fram að það sé vegna þess að hann er hljóðmaður, hann kundi því betur að taka upp spjall annarra en taka þátt í því. Sjitt! Mamma er ennþá að gala eitthvað á Sólrúnu sem gónir skælbrosandi á hana, augsýnilega ekki alveg jafnspennt fyrir því að tala við mig. Ekkert smá skrýtið þegar elsta og besta vinkona manns er allt í einu orðin ókunnug. Eða réttara sagt: besta-en-núna-

versta vinkonan. Ef ég væri hún myndi ég líka forðast mig. Þær mamma senda hvor annarri fingurkoss og Frikki flissar, skutlar sér yfir Sólrúnu svo þau detta og renna að risagíraffanum með trambólínfætturna. Hann kyssir hana á munninn. Lengi.

- - -

Ætlarðu ekki að tala við þau? Mamma gaumgæfir mig og segir að Sólrún sé búin að reyna að heilsa mér drykklanga stund. Ýkjurnar í henni. Vá, hvað ég er ekki að nenna að vera hérna með henni. Í einhverjum fáránlegum allt-er-eins-og-það-á-að-vera-leik.

Hún var ekkert að því, hreyti ég út úr mér. Hún heilsaði bara því þú stóðst þarna og veifaðir henni eins og bavíani.

Þú þarft ekki að forðast vini þína þó að við þabbi þinn séum að skilja, segir hún ýkt skilningsrík á svip. Það er ekkert til að skammast sín fyrir.

Hún er að djóka í mér. Ég nenni ekki einu sinni að reyna að leiðrétta misskilninginn. Hvernig getur hún alltaf skrumskælt allt svona. Eins og allur heimurinn sé bara eftir hennar höfði og ekkert gerist nema það sem hún sjái. Henni kemur mitt líf ekki við. Hún ákvað að eiga sér annað líf en það sem hún átti með okkur þabba. Núna getur Frú Kokkteill bara verið þar og látið okkur í friði. Það er bara gott á hana að upplifa ástarsorg. Hún hefur ábyggilega aldrei gert það áður. Þó að hún sé sextán árum eldri en ég. Hún hefur alltaf bara verið

sæta og skemmtilega konan sem allir elska að elska. Pabbi, ég og allur heimurinn.

- - -

Það líður ekki sá dagur að það standi ekki eitthvað í blöðunum um hvað mamma sé sæt. Alltaf myndir af henni skælbrosandi yfir fyrirsögnum á borð við: *Stella Finns stal senunni! Stella Finns kosin kynþokkafyllsta kona ársins! Stella Finns leikkona: Hollywood-útlit sem segir sex! Stella Finns kennir kynsysturum sínum fegurðarleyndarmálin!*

Þetta síðasta var þegar hún hélt námskeiðið. Ef konurnar þar hefðu nú bara hitt mig. Þær hefðu heimtað að fá endurgreitt á staðnum. Já, hefðu æpt upp yfir sig: Hvað er þessi ljóta stelpa að gera hérna? Þú sagðir okkur ekki að þú ættir feita, asnalega dóttur með spangir og bólur.

Ábyggilega ekki að ástæðulausu sem ég fékk ekki að aðstoða hana á þessu námskeiði eins og á leiklistarnámskeiðinu fyrir ofvirku krakkana sem slitu næstum því af mér hausinn.

- - -

Sólrún, komdu og talaðu við okkur! hrópar hún sykursætri röddu. Maður hefur ekki sést svo lengi, elskan!

Það talar enginn svona vitlaust nema hún. Það gerir heldur enginn svona eins og hún. Af hverju skynjar hún ekki að ég

er að forðast Sólrúnu. Og af hverju þykist hún vera svona hress? Maður má alveg vera í klessu þegar maðurinn manns er í þann mund að fara frá manni. Ég er ekki eins sæt og hún, því miður, en ég er sem betur fer líkari þabba í mér. Bara verst að strákar verða ekki skotnir í þabba mínum. Þeir verða skotnir í gellum eins og mömmu, já og Sólrúnu. Sæt-um, hressum gellum. Gellum sem eru ekki þunglyndar með spangir og músagróa rolluull á hausnum. Bara stelpum með fallett mjúkt hár, hreina húð, hvítar, beinar tennur og kroppa eins og skautadrottningar. Frikki verður skotinn í þannig stelpum. Hann sér ekki sólina fyrir Sólrúnu. Þínlegt að ég var búin að segja henni að ég væri hrifin af honum, bara rétt áður en þau byrjuðu saman. Og nú langar mig bara að deyja. Týnast, hverfa, gufa upp. Mér datt bara ekki í hug að hún væri hrifin af honum. Það er svo stutt síðan hún var hrifin af allt öðrum gaur, Begga í tíunda bekk. Kannski tók hún bara eftir Frikka því ég sagðist vera skotin í honum. Eiginlega grunar mig það, svona við nánari umhugsun. Og þarna kemur hún, hjálp, hjálp, hjálp! Og hann horfir á okkur. Ekkert smá augljóst að ég sé að forðast þau. Hún er ábyggilega búin að segja honum af hverju.

Hún er svoooo sæt, hún Sólrún, mjálmar mamma. Brosir sínu blíðasta og biður mig að vera ekki svona snúna, þetta sé nógu erfitt fyrir sig án þess að ég bæti gráu ofan á svart.

Mamma horfir ábúðarfull á mig, með brosið frosið á andlitinu. Meðan pabbi klárar að pakka ofan í töskuna sem við keyptum undir sólstrandafötin á leiðinni heim frá Benidorm í fyrra. Hann var búinn að taka hana til þegar við fórum. Hann leggur samanbrotna boli í hana, sokka, allar buxurnar sínar, peysurnar og bindin. Kannski líka uppáhaldsbækurnar sínar, já, kannski djassdiskana sína. Og nú brosir hún bara eins og geðsjúklingur. Sólrún horfir sem dáleidd á hana og brosir sjálf skínandi hvítu brosi, böðuð öllum litum regnbogans þegar sólargeislarnir byrja að leika í móðunni; hækkandi hitastig býr til þoku og snjókornin bráðna í volgu vatninu.

Hún er eins og álfamey í huldulandi, enda hefur Frikki ekki af henni augun. Og Sólrún hefur ekki augun af mömmu, upp með sér yfir athyglinni. Hún dýrkar mömmu. Eins og allar stelpurnar í bekknum mínum. Allar stelpur í öllum níundu bekkjum landsins. Þær ættu bara að vita um 365 mistökin hennar, hallæriskærastann umboðsmanninn hennar. Á hverjum degi í heilt ár þóttist hún fara út að skokka til að hitta gúmmítöffara dauðans. Ég er spennufíkill, ég skal taka á þessu, vældi hún í nótt fyrir utan dyrnar hans pabba. En þá strax vissi ég að hann myndi fara. Að frá og með núna væri eitthvað búið, þetta eitthvað sem ég hef alltaf þekkt, þannig að hér eftir yrði allt öðruvísi en áður. Það gamla væri búið. Ekkert eftir, ekkert nema ég, tóm í tóminu.



Hæ Katla, segir Sólrún samanklemmdri röddu. Hún rennir sér ofan í sundlaugina og gengur hægt til okkar, klýfur vatnsflötinn eins og hafmeyja. Ég kinka kolla, það hvarflar ekki að mér að lina samviskubitið hennar með því að heilsa væminni, falskri röddu.

Hæ elskan, segir mamma. Þú verður að fyrirgefa hvað Katla er öfugsnúin í dag, við erum aðeins að finna út úr prívatmálunum heima.

Já, ókei, segir Sólrún áhugalaus. Ég skil.

Þú skilur ekki skít, hugsa ég og sting mér ofan í vatnið. Syndi í þögninni. Burt, burt, burt.

- - -

Sólrún veit að ég kyssti Frikka á skólaballinu. Eða, réttara sagt, hann kyssti mig. Inni á kennarastofu! Meðan við biðum eftir ritaranum sem tók saman geislaspilarann og diskasafnið og sá ekki einu sinni þegar hann bara kyssti mig allt í einu. Eins og bara ekkert væri sjálfsagðara. Ég stóð þarna, eldheit og vandræðaleg og svo rauð að þegar ritarinn leit upp

úr skápnnum spurði hann hvort ég væri nokkuð að verða veik. Frikki flissaði. Og ég líka, þegar ég áttaði mig loksins. En ég þorði samt ekki að líta á hann. Meikaði ekki einu sinni að tala við hann. Gáfuprik dauðans ég! Í staðinn fyrir að tala við hann dró ég Sólrúnu inn á klósett til að segja henni þetta. Sjáöldrin í henni stækkuðu meðan ég stundi upp úr mér hvað hefði gerst. Ég hefði átt að fatta hvað hún var að hugsa.

Svo voru þau allt í einu farin að vanga.

- - -

Einn daginn skilurðu hvað ástarsorg er, sagði mamma á leiðinni hingað. Mig langaði að öskra á hana. Öskra að ég vissi það betur en hún sem hafði sært pabba inn að beini. Hún hafði engan rétt til að tala um ástarsorg. Vildi hún að ég vor- kenndi sér eða hvað?

Ég sagði ekkert heldur leit út um gluggann og sá tvo hrafna slást um ryðgaða niðursuðudós. Þóttist ekki heyra þegar hún sagðist þurfa að fara í myndatöku hjá Nýju lífi síðar í dag, já að ég þyrfti að styðja sig því hún vissi hreinlega ekki hvernig hún ætti að komast í gegnum daginn.

Vatnið gusast upp þegar smástelpa stekkur ofan í laugina. Vá, hún var næstum því búin að hoppa ofan á mig eins og ég væri gömul kerling að synda baksund.

- - -

Þú ert falleg! Mamma horfir á mig og strýkur á mér upp-handlegginn. Fallega, fallega, stelpa mín, segir hún innilega, allt öðruvísi en þegar hún sagði að Sólrún væri sæt. Og áður en ég veit af er hún búin að knúsa mig. Um leið fer eitt-hvað af stað inni í mér: grjótskriða í maganum, snjóhríð í hausnum, flóð þrýstir á augnkúlurnar. Enginn er eins falleg og stelpa mín, bætir hún við og faðmar mig að sér svo nefið á mér fyllist af mildum sítrónuilm. Það er alltaf góð lykt af henni. Mömmulykt. Mig langar ekki að vera vond út í hana, hún er líka leið, hún gerði mistök en þykist vera í lagi mín vegna. Mig langar bara að hugga hana eins og hún er vön að hugga mig. Hún kann nefnilega að hugga betur en allir, þó að hún geri mistök og brosi eins og geðsjúklingur. Nú koma brestir í flóðvarnargarðinn, vatn seytlar út um augnkrókana og vætlar niður á kinnar.

Ég hugsa aldrei um mig sem fallega. Hún er falleg, ekki ég. Ég er eins og pabbi, segi ég alltaf við sjálfa mig. En auðvitað veit ég að það er ekki satt. Það er ekki líffræðilega hægt því mamma varð ólétt eftir annan mann tveimur árum áður en þau hittust. Þennan þarna sem býr í Bandaríkjunum og sendi mér jólakort þangað til ég var sex eða sjö ára.

Flóðvarnargarðurinn brestur endanlega.

- - -

Sólrún og Frikki mega alveg sjá mig gráta. Allt í einu skiptir engu máli hvað þau halda um mig. Mér er sama hver sér

mig. Ekkert er eins og það á að sér að vera, hvort sem er. Það verður aldrei eins.

Í dag er ég ekki lengur barn.

- - -

Ég var bara ári eldri en þú þegar ég varð ólétt af þér, hvíslar mamma silkimjúkri röddu. Bara unglings skjáta!

Mig langar að segja eitthvað við því, segja eitthvað fallett við hana, en veit ekki hvað, ég lyppast niður í fanginu hennar. Við þegjum saman, finnum hvernig pabbi minn – sem er samt ekki pabbi minn – klárar að pakka ofan í töskuna frá Benidorm. Hvernig hann lokar henni og gengur út. Lítur ekki til baka. Hann er farinn.

Svona, svona, elskan, ekki gráta, grætur hún sjálf. Hann er ekki skilinn við dóttur sína.

En ég er ekki alvöru dóttir hans, heyrum við báðar mig hugsa. Vatn skvettist framan í mig, vatnsyfirborðið hækkar og hækkar, öldur flæða yfir á sundlaugabakkann. Lítil stelpa öskrar. Allt er svo grænt og það grænkar og grænkar, ég fæ ofbirtu í augun. Getur það verið? Rúðurnar bresta í nístandi þögn: í sundlaugahúsinu, í turni sundlaugarvarðarins, í sánunni. Allt brotnar hægt, hraðar, hratt, skyndilega er hávaðinn ærandi þegar þúsund glerbrot hrynja á stéttina, rétt áður en slímgræn flóðbylgja drekkur þau í sig. Gíraffarugguhestur dettur ofan á Sólrúnu og hún fálmar eftir Frikka sem leitar

skjóls undir Fíla-rennibrautinni. Er Suðurlandsskjálftinn svona? hugsa ég þegar síðasti kippurinn fjarar út.

Fljót, fljót, förum heim! hrópar mamma.

Heimilið okkar er hrunið, segi ég.

Hugleiðingar

1. Hvað útskýrir sterkar og blendnar tilfinningar Kötlu til mömmu sinnar? Er sýndarmennska mömmunnar raunveruleg eða litast hún af reiði Kötlu?
2. „Grjótskriða í maganum, snjóhríð í hausnum, flóð þrýstir á augnkúlurnar.“ Skoðaðu hvernig náttúran, líkaminn og tilfinningarnar blandast saman í sögunni.
3. Af hverju kyssti Frikki Kötlu á skólaballinu og fór svo að vanga við Sólrúnu?
4. Hvaða áhrif hefur það á frásögnina að það kemur ekki í ljós fyrr en undir lokin að „pabbinn“ er ekki raunverulegur pabbi Kötlu? Hver er staða hennar gagnvart honum eftir skilnaðinn? Er hann sá eini sem enn hefur ekki svikið hana?
5. Er jarðskjálftinn í lokin raunverulegur eða aðeins táknræn mynd fyrir líðan Kötlu? Hvaða slím-græna flóðbylgja er þetta?


Björn Bragi Arnarsson

Þúsund orða virði

Ég velti því fyrir mér hvort Júlía myndi einhvern tímann fyrirgefa mér, ef hún fengi að vita að þetta var allt mér að kenna. Ég get ekki fyrirgefið mér sjálfur. Að minnsta kosti hefur það ekki tekist fram að þessu, þótt það sé liðið meira en hálf t. ár. Ég sit inni í herbergi og stari á tölvuskjáinn. Þetta er langt frá því að vera fyrsta bréfið sem ég skrifa Júlíu, en ekkert bréfanna hefur ratað lengra en í ruslafötuna.

Fyrirgefðu Júlía, ég veit ekki hvað ég var að hugsa.

Þetta byrjaði allt eftir leikfimitíma í gamla íþróttahúsinu. Ég var að bíða eftir Jóni Páli vini mínum, sem var inni á skrifstofu hjá íþróttakennaranum. Eflaust var hann að suða um að fá mætingu fyrir tíma sem hann hafði aldrei látið sjá sig í. Hann var ekki alveg sömu skoðunar og ég, að það væri einfaldara að mæta bara í tímana. Síðustu stelpurnar týndust út úr



kvennaklefanum og spurðu mig hvort ég kæmi ekki á árs-hátíðina í næstu viku. „Að sjálfsögðu,“ svaraði ég um hæl, enda var ég formaður nemendafélagsins og hefði ekki getað sleppt því að mæta þótt ég vildi.

Ég rölti annars hugar að kvennaklefanum og tók eftir því að hurðinni hafði aðeins verið lokað til hálf, en ég hélt að enginn væri þar inni. Að segja að mér hafi brugðið, þegar ég sá Júlíu bekkjarsystur mína kviknakta, er vægt til orða tekið. Hún var ein eftir í klefanum og hafði hvorki tekið eftir því að hurðin var opin né að ég stóð fyrir utan hana. Júlía var í mínum huga langsætasta stelpa í skólanum og þótt ég vildi ekki játa það fyrir mér, eða nokkrum öðrum, þá var ég bál-skotinn í henni. Við höfðum verið saman í bekk í næstum tvö ár og vorum ágætis vinir.

Seinna meir átti ég eftir að óska þess margsinnis að ég hefði fylgt mínu fyrsta hugboði, sem var að ganga einfaldlega í burtu og láta sem ekkert væri. En þess í stað fór ég í vasann og tók upp símann sem ég hafði fengið frá afa í fermingargjöf árið áður. Án þess að Júlía yrði nokkurs vör tók ég þrjár myndir af henni á símann og hraðaði mér burt.

Ég veit að ég átti aldrei að taka þessar myndir. Þetta er það ömurlegasta sem ég hef gert og ég skil ekki hvað kom yfir mig. Ég hefði líka átt að eyða myndunum strax. En ég sýndi Jóni Páli þær og hann sendi einhverjum strákum þær. Ég veit að þetta er allt saman mér að kenna.

Fyrsti tíminn morguninn eftir var tvöfaldur tölvutími, eins og hvern einasta föstudag þennan vetur. Ég var langt frá því að vera sá eini sem furðaði sig á því að Georg tölvukennari skyldi kenna tölvutímana, enda var hann svo gamall að menn þrættu um hvort hann kynni yfir höfuð sjálfur að senda tölvu-póst. Ég var kominn langleiðina inn í draumalandið undir svæfandi malinu í Pétri, þegar ég var skyndilega vakinn upp með látum.

„Júlía, ert þetta þú?“ kallaði Rikki, bekkjarbróðir okkar hlæjandi upp yfir stofuna. Ég hafði aldrei kunnað vel við Rikka, en þrátt fyrir það reyndi ég yfirleitt að koma sæmilega vel fram við hann, því Rikki var náungi sem fæstir vildu lenda upp á kant við. Ég trúði ekki mínum eigin augum þegar ég leit á tölvuskjáinn hans og við blasti ein af myndunum sem ég hafði tekið í íþróttahúsinu daginn áður.

Júlía stóð upp skelfingu lostin og svipurinn á andlitinu á henni var líkastur því að hún hefði séð djöfulinn. „Hvað er þetta?“ spurði hún lágum rómi og gekk að tölvunni, sem Rikki sat við. Það var óþarfi að svara spurningunni. Allur bekkurinn sá að þetta var nektarmynd af Júlíu. Séð úr fjarlægð leit myndin út eins og hún hefði komið af svæsinni klámsíðu á Netinu. Það var eitthvað svívirðilega rangt við að sjá að stelpan á myndinni hafði andlit Júlíu.

Rikki smelli á músina og önnur mynd birtist og að lokum sú þriðja. Georg tölvukennari spurði hvað væri á seyði, en enginn veitti honum athygli. Allra augu voru á Júlíu og

myndunum af henni. Ég sat límdur við stólinn minn og hjartað í mér hamaðist á meðan ég fylgdist með atburðarásinni. „Lokaðu þessu,“ öskraði Júlía á Rikka og var byrjuð að gráta. En viðbrögð hennar voru Rikka greinilega að skapi og hann sagði kvikindislega: „Bíddu, þarft þú ekki að segja okkur eitthvað? Ertu byrjuð að leika í klámmyndum?“ Júlía svaraði honum ekki, heldur hljóp út úr stofunni og skildi úlpuna sína og skólatöskuna eftir. Ég leit á Jón Pál, sem forðaðist að mæta augnaráði mínu.

Áður en skóladagurinn var úti virtist allur skólinn hafa séð myndirnar. Í hverju horni var rætt um Júlíu og myndirnar fóru um eins og eldur í sinu. Júlía sjálf sást hins vegar hvergi. Hún hafði líklega farið heim eftir uppákomuna í tölvutímanum. Ég hafði svipast um eftir henni án árangurs, þótt ég hefði ekki hugmynd um hvað ég ætti að segja við hana. Fislétti síminn minn virkaði eins og 10 kílóa grjóthnullungur í vasanum og mér fannst eins og allir vissu að ég tók myndirnar.

Það var þó fjarri lagi. Samstundis höfðu sprottið upp sögur um uppruna myndanna og í engri þeirra var ég á meðal aðalpersóna. Einhverjir héldu því fram að Júlía hefði látið taka myndirnar af sér í von um að slá í gegn sem nektarfyrirsæta. Aðrir fullyrtu að hún hefði tekið þær í þeirri viðleitni að táldraga strák sem hún átti að vera skotin í. Enginn nema Jón Páll hafði hugmynd um aðkomu mína og ég vissi að hann færi ekki að segja neinum, af ótta við að vera blandað inn í málið líka.

Við Jón Páll gengum saman heim úr skólanum, eins og við gerðum ævinlega. Leiðin hafði hins vegar aldrei verið eins löng. „Hvernig datt þér í hug að setja myndirnar á Netið? Ertu eitthvað ruglaður?“ sagði ég við hann í hvössum tón.

„Ætlaðu að kenna mér um þetta? Það varst þú, sem tókst myndirnar. Ég sendi þær bara á tvo stráka,“ svaraði Jón Páll og var hvass á móti. Ég vissi að það þýddi lítið að rökræða þetta. Skaðinn var skeður og ég gat ekki kennt neinum öðrum um en sjálfum mér. Við þögðum það sem eftir var leiðarinnar.

Ég var alltaf svo skotinn í þér og ég hata mig fyrir að hafa gert þér eitthvað svona ömurlegt og ógeðslegt. Mig langaði svo mikið til þess að bæta fyrir þetta, þó að ég vissi að það væri ekki hægt.

Júlía mætti í skólann á mánudeginum. Hún sat fremst í skólafunni og starði fram fyrir sig. Ég fylgdist með henni og vonaði að hún liti í áttina til mín, en hún horfði ekki í augun á nokkrum manni. Ég komst ekki hjá því að heyra pískrið um hana í kennslustofunni. Enn vonlausara hafði verið að láta splunkunýtt veggjakrotið við aðaldyrnar á skólabyggingunni fara fram hjá sér. „EF ÞÚ VILT RÍÐA HRINGDU Í JÚLÍU Í 9. AK,“ hafði verið úðað þar með stríðsletri, ásamt símanúmerinu hennar.

Sem formaður nemendafélagsins var ég einn af skipuleggjendum árshátíðarinnar sem átti að halda á fimmtudagskvöldið. Ég átti þó erfitt með að einbeita mér að því

hlutverki og gat ekki hugsað um neitt annað en Júlíu. Hún mætti í skólann alla vikuna, en þegar við vorum ekki í tímum læddist hún með veggjum, enda var glápt á hana á göngum skólans eins og hún kæmi af annarri plánetu. Á hverjum degi langaði mig að tala við hana og ég hugsaði um hvernig ég myndi játa þetta allt fyrir henni, en fékk mig ekki til þess.

Árshátíðin rann upp og mættu bæði kennarar og nemendur í sínu finasta pússi, enda var árshátíðin jafnan eitt skemmtilegasta kvöld skólaársins. Flutt voru skemmtiatriði, veitt voru verðlaun í hinum ýmsu flokkum og í bakgrunni á sviðinu var breiðtjald með myndum úr félagslífinu. Sjálfur var ég kosinn „herra skólans“ af samnemendum mínum og var kallaður upp á svið til að taka við verðlaunum fyrir það. Verðlaun sem enginn þarna inni átti minna skilið en ég.

Rikki hafði krafist þess að koma fram og segja nokkur orð og enginn þorði að andmæla því. Hann sagði nokkra misgáfulega brandara sem uppskáru takmarkaðan hlátur. Ég sat við borð skammt frá sviðinu og beið eftir að hann lyki sér af.

„Áður en ég hætti langar mig að gera eitt sem gleymdist alveg hérna áðan. Það á eftir að veita ein verðlaun, sem eru eiginlega mikilvægustu verðlaun kvöldsins,“ sagði Rikki og fólkið í salnum sperrti eyrun. Rikki þagnaði í nokkrar sekúndur og gekk að tölvu sem stóð við sviðið. Svo æpti hann í hljóðnemann eins og hann væri að kynna nýjan Óskarsverðlaunahafa: „Ég er að sjálfsgöðu að tala um verðlaunin fyrir

mestu hóru skólans og þau hlýtur Júlía í 9. AK“. Um leið birtist ein af nektarmyndunum af Júlíu á breiðtjaldinu.

Mikil læti brutust út í salnum og einhverjir hlógu og fögnuðu. Kennararnir, sem höfðu ekki vitað af myndunum, vissu ekki hvaðan á þá stóð veðrið og hreinlega göptu af hneykslun. Þessi stund er enn þá í hálfgerðri móðu, enda gerðist allt á nokkrum sekúndum, en ég man að ég fylltist reiðtilfinningu sem ég hef aldrei fundið áður. Það var eins og það syði í mér blóðið. Ég tók undir mig stökk og hljóp að Rikka, sem stóð við tölvuna, og kýldi hann eins fast og ég gat í andlitið. Rikki féll aftur fyrir sig á tölvuna og bæði hann og tölvan hrundu í gólfíð með tilheyrandi látum. Rikki hélt um nefið á sér og var alblóðugur í framan. Ég hafði sjálfur laskað á mér höndina við að kýla hann, en mér var svo mikið niðri fyrir að ég fann ekki fyrir sársaukanum. Allur skólinn starði orðlaus á okkur og reyndi að meðtaka það sem hafði gerst, sem betur fer hurfu myndirnar af tjaldinu þegar tölvan hrundi í gólfíð. Rikki klöngraðist á fætur en áður en hann náði að svara fyrir sig höfðu tveir kennarar gengið á milli okkar.

Linda skólastjóri kom upp á svið og lét kveikja aftur á tónlistinni og bað einhvern kennara að fylgja Rikka burt. Sjálf fylgdi hún mér baksviðs og sagði mér að róa mig niður. Það fyrsta sem ég sá þegar þangað var komið var Júlía sem sat þar grátandi. Ég hafði ekkert séð hana fyrir um kvöldið og hélt raunar að hún hefði ekki mætt. „Er ekki best að ég keyri þig heim, Júlía?“ spurði Linda hana vingjarnlega og Júlía kinkaði

kolli. „Ég ætla að kanna hvernig ástandið er frammi, gefðu mér fimm mínútur,“ sagði Linda svo og skildi mig og Júlíu ein eftir á meðan.

Júlía stóð upp. „Takk fyrir þetta,“ sagði hún lágum rómi og brosti vandræðalega til mín í gegnum tárin. Hún hafði aldrei verið eins falleg. Í rauðum kjól og greinilega búin að hafa mikið fyrir því að gera sig fína. Eins og leikkona í gamalli bíómynd. Ég vissi ekkert hvað ég átti að segja. Mig sveið að innan við að heyra Júlíu þakka mér. Ég stamaði þó upp úr mér að það væri ekkert að þakka og bætti við: „Rikki er náttúrulega mesta fífl í heimi. Það hefði hver sem er gert þetta.“

„Ekki fyrir mig,“ sagði hún og bætti við kaldhæðnislega: „Ekki fyrir mestu hóru skólans.“

„Ekki segja þetta. Ekki láta þetta hafa áhrif á þig,“ sagði ég.

„Það er auðvelt fyrir þig að segja svona. Það var ekki verið að sýna þíkumyndir af þér á tjaldi fyrir framan allan skólann,“ sagði Júlía ákveðin.




„Það er reyndar rétt,“ svaraði ég og vildi að ég hefði sagt eitthvað gáfulegra.

„Fyrirgefðu,“ sagði hún strax. „Ég á ekki að vera að æsa mig við þig. Ég kann að meta að þú skulir hafa komið til mín,“ bætti hún við.

Ég horfði á Júlíu og óskaði þess að ég gæti tekið allt til baka. Mig langaði líka að játa allt fyrir henni, þótt það þýddi að hún myndi aldrei tala við mig framar. En mig skorti kjarkinn. Þess í stað sagði ég: „Þú ert engin hóra og það vita allir að það var einhver skíthæll sem tók þessar myndir af þér.“ Ég meinti hvert orð innilega.

„Ég vildi að allir væru svona frábærir eins og þú,“ sagði Júlía og faðmaði mig hikandi. Ég faðmaði hana á móti og óskaði þess að kringumstæðurnar væru allt aðrar. Júlía þrýsti sér upp að mér og horfði djúpt í augun á mér. Það var eitthvað óútskýranlega ævintýrlegt við þessa stund. Hún lokaði augunum og bjó sig undir að kyssa mig en ósjálfrátt færði ég mig undan.



Það kom fát á Júlíu. „Fyrirgefðu, ég veit ekki hvað ég var að hugsa,“ sagði hún og roðnaði.

„Nei, hérna ...“ Ég vissi ekki hvað ég ætlaði að segja. Ég fékk mig ekki til að kyssa hana, þótt mig langaði ekkert meira. Ef Júlía vissi hvað ég hafði gert hefði hún fyrirhlitið mig og aldrei nokkurn tímann viljað kyssa mig.

„Ég get greinilega ekki hætt að gera mig að fiffi,“ sagði hún og gekk hratt út úr herberginu, áður en ég náði að segja nokkuð.

Þú hefur ekki hugmynd um hvað mig langaði mikið til að kyssa þig á árs hátíðinni. Ég hef ekki getað hætt að hugsa um þig síðan.

Daginn eftir var ég kallaður á skrifstofu Lindu skólastjóra, til þess að ræða atvikið á árs hátíðinni.

„Þú veist vel að ofbeldi er ekki liðið í þessum skóla. En þetta voru sannarlega sérstakar aðstæður í gærkvöldi. Þetta var ömurlegur hrekkur hjá Ríkharði og þú sýndir hugrekki að bregðast svona við,“ sagði Linda. Ég átti erfitt með að hlusta á hana hrósa mér og svaraði engu en hún hélt áfram. „Þessar myndir sem Ríkharður birti þarna á tjaldinu. Veist þú eitt-hvað hvaðan þær koma?“

„Það var ég sem tók þær,“ hugsaði ég, en hafði ekki kjark til að segja það upphátt. Þess í stað sagði ég: „Nei, því miður.“ Síðan bætti ég við: „En ég vona að auminginn sem gerði það finnist.“

Eins og Linda hafi ekki verið nógu ánægð með mig fyrir, kom velþóknunarsvipur á hana við að heyra þessi orð mín.

„Það er gaman að sjá hvað þú hefur ríka réttlætiskennnd. Ég var á fundi með foreldrum Júlíu í morgun og þau voru að spyrja um þig, strákinn sem hjálpaði henni. Eins og gefur að skilja hefur þetta mál líka verið erfitt fyrir þau, rétt eins og Júlíu,“ sagði Linda.

Hún þagði um stund, eins og til að ákveða hvort hún ætti að halda áfram að reyna að drepa mig úr samviskubiti, en sagði svo alvarleg: „Þér að segja, þá ætlar Júlía að ljúka skólaárinu utan skóla og hún mun svo fara í annan skóla á næsta ári.“ Ég horfði á Lindu, sem hélt áfram að tala, en gat ekki hlustað á meira. Hún sagði eitthvað um að það væri sorglegt að einhverjir óprúttnir einstaklingar geti eyðilagt svona mikið fyrir öðrum nemanda. Ég þurfti að berjast við að öskra ekki upphátt og fara hreinlega að gráta fyrir framan hana. Loksins leyfði hún mér að fara.

Ég gekk hratt út úr skólabyggingunni og hljóp svo af stað. Ég hljóp eins hratt og ég gat, þar til ég kom að gamla íþróttahúsinu. Mér fannst ég vera að springa að innan. Ég tók símann minn upp úr vasanum og kastaði honum eins fast og ég gat í steinvegginn á íþróttahúsinu. Ég starði á jörðina. Síminn lá þar mölbrotinn og ég fann hvernig tárin streymdu niður vangana. En mér leið ekkert betur. Það var ekki síminn sem ég þurfti að losa mig við.

Ég tók myndirnar Júlía. Fyrirgefðu. Fyrirgefðu að ég skyldi ekki segja þér það fyrr. Fyrirgefðu að ég skyldi taka þessar helvítis

myndir. Ég myndi gefa hvað sem er fyrir að ekkert af þessu hefði gerst. Ég skil það vel ef þú getur aldrei fyrirgefið mér.

Ég les bréfið yfir í tölvunni. Svo loka ég skjalinu, án þess að vista það.

Hugleiðingar

1. Reiði sögumannsins beinist að hluta til að myndavélasímanum – er sagan dæmisaga um hraðann í samskiptatækni sem við ráðum ekki við og höfum ekki þroska til að meðhöndla?
2. Hvað veldur því að sögumaður ræðst af svo mikilli heift á Rikka?
3. Af hverju stígur sögumaður ekki fram og viðurkennir mistök sín? Hvaða vald öðlast vinur sögumannsins, Jón Páll, yfir honum?
4. Hvað með viðbrögð skólastjórans? Eru þau skiljanleg? Er líklegt að skólastjóri bregðist svona við í raunveruleikanum?
5. Hefði strákurinn brugðist öðruvísi við ef hann hefði ekki verið formaður nemendafélagsins? Hefði hann átt auðveldara með að játa á sig sökina ef hann hefði ekki gegnt þeirri stöðu?

Gerður Kristný

Ísfólkið

Ég vissi aldrei hvernig Olga þekkti þessa stelpu. Hún bjó ekki einu sinni í hverfinu. Eina trúlega skýringin var sú að foreldrar þeirra hafi þekkt. Pabbi og mamma Olgu voru kommar sem lýsti sér helst í því að þeir fóru í ríkið fyrir dóttur sína og var sama þótt hún afþakkaði að fermast. Uppi á vegg heima hjá þeim var plakat af verkalýðnum sem ber borgarastéttina sem ber yfirstéttina sem ber aðalinn sem ber hirðina sem ber keisarann. Líklega átti þessi heimsókn okkar til stelpunnar sér djúpar rætur í kommúnismanum því eins og allir vita gekk hann út á að við værum öll jöfn og því enginn yfir það hafinn að gleðja aðra manneskju með því að heimsækja hana. Hirðin væri þá ekkert of góð til að líta inn hjá borgarastéttinni sem skryppi þá í kaffi til verkalýðsins.

Við fórum þrjár saman, Olga, Steina og ég. Þessi leiðangur var ágæt tilbreyting frá því sem við gerðum venjulega um helgar. Við vorum vanar að hittast heima hjá hver annarri, borða nammi, skiptast á nammi og tala um nammi. Hvort betra væri að drekka Tab eða Fresca og hvort skárri væri að fá sér krembrauð eða kókosbollu með gosinu. Þá freyddi allt

gumsið svo undarlega uppi í manni, hvort ekki væri þá betra að fá sér hraun. Gat síðan ekki bara verið að maður fengi meira fyrir peningana ef maður keypti bland í poka?

Oftast vorum við heima hjá Steinu. Foreldrar hennar voru ekki kommar, enda höfðu þau nýlokið við að byggja einbýlis-hús uppi í Ártúnsholti. Ekki hefði hvarflað að þeim að fara í ríkið fyrir börnin sín. Þau hefðu aldrei haft tíma til þess. Þau ráku fyrirtæki og voru alltaf í vinnunni. Því síður hefðu pabbi minn og mamma gengist inn á að kaupa áfengi fyrir mig, hefði ég kært mig um það, enda var óhófleg áfengis-neysla eitur í þeirra beinum. Þau töluðu oft um það hvað hinn og þessi væru miklar fyllibyttur. Samt vantaði aldrei áfengið heima hjá okkur svo líklega fór einhver í ríkið. Pabbi fékk sér í glas á kvöldin. Fyrstu soparnir kættu hann svo að hann trallaði jafnvel yfir tíðindum af bolfiskaflanum. Þegar náttúrulífsþættirnir byrjuðu var brúnin farin að þyngjast og um það bil sem blettatígur læsti klónum í antilópu var pabbi farinn að röfla. Þá tilkynnti mamma festulega að nú færu þau inn að sofa. Hún bauð mér góða nótt en hann ekki. Hann virtist heldur ekki sjá mig þegar hann studdi sig við vegginn yfir höfðinu á mér á leiðinni inn í svefnherbergi. Það var eins og hann væri staddur í myrkum bæjargöngum og ég bara ósýnileg andaflyksa.

Herbergi foreldra minna var við hliðina á mínu og því sat ég yfir sjónvarpinu fram eftir kvöldi til að þurfa ekki að hlusta á þau í gegnum vegginn. Hann þrasaði og hvæsti.

Hún kjökraði. Á einu slíku kvöldi stofnaði ég heilt bílskúrsband í hugarum. Það var skipað hressum strákum sem æfðu í skúrnum heima. Þeir voru allir miklir vinir mínir og stundum djömmuðum við saman. Ég lék á hljómborðið. Bandið var ekkert án mín og stundum fannst mér ég heldur ekki mikið án þess. Þegar ég vissi af hinum í hljómsveitinni úti í bílskúr fannst mér lífið bærulegra. Vinir mínir fylgdust með mér. Þeir myndu grípa í taumana ef lætin keyrðu um þverbak.

En þarna vorum við, dætur kommúnista, húsbyggjenda og hatursfólks áfengis, lagðar af stað að finna stelpu sem jafnvel Olga virtist ekki



þekkinga neitt sérstaklega vel. Það náðist að minnsta kosti ekki mikið upp úr henni þar sem við ruddumst í gegnum hunds-lappadrífuna – eins og snjóugir vitringar til fundar við Jes-úbarnið. „Henni er strítt svo mikið í skólanum,“ sagði Olga loks og saug upp í nefið. „Eiginlega á hún engar vinkonur.“

Engar vinkonur! Það var svona eins og að hafa enga hand-leggi en þurfa samt að vera til. Alltaf hafði ég átt vinkonur – ekki alltaf skemmtilegar en vinkonur samt. Við Steina og Olga höfðum verið saman í bekk frá því við vorum sex ára en vináttan hafði ekki kviknað fyrr en veturinn áður þegar við vorum í 7. bekk. Báðar æfðu þær handbolta á veturna og fótbolta á sumrin. Ég hafði engan áhuga á íþróttum og eyddi mestöllum tíma mínum í að semja lög á hljómborðið mitt, lög sem ég gleymdi jafnharðan. Það var gott að geta útilokað heiminn með heyrnartól á hausnum og ímynda sér að strákarnir í skúrnum biðu eftir að fá að heyra nýjustu laga-smíðina. Stundum tók ég annað heyrnartólið af mér svo ég gæti hlustað á óminn af röddum pabba og mömmu og samið lag við. Ég lét dimmu nóturnar muldra og bölsótast, þær háu svöruðu til baka og síðan brast á með dramatískum þögnum þar til allt hófst á nýjan leik.

Ég vissi að sumum krökkum fannst ég skrýtin og þess vegna fannst mér ég ótrúlega heppin að eiga Steinu og Olgu að vinkonum. Tilhugsunin um að eiga engar var skelfileg. Ég gat ekki beðið eftir að sjá vinalausu stelpuna.

Hún bjó í þríbýlishúsi eins og þau gerast hvað stæðilegust

í Hlíðunum. Það glampaði á stríðsgróðann í skeljasandinum og íbúarnir máttu svo sannarlega þakka uppivöðslu Hitlers fyrir bogadregna stofugluggann. Olga hringdi dyrabjöllunni og sú vinalausa kom til dyra – einsömul að sjálfsgöðu. Gráleitum augum horfði hún alvarleg á okkur undan þykkum hártoppi og í kinnunum voru rauðir dílar. Það var eins og hún skammaðist sín en í fljótu bragði var ekki hægt að sjá fyrir hvað það ætti að vera. Þetta var ósköp venjuleg stelpa sem bjó í ósköp venjulegu húsi og átti ósköp venjulega foreldra. Þeir birtust örsnöggt til að kasta kveðju á okkur.

Í stað þess að bjóða okkur inn í herbergið sitt – þar sem við hefðum getað snúið okkur á skrifborðsstólnum og flatmagað á svefnsófanum – vísaði stelpan okkur inn í stofu. Þar voru traustir veggplattar, djúpir sófar, glerlögð innskotsborð og útsaumaðar rennibrautir. Þetta var ekki ósvipað og heima hjá mér. Foreldrar mínir hefðu kunnað vel við að vita af mér á svona heimili. Góðu heimili. Smartísi hafði verið ausið í kristalsskálar. Við sátum beinar í baki eins og við biðum eftir því að kátir sveinar birtust til að bjóða okkur upp í dans. Þetta var afskaplega fullorðins. Ég var dauðfeimin og langaði aftur út í stillt vetrarkvöldið. Snjórinn féll mjúklega fyrir utan rúðustrikaðan gluggann.

Hvar ætli pabbi og mamma stelpunnar séu eiginlega, velti ég fyrir mér og hlustaði eftir þeim. Innan úr eldhúsinu barst lágvært skraf sem aldrei varð lát á. Samræðurnar í stofunni komust aldrei á sama flug. Þær voru frekar á við vængjavings

mörgæsa. Fyrst hlustaði gestgjafinn þögull á okkur vinkonurnar ræða hvort bleika smartísið væri betra en það gula eða hvort nokkur munur væri yfirhöfuð á þeim. Olga mundi eftir könnun sem gerð hafði verið úti í heimi um það hvaða lit fólk vildi næst á smartísið og flestir höfðu viljað bláan. „Var það ekki M & M?“ spurði Steina og hellti upp í sig af herlegheitunum.

„Var það?“ Olga leit spyrjandi á mig en ég yppti öxlum. Ég hafði misst af þessum fréttum. Eiginlega vissi ég heldur ekki lengur hvað ég var að gera þarna. Strákarnir í bílskúrnum hlutu að vera farnir að ókyrrast eftir mér. Stelpan horfði á okkur til skiptis, alltaf jafnalvarleg. Hún virtist að minnsta kosti ekkert glöð yfir því að við skyldum hafa brotist í gegnum veðrið til þess eins að stytta henni stundir í einverunni. Kannski var hún að átta sig á því núna hvernig það er að eiga vinkonur, hvað það er sem þeim liggur á hjarta. Nú var stelpan eflaust farin að sakna þess að geta ekki bara verið ein að leggja kapal inni í herberginu sínu. Af hverju hafði hún ekki boðið okkur þangað inn?

Allt í einu áttaði Olga sig á tilgangi heimsóknarinnar, að sýna þessari stúlku eilítinn áhuga. Hún saug kröftuglega upp í nefið og tók til við að spyrja hana um skólann, kennarana og uppáhaldsfögin hennar. Svörin voru örstutt eins og hver stafur kostaði jafnmikið og á fermingarskeyti: „Mér finnst ágætt í stærðfræði,“ eða „Líffræðikennarinn er bara finn.“ Feimið augnaráðið hvikaði af einni okkar á aðra og rauði liturinn í

dílunum virtist dýpka með hverri mínútu. Við Steina skutum inn stöku spurningu en engin fjallaði um það sem mig langaði mest að vita: Af hverju áttu engar vinkonur? Af hverju er þér strítt svona mikið?

Ekki leið á löngu þar til allar viðeigandi spurningar sem okkur gat hugsanlega dottið í hug voru uppnar. Þögnin breiddi úr sér við hlið okkar í sófanum og kláraði úr kristalskálunum. Augnaráð stelpunnar flökti aftur um stofuna eins og ljóskastari og allt í einu spurði hún þessarar spurningar: „Ímyndið þið ykkur aldrei að þið séuð einhverjar aðrar en þið eruð?“ Orðin komu hægt eins og hún treysti þeim ekki úti í þessari grimmu vinalausu veröld.

Hjartað í mér tók strax að berjast um eins og það þyrfti að losna úr þessu kæfandi rifbeinabúri. „Jú,“ langaði mig til að segja, „jú, hvort ég geri. Ég er hljómborðsleikari í bandi sem æfir í bílskúrnum heima! Þetta eru allt frábærir strákar og kannski förum við einhvern tímann saman í hljómlleikaferð.“

Fyrst ætlaði ég samt að heyra hvað Steina og Olga játuðu á sig. Gat verið að Steina væri einhver sænsk handboltastjarna þegar henni leiddist? Og Olga gæti þá til dæmis verið einhver verkalýðshetja sem pabbi hennar hafði sagt henni frá. Olga og Steina virtust aftur á móti hálfvinglaðar. „Neeei,“ sagði Steina eftir nokkra þögn og pírdi augun á gestgjafa okkar. „Eða ... hvað áttu annars við?“

„Ekki?“ spurði stúlkan og dró undir sig fæturna í hæginda-stólnum. Enn mátti greina eilitle von í röddinni. Ég leit á

Olgu en hún hristi höfuðið hægt. „Nei,“ sagði hún síðan á innsoginu.

Augnaráð stúlkunnar hékk í lausu lofti fyrir ofan hvirfilinn á mér þegar hún sagði: „Stundum er ég ein persónan í Ísfólkinu, hún Sunna.“

Steina og Olga horfðu þegjandi á hana í von um nánari skýringu.

„Hafið þið lesið Ísfólkið?“ spurði stelpan hikandi.

Ég hafði reynt að lesa eina af þessum bókum en fannst einmitt hún Sunna sem tilbað fursta myrkranna of furðuleg til að geta lokið lestrinum. Vinkonur mínar höfðu greinilega heldur ekki heillast af norskum göldrum því allar sem ein hristum við höfuðið. Hjartað í mér hélt áfram að ólmast en ég sagði ekki neitt meira, heldur lét vinkonur mínar um að tala. Það var hins vegar engin leið að taka aftur upp þráðinn. Litlu seinna litum við því leikrænt á úrin hver á eftir annarri, sögðum eitthvað um hvað klukkan væri orðin margt og stóðum upp. Mér létti en vonaði að stelpurnar sæju það ekki á mér.

„Megum við sjá herbergið þitt?“ bað Steina á leiðinni fram í anddyrið.

Stelpan opnaði inn til sín með orðunum: „Það er ekki tekið til þarna.“ Hún var dílóttari sem aldrei fyrr. Við þorðum ekki að stíga inn fyrir þröskuldinn, heldur létum okkur duga að skoða vistarverurnar úr gættinni. Þarna var skrifborð með orðabókum, hljómsveitarplaköt með Limahl og Level 42 og rúm þar sem gat að líta ógrynnin öll af böngsum, kanínum,

hundum og kisum. Yfir þessari orgíu hékk lítill hvítklæddur Pierrot-trúður. Þrátt fyrir breitt brosið lak tár niður aðra kinnina á postulínsandlitinu eins og þarna hængi afkáralegt Jesú-líkneski sem gréti nú syndir mannkyns.

Á leiðinni heim gekk ég nokkrum skrefum fyrir aftan vinkonur mínar og gerði mér að leik að stíga ofan í ökkkladjúp spor þeirra í snjónum. Það var hætt að snjóa. Hlíðarnar voru hljóðar og sjálfum lá okkur heldur ekki mikið á hjarta.

„Hún er voða spes, þessi stelpa. Hvaða Ísfólk var þetta eiginlega sem hún var að tala um?“ heyrdist Steina loksins segja.

„Þetta er bara einhver bókaflokkur. Ekkert vera að pæla í því. Við skulum nú samt heimsækja hana aftur,“ sagði Olga og bætti við: „... einhvern tímann.“

Leiðir okkar skildi við hættulegustu gatnamót landsins þar sem Miklabraut og Kringlumýrarbraut skerast. Mólvað afturljós lá úti í vegarkanti og gul og rauð brot glitruðu eins og eðalsteinar í snjónum.

Olga og Steina héldu áfram í átt að Háaleitinu en ég tók stefnuna í gegnum Álftamýrina. Ekki hafði hægst um í brjóstholinu á mér og það tók mig alveg spölinn niður í Safamýri að gera mér ljóst hvað olli því. Ég hafði hitt stelpu sem átti sér líf sem var næstum eins og mitt þrátt fyrir að ég ætti vinkonur en hún ekki.

Foreldrar mínir sváfu svefni hinna þreyttu og döpru sem er mun þyngri en svefn okkar hinna. Sjálfri kom mér ekki dúr

á auga fyrir en undir morgun. Ég heyrði trommuslátt berast úr bílskúrnum og koddinn minn víbraði af bassanum. Strákarnir voru að spila „Dancing Barefoot“. Ég vissi upp á hár hvað blasti við mér ef ég skryppi þarna niður. Sunna dansaði berfætt á köldu steingólfinu innan um málningardollur, reiðhjól, skíði og skauta. Enginn strákanna gat haft augun af henni. Hún sneri sér hring eftir hring með geislandi bros og rósrauða gleðidíla í kinnunum.

Hugleiðingar

1. Hvaða viðhorf til stéttskiptingar birtast í fyrstu málsgrein sögunnar?
2. Tab, Fresca, krembrauð, kókosbolla, hraun, Ísfólkið – gefur þetta vísbendingar um hvenær sagan á að gerast?
3. Skoðaðu ólík viðhorf fjölskyldnanna til áfengisdrykkju. Einkennast þau af hræsni eða heiðarlegri afstöðu? Hvað með fjölskyldu „Sunnu“? Hvaða upplýsingar fáum við um hana?
4. Hvaða frumlegu leiðir notar sögumaður til að aftengja sig við rifrildi foreldra sinna?
5. Sögumaður gengur í fótspor vinkvenna sinna á leiðinni heim – hvað tákna það?
6. Er vinátta stúlnanna þriggja eins og best verður á kosið? Er tilgangurinn á bak við heimsókn þeirra sjálfhverfur eða kærleiksríkur?


Guðmundur Óskarsson

Á tímum sem þessum lærirðu að lifa á nýjan leik

Ég var í kapellunni, það er engin spurning – við Danni vorum bræðrasynir og æskuvinir – en minningin um kistulagninguna hangir ekki saman í höfðinu, eins og hún hafi verið tætt jafnóðum af meðvitundinni og dreift um hugann.

Síðustu skýru augnablikin: Við, nánustu aðstandendurnir, stóðum þétt í þröngu og dauflýstu anddyrinu, búin að faðmast en einhverjir enn að hvísla með rödd sem var á mörkum þess að bresta, snerum að stórri hurð og biðum eftir að útfararstjórnin opnaði inn í heilaga rýmið. Hann gerði það loks; ég var orðinn þreyttur á að standa þarna og virða næði syrgjendanna með því að horfa niður, aldrei á andlit og alls ekki í augu.

Foreldrarnir fóru fyrstir um dyrnar ásamt börnunum tveimur, frænda mínum og frænku, en ég með þeim síðustu, á eftir pabba og systkinum mínum. Hópurinn leið hægt áfram, klofnaði og leystist upp á sætin í kringum kistuna sem birtist fyrirvaralaust, hvít og gljáandi, og ég sá fínofinn klútinn yfir andlitinu; það gægðist upp fyrir kistubrúnina. Þrátt fyrir yfirbreiðsluna þekkti ég smágert nefið og hökuna, þetta sak-



leysislega andlit sem Danni bar eins og óviðeigandi grímu um skrímslaheima vímuefnanna, og reiðin sem hafði mengað sorgina frá því pabbi hringdi gufaði hratt upp. Ég hélt samt aftur af mér skrefin að sætunum, en þegar við vorum að tylla okkur heyrði ég Evu, móðurina, missa sig og sá eitt andartak, áður en ég áttaði mig og leit aftur niður, frænda halda þétt utan um hana í sorgarfloginu. Hljómur raddarinnar skilaði sér í ofsafengnum grátinum; það var eins og Eva væri að tala mjög framandi tungumál. Litla systir greip um handlegginn á mér og kreisti fast, styttra í stóra bróður en pabba. Kannski skildi hún grátinn betur en ég – samt – kannski ekki, framhaldið er nefnilega í slitrum í huganum.

Það eina sem ég mundi dagana á eftir voru tónar frá smágerðu pípuorgeli; þeir voru blíðir og stungu loftgöt á þrúgandi andrúmsloftið í kapellunni. Maður með djúpa rödd söng um ferðalag í dimmum dal á meðan ég sá móta fyrir prestinum ganga hægt að altarinu. Í kringum það var steindur gluggi, rauðar, bláar, grænar, hunangsgular, fjólubláar ... óreglulegar rúður sem mynduðu flókið mynstur frá gólfi upp í loft.

Hádegisvetrarsólin var lágt á heiðum himninum og skein framan í mig. Geislarnir tóku lit á leið sinni um glerið og gerðu þessa litlu kirkju sumarlega í febrúarbyrjun, og orð prestsins um eilíft líf trúleg.

Útförin fór fram tveimur dögum síðar. Þá var ég veikur, raunverulega; hafði fengið flensu kvöldið áður. Hvorki pabbi né mamma virtust trúa mér: „Þú ert varla of slappur til að fylgja honum Danna, þið lékuð ykkur svo oft saman?“ spurðu bæði tvö. Frá því þau skildu fæ ég ótrúlega oft sömu viðbrögðin frá þeim, algjörlega orðrétt, eins og þau séu skilin að borði og sæng, í eigin huga og bókum sýslumannsins, samt enn ræki-lega tengdar sálir.

Á sunnudaginn, þremur dögum eftir jarðarförina, áttum við Íris miða á sýningu hjá Íslenska dansflokknum. Ég var orðinn hressari og ákvað að fara með. Frá því við kynntumst hef ég farið á allar sýningar flokksins, og ekki bara af því frænka Írisar er dansari í honum. Mér finnst eitthvað við það að fylgjast með lífinu á sviðinu, sitja í myrkri og horfa á fullskapaða einstaklinga breyta líkama sínum í framlengingu á sálinni, hreyfa sig undir ljósum við ófyrirsjáanlega tónlist; eins og mér gangi aldrei betur að hugsa en við þær aðstæður, þar sem ég þarf ekki að skilja neitt, má innbyrða án kvaða, upplifa frjálst; það er eins og að mega lesa bók án þess að þurfa að fara í próf úr henni næsta dag. Þess vegna ákvað ég að skella mér

þrátt fyrir stöku hósta og hálfstíflaða hægri nös, og þrátt fyrir dauðann í vikunni; svo var ég líka kominn í ógöngur með MA-ritgerðina og veitti ekki af örvandi upplifun.

Við biðum í flennistöru anddyrinu ásamt öðrum sýningar-gestum, höfðum rekist á vinafólk og spjölluðum og hlógum, en sátum fljótlega í salnum. Ég var þögull, samt tæplega hugsí. Íris þagði líka, þar til hún spurði hvort ég væri kannski ekki búinn að jafna mig og ég fór að tala um hægri nösina og hóstann áður en hún greip fram í, sagðist hafa átt við Danna frænda minn og um leið slokknuðu ljósin í leikhúsinu – algjört myrkur – þá mildur ljósgeisli yfir ungri konu í fóstur-stellingu á djúpu sviðinu fyrir framan okkur. Tónlistin fór að hljóma skömmu síðar og konan hreyfði sig hægt. Annar dansari, karlmaður, gekk öruggum skrefum inn á sviðið. Þau dönsuðu; það var samfelldur dans, sífelld hreyfing sem virtist ekki háð þyngdarkrafti jarðar. Tónlistin var sífónísk, píanó, selló og hljóðgervill; afslöppuð, svo yfirveguð að hver einasti tónn fékk svigrúm, sjálfstætt líf og komst í samband við vöðva dansaranna sem hafði fjölgað jafnt og þétt á sviðinu.

Sýningin hafði óvenjusterk áhrif, þessi geggjaða andstæða kistulagningarinnar hrærði í hjartanu. Ljósin á sviðinu, vel tamin af ljósameistararum, leiddu hugann að birtunni sem hafði skolað andlit mitt í kapellunni, náttúrulegu birtunni gegnum veggstóra skrautgluggann, og ég skynjaði fólkið í kringum mig, ekki sýningargestina heldur syrgjendurna, frændur mína og frænkur, ömmu og afa, pabba og systkinin,

fólkið hennar Evu, vini Danna og kærustuna fyrrverandi sem slapp með skrámaða sál úr undirheimunum og kúrði í faðmi móður sinnar. Þegar allir risu á fætur til að kveðja, horfast í augu við sjálfa sig í svona kistu í framtíðinni og hugleiða, sat ég áfram um stund, niðurlútur.

- Foreldrarnir og systkinin fíkrúðu sig fyrst að Danna, að líkamanum sem hafði verið hans, hylkinu sem – nú veit ég allt í einu ekki hvað ég á að kalla það sem hafði verið komið fyrir undir hvíttri sæng í kistunni úti á miðju gólfi, ég finn bara að ég vil alls ekki kalla frænda minn lík – en foreldrarnir og systkinin fóru alla vega fyrst af móðukenndu sjónsviði mínu. Ég sá á milli stólanna að þar sem litli frændi, íþróttakappinn, hafði setið, hvílt olnbogana á hnjánum og höfuðið í lófunum, voru dropar á möttu steingólfinu; þeir voru margir, þeir voru eins og glitrandi krónupeningar en miklu meira virði. Ég hreyfði höfuðið. Fjölskyldan stóð í faðmlagi. Aðeins hjá líkkistu ástvinar geta fjórir staðið á svo litlum reit.

Afi og amma voru allt í einu tvö yfir kistunni. Þau horfðu niður áður en afi hallaði sér og lagði nokkra kossa á ennið. Amma var stjörf, eins og ég í sætinu, því einhver hafði fjarlæggt fínofna klútinn. Ennið hlaut að vera kalt eins og rúða. Ég sá fyrir mér barnabarnakórinn á jóladegi fyrir mörgum árum, örugglega áratug, og afa við píanóið að spila Nú skal segja og leiðbeina okkur í söngnum með svipbrigðum; við Danni vandræðalegir með hendur í vösum í aftari röðinni, tveir elstir

og brostum rjóðir af feimni, múturnar farnar að gera vart við sig og engin hljóð jólaleg úr okkar börkum. Ég leit aftur upp á litríka glervegginn. Út undan mér, mjög óljóst, sá ég svartklæddar verur teikna kross í loftið yfir kistunni, hverja á fætur annarri.

Þegar ég hreyfði höfuðið næst var vinur frænda míns að ganga fram hjá. Vorið eftir 9. bekk smíðuðu þeir víst kofa í móanum fyrir utan hverfið, helvíti finan, með mörgum herbergjum og leynirýmum; það var síðasta æskuverkið. Um haustið voru þeir farnir að ganga inn í hann til að reykja sig út úr heiminum. Vímuástandið var staður með mikið aðdráttarafl, allir ofsalega velkomnir og félagarnir komu oft við næstu árin. Möguleikinn á að mæta dauðanum á leiðinni var aldrei fyrirstaða.



Það er mikið vald að taka sér, valdið yfir meðvitundinni.

Fyrir nokkru fór þessi vinur – neyslufélagi kannski frekar, ég veit það ekki, veit ekkert um vímuvinenskap, jú, líklega voru þeir vinir, höfðu þekkt frá því í leikskóla, fyrir neyslu – alla vega fór þessi piltur á metnaðarfullt sýrutripp fyrir nokkru, hafði tvo hreyfla í nösunum til öryggis, amfetamín og kókaín. Hann fór hátt og víða, alltaf hratt, langt yfir hámarkshraða á brautum heilans. Persónuleikinn bráðnaði að lokum og lak yfir minningarnar og framtíðardraumana; með klístraðan klump milli eyrnanna magalenti hann á geðdeild og fékk góða aðhlynningu. Þess vegna var hann kominn þarna, með lubba og afmyndaður af lyfjum, efsta talan á svartri skyrtni hneppt og á kafi í ónáttúrulegri undirhöku. Foreldrarnir studdu hann, litdauf og rýr eins og tvær hríslur um vetur, ýttu barninu á undan sér að kistunni snjóhvítu. Þessi gamli félagi frænda míns hafði líklega ekki komist nær því að gráta síðan fyrir trippið stóra, alheimsreisuna. Hann andaði djúpt og ört, andaði með hljóðum sem minntu á ónýtan físisbelg og dró sólana en eitthvað sagði hingað og ekki lengra, kannski lyfin, kannski hafði grátvélin misst olíu forðum, ég veit það ekki – en ég veit að þetta var átakanlegt því hann hafði greinilega ekki misst getuna til að upplifa óbærilegan harm.

Án þess að ætla það hafði ég rokið á fætur, gengið óviðeigandi hröðum skrefum að kistunni, líklega síðastur allra, og stóð yfir frænda mínum. Ég horfði á andlitið, á brenndar tennurnar í vararifunni, á snodað höfuðið sem hvíldi á

blúndukoddanum, en fannst enginn vera þarna; mig vantaði að sjá augun til að staðsetja Danna, mig vantaði fyllinguna í andlitið og litinn, litinn sem ljómaði, ólíkt möttum farðanum sem sólin afhjúpaði. Þá varð mér ljóst að það eina sem við áttum eftir af honum síðustu árin var vonin um að hann myndi aftur vera með okkur, von um raunverulega nálægð, vímulausa, en nú var sú von horfin – og þar með frændi minn endanlega; í kistunni lá minnisvarði um þá staðreynd, og bráðum yrði hann grafinn djúpt.

Ég heyrði Evu gefa frá sér hljóð sem voru í fullkomnu samræmi við að frumburður hennar væri hættur að draga andann. Ég leit ekki til hennar í sætinu heldur hugsaði um móðurástina, hvernig hún á albróður, móðurharminn sem er alveg jafn breiður, djúpur og laus við skilyrði.

Ég var ekki búinn undir þessa miklu sorg annarra og skammaðist mín fyrir hvernig ég upplifði Danna þegar ég sá hann síðast, mætti honum óvænt um morgun á virkum degi við Hverfisgötu átta mánuðum áður. Hann lék á bláan kassagítar og gekk greitt, virtist vera á ljúfri spíttisglingu. Við stoppuðum báðir og skiptumst á nokkrum orðum. Ég fann hvað ég var tilfinningalaus gagnvart honum, datt ekki í hug að spyrgja um neitt nema þennan fáránlega gítar, ekki orð um hvernig hann hefði það eða sæi framtíðina – ég sagðist ekki einu sinn sakna hans í fjölskylduboðunum, bara eitthvert kjaftæði um þennan bláa gítargarm, hvort það vantaði A eða D-strenginn!

Eftir því sem misheppnuðu meðferðunum fjölgaði dofn-
aði tilfinningin fyrir frænda mínum, ég leyfði vonbrigðunum
að svipta Danna persónuleikanum og gerði hann að fyrirbæri,
fyrirsjáanlegu dýri: *fíkli*.

Ég greip fyrir munninn, þóttist þefa af fingrunum til að
hylja varirnar á meðan þær bærðust, á meðan ég muldraði
kveðjuna niður í kistuna, sagði þessi aumlegu orð í lófann:
„Danni minn, þetta var stutt hjá þér, þetta var helvíti stutt
show.“

Sýningunni var lokið, dansararnir stóðu tveir og tveir í
faðmlagi á dreif um sviðið þegar myrkur helltist yfir okkur.
Ég hrökk við, fálmaði eftir Írisi og leit í kringum mig; hvert
sem ég beindi augunum sá ég móta fyrir kapelluglugganum,
vetrarsólin virtist hafa brennt litina á augnbotnana. Bak við
myrkrið – og litaðar rúðurnar – greindi ég ofurlág hljóðin frá
dönsurunum yfirgefa sviðið, öran andardrátt og deyft fótatak.

Þetta kvöld var sams konar veður og daginn þegar við
systkinin og pabbi yfirgáfum kapelluna, frost og rok sem varð
að beittum strengjum hjá byggingum. Við Íris tipluðum að
bílnum með höku að bringu. Ég gætti þess að stinga hana
ekki af. Ljósín í mælaborðinu lögðu á okkur mjúka birtu sem
gaf engan yl, ekkert frekar en vetrarsólin í kapellunni, og
við skulfum framan af heimferðinni; örfáir bílar á götunum
og hægt að aka greitt að næsta rauða ljósi. Miðstöðin blés
af jöfnum og miklum krafti þar til Íris skrúfaði fyrir og út-
varpið fékk að njóta sín. Hún sagðist hafa séð mig þerra tár,

ekkert meira, bara þessi yfirlýsing. Ég yppti öxlum og beið með að svara. Þá bætti hún við að ég hefði eiginlega misst mig yfir þessu verki, tár hefðu flætt og hor líka, hún hefði strokið á mér lærið en ég ekki tekið eftir neinu. Útvarpið var nokkuð hátt stillt eftir að við hlustuðum á fréttirnar fyrr um kvöldið. Þáttarstjórnandi kynnti lag með Foo Fighters, *Times Like These*. Ég hafði oft heyrt það áður, jafnvel sungið með í partíum – en nú þagði ég, og þegar Grohl söng viðlagið í annað sinn benti ég á útvarpið og hélt fingrinum sperrtum þar til Íris áttaði sig á að þetta var svar mitt við grátinum: „Á tímum sem þessum lærirðu að lifa á nýjan leik.“

Hugleiðingar

1. Kistulagningin og danssýningin blandast saman í huga sögumannsins og verða þar með eins konar hliðstæður. Hvaða viðhorf til kistulagningar birtast í því?
2. Sögumaður talar um að tár litla frændans hafi verið „eins og glitrandi krónupeningar en miklu meira virði“. Hann segir líka: „Aðeins hjá lík-kistu ástvinar geta fjórir staðið á svona litlum reit.“ Hvað segir þetta um afstöðu hans til tilfinninga og sorgar?
3. Finndu dæmi um það hvernig tungumálið er notað á ljóðrænan hátt um hversdagslega hluti.
4. Danni og sögumaður eru jafnaldrar og frændur. Hvernig ýtir það undir sorg og missi sögumannsins?
5. „Það er mikið vald að taka sér, valdið yfir meðvitundinni“. Hvað á sögumaður við með þessu?

Kristín Helga Gunnarsdóttir

Ljós leikur við myrkur

„Ætli englarnir hafi ekki grátið hlutskipti nautadrengrsins þetta kvöld.

Að minnsta kosti var úrhelli, vorleysingar og Mjólkurlækurinn æddi hömlulaus niður hlíðarnar. Ekkjan vissi ekki hvað í vændum var, vissi bara að dagar þessarar fjölskyldu undir sama þaki voru taldir. Líf þeirra saman í Dölum var á enda. Hún hafði vitað það frá því að hún fylgdi bónda sínum til grafar. Litli drengurinn grét þegar hún lagði hann í fang dóttur hreppstjórans að kveldi sumardagsins fyrsta. Það var kvöldið sem englarnir grétu hlutskipti þessarar fjölskyldu, eða kannski grétu þeir yfir fáránlegri tilvist mannfólksins.

Ekkjan átti þó ekki lengur tár aflögu til að fella. Sýslumaðurinn fylgdi henni upp hlaðið. Heimasætan tók við barninu. Kona hreppstjórans var með nýfæddan dreng á handlegg. Elsta dóttir hennar stóð í gættinni, við hlið móður sinnar. Hún tók grátandi barnið í fangið.“

„Litla skinnið,” segi ég og hagræði tvinnakeflum í konfekt-dós á borðinu. „Hugsaðu þér hvernig móður hefur liðið sem

þurfti að bera börnin sín eitt af öðru inn á annarra manna heimili og kveðja þau fyrir fullt og allt.“

„Já, og þetta var ekki sjaldgæft,“ andvarpar móðursystir mín, ber efnið upp að vörum sér og slítur þráðinn með tönnunum. Hún horfir á mig sorgbitnum augum.

„Hann barðist um á hæl og hnakka, þessi umkomulausi angi. Regn og tár runnu niður kinnar nautadrengsins. Móðirin gerði krossmark yfir brjósti hans, tók þéttingsfast í hönd hreppstjórafrúarinnar, en sneri svo frá og gekk hratt að hestunum. Kona hreppstjórans bauð þeim kaffisopa. Sýslumaður afpakkaði, sagði réttast að þau færu sem fyrst.

Þetta var árið sem drengirnir komu í húsið, sannkallað gleðiár, nítján hundruð og fjögur, tveir strákar komu í hús hreppstjórans í



dalnum.

Nautastrákurinn var á fjórða ári þegar hann kom og hann hljóðaði dögum saman. Hann kallaði á móður sína, grét með ekkasogum, á milli þess sem hann sat úti í horni og starði brostnum augum á þetta ókunnuga fólk sem hafði svo óvænt fengið það hlutskipti að koma honum til manns. Fljótlega lærðist honum þó að móðirin kæmi ekki aftur. Hún kæmi aldrei aftur. Hann ráfaði um bæjargöngin, fram í fjós og inn í baðstofu, kallaði, hrópaði, en ekki kom mamma. Hún svaraði ekki, en af og til gripu hann mjúkar og öruggar hendur, struku honum blítt og raddir ókunnugra kvenna hvísluðu huggunarorð sem hann skildi ekki. Síðar skildi hann að móðir hans varð að láta frá sér börnin sjö, finna þeim heimili eins og hvolpum sem koma þurfti fyrir. Neyðin rak hana til þess þegar bóndinn dó og hún missti jörðina. Faðirinn, þessi fátæki fjárbóndi undir Brekkunni, skipti sauðakjöti fyrir nautakjöt til þess að ala upp hrausta drengi, en svo dó hann og draumurinn um nautsterku synina varð að engu. Nautabörnin fengu ný heimili og misgott atlæti. Mátáðu nú,“ segir móðursystir mín og réttir mér kjólinn.

„Hún var sextán ára þegar nautastrákurinn kom. Hann varð eftirlæti hennar og elti hana eins og hvolpur um allt. Ætli hann hafi ekki verið hennar fyrsta barn. Hann var henni allt í senn, fyrsta barn, bróðir og vinur. Undarlegt hvað hennar fyrsta og síðasta barn tengdust órjúfanlegum böndum. Svo kynntist hún pabba og þau bjuggu um sig í Hólminum um

stund. Nautastrákurinn hélt tryggð við þau þótt hann flytti úr sveitinni. Þetta þarf ég að laga,“ bætir hún við og horfir íbyggin á axlarsaum.

„Svo komuð þið systurnar í heiminn og hún eignaðist sín eigin börn,“ segi ég, smeygi mér varlega úr kjólnum og rétti henni. „Þú varst nú sjálf sumargjöfin.“

„Já, það er nú lán að vera fædd á sumardaginn fyrsta. Ætli ég hafi ekki verið guðs gjöf til foreldra minna. Ég átti að vera drengur, en var samt velkomin. Hún átti líka nautastrákurinn fyrir. Maður skyldi ævinlega vera þakklátur fyrir fæðingu sína – nú og foreldra sinna, forfeðra og formæðra. Eins naumlega og margir koma í heiminn. Það er lyginni líkast að hver maður skuli vera sá sem hann er,“ segir hún, stingur tituprjóni á milli tannanna og rennir flíkinni fimlega undir sporið.

„Sálin er perla á talnabandi kraftaverkanna,“ bætir hún við, heldur þétt við efnið og fylgir því eftir.

„Ef bandið slitnar hrynja perlurnar af og falla í gleymsku. Sumardagurinn fyrsti er minn upphaldsdagur, ekki endilega af því að hann er fæðingardagurinn minn. Miklu heldur vegna þess að við upplifðum svo marga dimma

sumardaga, svarta sumardaga, allt þar til nóttina þegar sólin kom í bæinn og samt var það á fimbulvetri. Þó man ég hvað



Það var bjart yfir þegar nautastrákurinn kom í heimsókn. Þá tók mamma gleði sína, skamma stund. Allt breyttist þegar sólin kom í bæinn. Þú þarft kjólinn fyrir sumardaginn fyrsta, er það ekki, elskan?“ spyr hún um leið og hún hristir úr efninu og virðir það fyrir sér.

„Jú,“ segi ég varfærnislega. „Þú talar svo oft um nóttina þegar sólin kom í bæinn,“ segi ég og strýk efnið í höndum hennar.

Hún brosir eins og alltaf ef hún talar um nóttina þegar sólin kom í bæinn.

„Þegar ég var lítil trúði ég því að það væri safn á himnum, sálnasafn, og að þar sæti yfirsálnavörður og sorteraði sálir. Hann raðaði þeim í hillur, setti sálir sem þörfnuðust viðgerðar á gylltan handvagn. Ungar sálir fóru í barnasálnadeild, gamlar í fornsálnadeild. Sumar sálir voru aðeins lánaðar út í skamman tíma, aðrar í lengri tíma. Einhverjar gleymdust í útláni og komu fljúgandi inn um glugga sálnasafnsins löngu eftir að von var á þeim. Einstaka sálir voru lánaðar fyrir mistök og afturkallaðar þegar það uppgötvaðist. Þegar öll ein-tök af sömu sálnagerð voru í útláni var biðlisti og þá misstu margar litlar manneskjur af því að verða til. Sálirnar féllu svo af himnum til jarðar og lentu þar sem þær lentu.“

„Áttu við að amma hafi verið á biðlista,“ sagði ég hugsi.

„Já, en svo fékk hún líka úthlutað fyrir mistök og þá varð að afturkalla,“ sagði hún mildum rómi.

„Það var kannski meira um slíkar sendingar á þeim tíma.

En svo var það þegar hún mamma þín kom í heiminn. Ég man það eins og það hefði gerst í gær. Hamslaus hríðarbylur æddi yfir holt og hæðir. Hross stóðu í höm í dalnum. Kindur grófust í fönn í múlanum. Í hriðinni var pabbi, einn á ferð. Aðeins örvinglaðir lögðu í slíkan veðurofsa. Hann teymdi hesta sína. Þeir þokuðust áfram, skref fyrir skref. Þrekaðir og máttfarnir, en áfram samt. Lopavettlingarnir voru klakaðir, jakkinn sem ísbrynja, þykk ullarhúfa ofan í augum. Líf og dauði dönsuðu saman þessa nótt.

Hann þekkti leiðina, hljóp hana sem strákur, rölti þar sem unglingur og flutti eftir henni nauðsynjar sínar, sem bóndi. Hann þekkti hvern stein og hverja þúfu. Aldrei hafði hann þó lent þar í jafn hatrömmu veðri og þessa nótt. Aldrei hafði hann þurft jafn sárlega á aðstoð að halda. Það var um langan veg að fara, yfir illfærar heiðar og tvær ár, saklausar sprænur sem gátu breyst í skaðræðisfljót við slæmar aðstæður. En hvað gat hann gert? Hann varð að halda áfram. Lífið sjálft var í húfi og nornir spunnu örlagavefi úr ævimyndum þessa fólks.

Auðvitað hélt fólk að hún myndi deyja, að nú væri loks komið að því. Barnið myndi áreiðanlega deyja. Þau dóu öll, þessi litlu börn.

Við vorum fimmtán og sautján ára, stelpukjánar, gengum um gólf, æddum ýmist út eða inn bæjargöngin, stöldrúðum við, stördum út um gluggaboruna í eldhúsinu.

Hríðin úti ... ópin inni svo óbærileg. Sársaukavein og stunur ...varla að tíminn liði.

Hún skipti aldrei skapi, hún mamma. Hafði hjarta og lungu þessa heimilis í svuntu sinni, en þarna hrópaði hún á hjálp, bað Guð að vera með sér og varðveita litla barnið. Við heyrðum róandi rödd ljósmóðurinnar í baðstofunni í bland við stunur og óp móður í barnsnauð. Hljóð sem dundu á húsveggjunum líkt og hviðurnar í óveðrinu úti. Ég gægðist inn um rifu á hurðinni og sá mömmu liggja undir sæng, anda ótt og títt og hvísla bænir. Ég sá ljósmóður leggja bakstur á enni. Svo kom hviða, sársaukaóþ. Óveðurskrumla skall á bænum.

Ég lagði hurðina aftur og leit á systur mína. Ekki orð. Þau voru til einskis nýt þessa nótt.

Eldurinn í olíulampanum flökti lítilllega, eins og óttinn hefði náð að stugga aðeins við honum.

Við vorum vanar myrkrinu. Það grúfði yfir bænum eins og svartur galdur, sumar og vetur, vor og haust. Þetta þykka og deyfandi sálarmyrkur sem dauðinn ber með sér. Mamma hafði missti fóstur. Svo missti hún aftur fóstur. Sorgin settist á öxl hennar og hreiðraði þar um sig. Svo fæddist drengurinn. Þá hopaði sorgin út í horn en hún fór ekki langt því drengurinn dó. Seinna fæddist stúlka, en dauðinn kom og sótti hana. Sorgin fitnaði, tútnaði út, sat á öxl hennar og saug í sig gleði og hamingju. Hún var komin fast að fimmtugu og aftur var lítið barn að brjóta sér leið í heiminn. Sorgin sat við rúmstokkinn og glotti. Það get ég svo svarið að ég sá hana sitja þar. Hún gerði sér upp meðaumkunarsvip, strauk handarbak mömmu, setti stút á munninn, smellti tungu í góm og

hristi höfuð hæðnislega. Sorgin fylgdi mömmu alltaf, hvert sem hún fór og þegar minnst varði sparkaði sorgin illskulega í hana og þá brast mamma fyrirvaralaust í grát. Þarna sat hún þetta kvöld og beið eftir næringu sinni – andvana barni, bestu mögulegu næringu fyrir sorgina.

Systir mín settist á eldhúsbekk, greip þrjóna í örvæntingu, hélt áfram að þrjóna agnarsmáan sokk. Þannig glímdum við mæðgur við sorgina. Við þrjónuðum barnaföt. Kistillinn í eldhúsinu var yfirfullur af litlum fötum. Í honum voru samantrottnir og stífpressaðir samfestingar, húfur, peysur, nærföt og sokkar. Í annarri hverri lykkju var trú og í hinum von og kærleikurinn var samofinn garninu. Nýir eigendur höfðu aldrei getað nýtt sér þessar flíkur. Þeim entist ekki ævin til þess.

Það tæki óratíma að sækja lækninn inn í þorp. Þótt hann kæmi færi allt á sama veg, hugsaði ég þegar pabbi bjó sig til ferðar. Skyldi hún deyja núna? Pabbi strauk mér blíðlega um vangann og hvarf svo út í hríðina. Ljós móðirin stakk höfðinu í gættina. Það vantaði lök og teppi. Vindurinn orgaði úti eins og skrímsli en inni var þögn.

Systir mín spurði hvort hún svæfi og horfði bænaraugum á ljósmóðurina. Stunur bárust úr baðstofunni á ný. Hún lifir enn, hugsaði ég og rétti lökin inn.

Það birti af degi. Kannski sofnuðum við andartak. systir mín fram á eldhúsbordið, ofan á þrjóna og lítinn sokk, en ég á kalli við kabyssuna. Dagskíman tróð sér freklega inn um eldhúsgluggann. Úr baðstofunni barst lágt söngljósmóður-

innar, taktfast og tilbreytingarlaust, en engar stunur, engin óp. Ég gægðist inn í baðstofuna. Hún svaf, hún hvíldi sig. Sóttin hafði minnkað ... í bili.

Pulurinn í útvarpinu minnti okkur systur á að það var fyrsti sunnudagur á nýju ári. Messan hljómaði í litla eldhúsinu, *Í dag er glatt í döprum hjörtum*. Við sátum við tækið og héldum í guðsorðið eins og björgunarhring í ólgusjó. Dagsverkið okkar var að finna gleði í döpru hjarta – leita, róta og gramsa. Einhvers staðar hlaut hún að vera, þessi gleði.

Fjörður og fjall var á sínum stað þrátt fyrir allt sem á undan var gengið. Veðrinu var að slota. Hvar var pabbi? Hann var ekki kominn. Komst hann yfir árnar? Fann hann lækninn? Var hann á leiðinni?

Skerandi óp smaug í gegnum bæinn. Við hrukkum við, hlupum að baðstofuhurðinni og lögðum eyru að. Hughreystingarorð ljósmóðurinnar bárust í gegnum hurðina. Hraður og mäsandi andardráttur.

Köld morgungjólan hentist á undan þeim inn í bæinn. Þeir voru komnir – stóðu á miðju eldhúsgólfi, veðurbarðir. Læknir með tösku í hendi skimaði um húsakynnin. Pabbi tók af sér húfu og vettlinga, smeygði sér fram fyrir lækninn og vísaði leiðina til baðstofu. Óttasleginn tók hann hönd konu sinnar, þreifaði á enni, kyssti vanga, dró sig í hlé og tvísté við dyrnar. Sóttin magnaðist. Dyr lokuðust og djúpar raddir heyrðust innan úr baðstofunni muldra við sársaukafulla undirtóna sængurkonunnar. Við biðum, gengum í litla hringi á eldhús-

gólfinu, sátum, stóðum.

Systir mín þreif bönd úr hári sínu, hristi kollinn og rétti mér hárbursta. Ég tók burstann, greiddi langar og hægar strokur eftir rauðu hárinu. Læknirinn kom fram með pabba og klappaði hughreystandi á öxl hans. Hann sagðist gera allt til að bjarga mömmu. Báðum yrði ekki borgið. Mikilvægast væri að hún lifði. Barninu yrði að ná út sem fyrst, lima það í sundur, ef með þyrfti.

Hárburstinn féll í gólfíð. Pabbi starði sorgbitinn á gólf-fjalirnar og hvíslaði að læknirinn vissi hvað væri fyrir bestu. Mér virtist hann hafa misst trúna á lífið.

Baráttuóp bárust úr baðstofunni, líkt og uppreisn gegn dauðadómi. Læknirinn bretti upp ermar, pabbi líka án þess að vita beinlínis hvers vegna. Þeir luku upp baðstofudyr-unum. Mamma lá á grúfu í blóði drifnu rúmi. Ljós módírin hélt um lítið höfuð. Kolli fylgdi búkur og lítið stúlkubarn leit hvíta morgunskímu í torfbæ inn til dala. Hraðar hendur. Vit hreinsuð, lífsstrengur rofinn. Grátur barns og bros móður.

Þær lifðu. Þær lifðu báðar.

Sorgin stökk fram úr rúminu, æddi í örvæntingu um baðstofuna en þaut svo út um gluggann og gufaði upp eins og þokuslæða við hvítar fjallsræturnar. Gleðin fyllti baðstofuna, breiddi faðm sinn mót heimilisfólkinu sem kunni ekki alveg að umgangast hana, Við urðum skelkuð, feimin og áttavillt – líkt og við hefðum fengið of stóra gjöf – gjöf sem ekki var hægt að þiggja.

Mamma brosti og strauk vanga okkar systra. Hún hafði heyrt sönginn um gleði í döprum hjörtum og sannfærðist þá um að þeim yrði borgið. Brosið var komið til baka, hlýja brosið hennar mömmu sem sorgin hafði áður kæft – kæft í svo mörg, löng ár. Við systur stöðum hugfangnar á sendiboða lífs og vonar – þetta litla barn sem bar ljós inn í bæinn. Hún andaði, hreyfði sig, gaf frá sér undurfalleg hljóð. Það var nóttina sem sólin kom í bæinn, líkt og fyrsti sumardagurinn okkar væri runninn upp. Svona kom hún mamma þín í heiminn, hjartað mitt,“ segir móðursystir mín og dregur kjólinn undan saumnálinni. „Nú skaltu máta.“

„Himneskt útlán af sálnasafninu,“ segi ég um leið og ég smeygi mér í kjólinn.

„Það finnst mér,“ segir hún, grípur títuþrjón úr munnviki og nælir í brjóstsaum.

„Eftir þessa nótt varð allt svo gott. Við hlökkuðum til einhvers í fyrsta sinn, einhvers annars en heimsókna nautadrengsins. Við hlökkuðum til páska, til sumardagsins fyrsta og til jóla. Vonin settist að í kotinu við Hvammsfjörðinn í gervi móður þinnar. Mikið er þetta annars fallega grænt silki. Hann er kominn að sækja þig,“ bætir hún við og horfði fjarænu augnaráði út um gluggann.

„Að hugsa sér að þessi ungi maður skuli vera afa barn nautastráksins. Fyrsta barnið hennar og síðasta barnið hennar – einhver svo órjúfanleg bönd. Hann er meira að segja líkur afa sínum,“ segir hún og hlær við. „Það segir

manni að tilviljanir eru ekki til. Engar tilviljanir, aðeins endalaus spor sem maður fetar í með myrkrið á hælunum. Ljós leikur við myrkur. Það má nú segja. Merkilegt þetta ár, árið sem drengirnir komu,“ segir hún og réttir úr baki.

„Þá voru hugsanlega teiknuð þessi spor sem þú ert að stíga í núna, eða jafnvel miklu fyrr. Maður veit það ekki.“

Hugleiðingar

1. Í sögunni er flakkað á milli tveggja sviða.
Á öðru sviðinu er hrikaleg frásögn af fátækt og erfiðum barnsburði en á hinu sviðinu er verið að sauma föt og máta þau. Berið saman andstæðurnar á milli þessara tveggja sviða.
2. Veltu fyrir þér myndhverfingunni um sálnasafnið á himnum.
3. Skoðaðu hvernig sorgin er gerð að persónu og hvernig trú, von og kærleikur búa í fötunum. Af hverju er andvana barn „besta mögulega næringin fyrir sorgina“ eins og það er orðað í sögunni?
4. Veltu fyrir þér miskunnarleysi læknisins þegar hann segist þurfa að lima í sundur barnið til að bjarga móðurinni. Hvað segir þetta um hvernig viðhorf fólks til lífs og dauða hefur verið ólíkt viðhorfum okkar í dag?
5. Hvað er stúlkan að fara að gera undir lok sögunnar?

Mikael Torfason

„Sönn saga“

Ég man alveg hvað ég var að gera í fyrradag, á fimmtudaginn.

Það er samt í móðu hvernig ég komst hingað. Í nótt dreymdi mig að ég lægi í rúminu mínu. Ég gat ekki hreyft mig en gasgufan laumaðist upp eftir sænginni minni. Hún læsti sig við rúmið líkt og þoka og fíkraði sig hægt og hægt nær andliti mínu. Það var eins og gastungan væri staðráðin í að kæfa mig.

Þá heyrði ég hviss. Hviss. Líkt og í kveikjara.

Ég missti andann og vaknaði með dúndrandi hjartslátt. Vissi innst inni að það var ég sem hélt á kveikjaranum.

Hviss.

Hviss.

- - -

Sálfræðingurinn minn segir mér að ég eigi að ganga um með barnið í sjálfri mér hvert sem ég fer.

Ég veit hvað þið eruð að hugsa. Er hann geðveikur? Svarið er já. Þetta er gufuruglaður gaur. Hann sat við rúmstokkinn hjá mér í gær og spurði mig hvort ég hefði verið að tala við litlu Hólmsfríði.

„Já, reyndar,“ svaraði ég.

Ef maður gengur með barnið í sjálfum sér um allt þá á maður að komast í tengsl við allar brostnu tilfinningarnar segir sálfræðingurinn. En samkvæmt rannsóknum þá varð ég fyrir ýmsum áföllum í æsku og því náði ég ekki að þroskast eins og venjulegt fólk. Ég er svokallaður hælismatur.

„Og hvernig hefur ykkur gengið?“ spurði sálfræðingurinn minn og átti við mig og litlu Hólmfríði.

Ef ég á að segja ykkur alveg eins og er þá er þessi sálfræðingur finn þó hann sé ruglaður. Hann lítur svolítið út eins og Súperman þegar hann er Clark Kent. Hann er alltaf í jakka-fötum og með gleraugu. Þínu sætur en samt ekki mín týpa. Ég fell alltaf fyrir lúserum eins og mamma.

„Bara fint. Það hefur gengið alveg frábærlega,“ svaraði ég og fannst ég vera að ljúga en ég var ekki að því.

Ekki þannig. Ég er bara svo vön að ljúga að öllu þessu liði. Þetta fólk skrifar líka allt niður og sendir til Barnaverndarnefndar. Það var hérna í gærkvöldi. Tveir fulltrúar frá Barnaverndarnefnd stóðu við sjúkrarúmið mitt og sögðu mér að ég yrði flutt af spítalanum og í neyðarvistun á Stuðla um leið og ég hefði heilsu til.

(Ókei. Ég veit að þetta rugl í mér er efni í smásögu í einhverja leiðinda kennslubók. Frændi minn, sem skrifar þessa sögu, sagði mér að hann væri að skrásetja sögu mína. En ég vil bara að þið vitið það – og þið megið endilega segja öllum í skólanum ykkar það – að ef þið lendið einhvern tíma í því

að eitthvað lið frá Barnaverndarnefnd kemur heim til ykkar, dragið djúpt andann og spyrjið hvort þau hafi séð heimildarmyndina um Breiðavíkurbörnin.)

Æi, ég ætti kannski að kynna mig. Ég heiti Hólmfríður. Pabbi minn heitir Júlíus. Já, ég heiti Hólmfríður Júlíusdóttir. Alveg eins og í laginu. Ha, ha, ha. Mamma syngur þetta stundum fyrir mig þegar hún er í góðu skapi.

„Gullna skó og græna sokka. Gafstu mér um árið okkar. Vaglaskóginum í.“

Djís. Þú getur farið á Youtube og horft á ótrúlega hallærislegt myndband með laginu. Þetta lag er ekki um neitt. Bara eitthvað bull. Enda er þetta örugglega samið af popparanum sem var í Idol og baðst afsökunar fyrir að hafa keypt dóp.

Hvað um það. Mamma elskar þetta lag. Hún heitir Ósk og fyrsta júní verður hún búin að vera edrú í fimm ár. Pabbi er líka nýorðinn edrú. En ég efast um að hann muni nokkurn tíma eiga fimm ára edrú afmæli. Ég hata hann meira en mömmu mína. Pabbi er svona gaur sem hringir og spyr mig hvernig ég hafi það. „Fínt,“ svara ég og þá spyr hann: „Af hverju?“

Hvernig svarar maður einhverju svona? Er þetta eitthvað svona AA-manna grín?

Þetta var í gær. Eftir að barnaverndarliðið var farið. Ég má vera með gema inni á herbergi af því að þetta er spítali. Ég fannst meðvitundarlaus fyrir utan Sundlaugina í Breiðholti.

Var ég búin að segja ykkur það?

Ég skellti á þabba í gær eins og ég geri svo oft. Mamma labbaði inn í herbergið mitt, grátbólgin, um leið og ég hafði lokið mér af við fyrrverandi manninn hennar. Ósk er alltaf grátandi þegar ég er annars vegar. Þau eru sem sagt skilin, Ósk og Júlíus, sem betur fer, og við mamma búum í miðbænum með kærastanum hennar sem vinnur á Rás eitt og þykist vera ótrúlega gáfaður. Hann er bókmenntagagnrýnandi og talar ofsalega háfleygt mál. Hann hatar Facebook og MSN og les bara bækur og vill ekki við séum með sjónvarp á heimilinu.

Æi, hvað er ég að rugla um þetta lið? Ég er að ljúga að ykkur. Ég bý ekkert hjá mömmu og kærastanum hennar. Ég flutti að heiman mjög ung. Fjórtán ára gamalli var mér komið fyrir á sambýli. Það heitir Akurhóll og þar bý ég ásamt 19 öðrum vandræðaunglingum. Ég verð fimmtán eftir þrjá mánuði. Þá fæ ég kannski að flytja heim til mín aftur. Ef ég hef breyst og svona, skiljiði? Þá losna ég af þessu andskotans heimili. Í Bandaríkjunum eru svona staðir reknir sem unglingafangelsi en við köllum þetta heimili.

Ha, ha, ha!

Hvað um það. Þetta er voða fínt herbergi sem ég er í herna á Barnaspítala Hringsins. Amma, mamma hennar mömmu, grenjaði úr sér augun hjá mér í gær eftir að ég vaknaði úr dáinu. Hún sagði að þetta spítalarugl kallaði fram svo margar minningar hjá henni. Stjúpbróðir mömmu (já, gaurinn sem

skrifar þessa sögu) var alltaf á spítala þegar hann var krakki.

„Þetta er svo erfitt fyrir mig, Hólmfríður,“ sagði amma en ég var skírð í höfuðið á henni sjö árum eftir að súkkulaðin í Nýdönsk sömdu þetta lag, Hólmfríður Júlíusdóttir.

„Hann var svo veikur,“ stundi amma upp úr gráthviðunum en ég reyndi að benda henni á að þetta væri nýr spítali. Það var ekki einu sinni búið að byggja þetta hús þegar amma grét yfir fóstursyni sínum.

Þetta fólk. Vá, hvað það er stundum geðveikt. Amma græt-ur yfir frænda mínum sem er ekki einu sinni sonur hennar. Við erum ekki einu sinni skyld, ég og hann, því gaurinn sem skrifar þessa sögu er sonur stjúpafa míns.

En herbergið er fint. Það er stórt og rúmgott og í gærkvöldi sofnaði ég út frá grátkór í mömmu og ömmu. Þær elska að hata hvor aðra og vita alltaf hvað er best fyrir hvor aðra. Verst að þær eru aldrei sammála. Ég nennti ekki að hlusta á þær í gærkvöldi. Lokaði bara augunum og reyndi að skilja hvað barnaverndarliðið átti við þegar það sagði mér að ég hefði fundist meðvitundarlaus fyrir utan Sundlaugina í Breiðholti.

- - -

Ég man alveg hvað ég var að gera í fyrradag, á fimmtudaginn.

Besta vinkona mín heitir Bergþóra. Við skuldum Nonna Wium fimm hundruð þúsund kall. Ég kom í bæinn með rút-

unni því á nokkurra vikna fresti fæ ég helgarleyfi frá Akurhóli. Með því skilyrði að vísu að ég hafi hagað mér vel og lofi að vera stillt og þrúð í leyfinu.

Við Begga fórum með Dodda að hitta Nonna Wium. Doddi er jafn gamall okkur og hann er örugglega hommi þótt hann vilji ekki viðurkenna það.

„Fríða beib,“ sagði hann við mig um daginn. „Veistu, ég er búinn að ákveða að hætta að hugsa um stelpur þegar ég, þið vitið, hérna, einn uppi í rúmi og allt það.“

„Ha?“ sögðum við Bergþóra í kór og áður en ég náði að spyrja hvað hann ætti við greip hann fram í fyrir mér:

„Þið vitið alveg hvað ég á við. Einn með sjálfum mér. Kynfræðsla og svo framvegis.“

Við flissuðum eins og vitleysingar.

„Þetta er ekkert fyndið. Ég er að spá í að hugsa bara um karlmenn hér eftir þegar ég er einn með sjálfum mér,“ hélt Doddi áfram en hann er svo mikil tepra stundum að hann getur varla sagt neitt dónalegt. „Í alvörunni. Ég nenni ekki þessu kjaftæði um að stelpur séu geðveikt sexy og strákar ekki. Þið eruð alltaf í sleik og öll erótík og öll tímarit – meira að segja tískutímarit fyrir konur – eru uppfull af upphafningu á kvenmannslíkamanum. Mér finnst þetta vera mikið óréttlæti. Engum finnst við strákar sexy. Ekki einu sinni stelpum.“

„Sumir eru sætir,“ mótmælti Bergþóra. Eins og við værum að fara að ræða þetta af einhverju viti við Dodda. Hann er svo mikill Georg Bjarnfredarson stundum.

„Þú ert hommi,“ hló ég upp í opið geðið á Dodda.

„Æi, kommon. Ert þú lesbía af því að þú ert alltaf að þykjast vera Playboy leikfélagi og ferð í sleik við Beggu?“

„Kannski,“ hló ég áfram.

Ég veit ég er með athyglisbrest. Ég er á lyfjum. Þetta var útúr-
snúningur. Hvar var ég?

Já. Við skuldum Nonna Wium fimm hundruð þúsund. Ekki adda honum sem vini á Facebook. Hann er líka með Myspace-síðu og ég ætla ekki að segja ykkur hvernig á að finna hana. Nonni Wium er hættulegasti maðurinn á Íslandi.

Ég var að fá sms frá Beggu. Hún er komin til ömmu sinnar á Selfossi og getur ekki talað í símann. Hún fer til fósturforeldranna á mánudag. Ég svaraði með sms: „Sniffadi yfir mig – er a spitala.“ Begga svaraði: „Eg veit. Hringi a eftir.“

Begga er ein af þessum stelpum sem væri lögð í einelti ef hún væri í skólanum þínum. Í alvörunni. Hún er eins og ég var alltaf á meðan mamma drakk og var gift gaur sem lamdi hana. Begga er besta vinkona mín og ég elska hana eins og mína eigin systur. Mamma hennar er í sjötugustu meðferðinni og pabbi hennar var að giftast pólskri konu sem hatar Beggu. Það er búið að taka hana af þeim og það er mér að þakka.

Pegar ég var eins og Begga þá bjó ég úti á landi. Og ólíkt því sem allir halda þá er miklu meira einelti úti á landi. Þar

eru nefnilega allir í afneitun og trúa því að „svona lagað þrífist ekki í svo litlu bæjarfélagi“.

Einn skemmtilegasti leikurinn sem krakkarnir í Ólafsvík léku þegar ég var minni var að segja að ég væri eitruð. Þá máttu þau hvorki koma við mig né horfa á mig. Þá óhreinkuðust þau.

Mér var boðið í afmæli til vinsælustu stelpunnar í bekknum (af því að það varð að bjóða öllum) en mér var sagt að það væri daginn eftir að afmælið var haldið. Þegar ég dinglaði þá kom enginn til dyra.

Nú er ég aftur komin í skóla úti á landi. Það eru allir hræddir við okkur frá Akurhóli. Loksins líður mér vel í skóla þó ég læri aldrei neitt. Ég ætla að hætta um leið og ég fæ tækifæri til þess.

Nonni Wium hitti okkur í bíl fyrir utan Mjóddina. Litli bróðir hans sat fram í hjá honum. Hann er einu ári eldri en ég og heitir Gulli og er kallaður Gulli litli. Ég hef einu sinni, þú veist, hjá honum og skil vel af hverju hann er kallaður Gulli litli.

„Hæ, Hófi,“ sagði hann við mig um leið og ég settist aftur í ásamt Dodda og Beggu.

„Þegiðu,“ svaraði ég og leið strax illa með að hafa sest í miðjuna.

„Haltu kjafti,“ öskraði hann eins og freku krakkarnir í Ólafsvík, sármóðgaður.

„Veriði róleg,“ greip Nonni fram í fyrir litla bróður sínum. „Þið skuldið mér enn þá,“ bætti hann við og horfði strangur á mig.

Nonni er miklu eldri en við. Ég veit ekki hvað hann er gamall en hann er gamall. Hann er svo breiður um sig að ég og Gulli kæmumst bæði inn í hann, tvisvar. Hann er alveg snoðaður og með bólur aftan á hálsinum. Örugglega eftir stera. Enda standa augu hans á stilkum eins og hann hafi mokað amfetamíni í nefið á sér eða sprautað sig. Við Begga sprautuðum okkur einu sinni með amfetamíni og þá litum við svona út og gátum ekki sofið í sólarhring.

„Já. En við eigum engan pening,“ sagði ég því Begga fellur alltaf í dá ef hún er nálægt fólki sem er tíu árum eldra en hún. Í alvörunni. Þetta er rosalega undarlegt með hana. Hún dettur bara út og hættir að tala. Begga getur varla keypt bíómiða ef stelpan í afgreiðslunni er fullorðin.

„Áttirðu ekki að fá arf eða hvað það var?“ spurði Nonni en ég hafði logið því að honum á sínum tíma. „Ég gerði þér greiða. Og það bara af því að ég kannast við pabba þinn.“

Nonni hristi höfuðið og lét eins og þetta kæmi honum ógurlega á óvart. Að ég hafi logið að honum. Hvað átti ég að gera? Ég varð að bjarga Beggu minni og ekki gat ég treyst Barnaverndarnefnd fyrir því. Mamma var margoft búin að grátbiðja það lið um að koma henni frá pabba sínum og pólsku stjúpunni. En þeim var sama þótt hann berði hana í klessu. „Réttur blóðforeldra er alltaf ríkur ...“ Bla bla bla.

„Begga,“ sagði Nonni þá allt í einu og leit á mig.

„Hvað?“

„Hlustaðu á mig.“

„Já.“ Ég hafði ekki verið að hlusta.

„Og þið líka,“ sagði hann og leit á Dodda og Beggu sem þögðu. „Ég ætla að gefa Gulla þessa skuld. Ég hef ekki tíma í þetta kjaftæði,“ hélt hann áfram og leit á Gulla sem starði á mig.

Ég gretti mig framan í Gulla þegar hann sleikti út um og blikkaði mig á meðan bróðir hans hvíslaði einhverju að honum.

„Þú hlýtur þá að lækka skuldina eitthvað. Ha?“ spurði ég þá og Nonni leit hugsí á mig. „Við erum þakklát fyrir að þú skyldir hafa hjálpað okkur með þabba hennar Beggu. Bara ein heimsókn frá þér og hann samþykkti að afsala sér forræðinu. En það var góðverk, Nonni. Það er ekki eins og þú hafir verið að innheimta fyrir okkur fíkniefnaskuld.“

„Guð minn almáttugur, Gulli,“ svaraði Nonni og leit á Gulla bróður sinn. „Þetta er eins og að tala við lögmann. Hvar finnur þú þínar kærustur?“

„Ég er ekki rassgat kærastan hans þótt ég hafi einu sinni leyft þessum litla bróður þínum að ...“ frussaði ég út úr mér æst og þagnaði ekki fyrir en Nonni lyfti hendinni ógnandi á svip.

„Hundrað þúsund kall. Þið skuldið Gulla hundrað þúsund kall. Og drulliði ykkur út úr bílnum.“

Við hlýddum því auðvitað á örskotsstundu. Þegar þeir voru að keyra burtu stakk Gulli hausnum út um gluggann og öskraði til okkar að við ættum að hitta hann seinni partinn í bílskúr við Vesturberg. Ég rak löngutöng framan í hann og kallaði að hann mætti hoppa upp í rassgatið á sér.

Nýtt sms frá Beggu: „Amma segir að það hafi kviknað í bílskurnum.“

„Lögreglan er komin til að tala við þig, Hólmfríður mín,“ segir mamma rólega og brosir til mín í dyrunum á sjúkrahustofunni minni.

„Og?“ svara ég og amma reynir að kæfa niður ekkasogin.

- - -

Ég man alveg hvað ég var að gera í fyrradag, á fimmtudaginn.

Ég er bara ekkert viss um hvort ég ætli að segja einhverjum frá því. En ég skal segja ykkur að eftir að ég fór að ganga um með barnið í sjálfri mér þá hefur mér gengið miklu betur að halda aftur af skapinu. Ég hef alltaf verið að springa inni í mér. Sálfræðingurinn minn, Clark Kent, segir að það sé af því að umhverfið mitt brást þegar ég var yngri. Þess vegna náði ég ekki að þroskast rétt. Tilfinningar litlu Hófiar eru brostnar og hún ræður ekkert við sig.

Ég hef kastað stólnum mínum í kennarann minn. Ég hef bitið mömmu mína til blóðs. Fyrir einu og hálfu ári síðan,

Þegar pabbi var nýorðinn edrú, og ég var í heimsókn hjá honum hellti ég málningarþynni yfir öll fötin hans. Ég er með ör eftir öllum upphandleggnum af því að ég skar mig með rakvélarblaði í einangrun á Stuðlum. Ég er með gat í tungunni sem ég gerði sjálf. Ég mæli ekki með því.

Clark Kent segir mér líka að þetta sé allt út af því að ég var misnotuð af vini stjúpabba míns (ekki bókmenntabjánans heldur þessum sem lamdi mömmu). Ég las í Fréttablaðinu um daginn viðtal við einhverja femínistakonu sem sagði að maður jafnaði sig aldrei eftir slíkt.

Ég man alveg eftir þessu öllu. Ég man alveg hvað ég var að gera á fimmtudaginn. Ég man hvað allir hafa gert mér og stundum tekur litla brjálaða ég alveg yfir og ég hata alla. Af því að ég man allt. Ég man eftir krökkunum í Ólafsvík, ég man eftir kennaranum sem hló af því að ég var ekki í sokkum og ekki með nesti af því að mamma svaf brennivínsdauða, ég man eftir góða og sæta vini mínum sem elskaði Bubba Mort-hens og sagðist elska mig. Ég man eftir þessu öllu.

Fimmtudeginum eyddum við Begga og Doddi í Kringlunni. Við stálum Coca-Cola ísbirninum sem situr öll jólin og þyk-ist drekka kók í Kringlunni. Þetta er gert svo átfíklar geti líka átt sín jól. Baðað sig í Coca-Cola og rjómasósum og reyktu svínakjöti. Mamma og pabbi kyssast og drekka rauðvín og bjór og kenna börnunum sínum að éta yfir sig. Gefa þeim gjafir á Vísarað og segjast elska hvort annað.

Æi, ég veit ég er að missa stjórn á mér. Þetta gerist stundum þegar litla ég er reið. Þegar ég hugsa um allt þetta helvíti sem Clark Kent vill að ég læri að ná tökum á. Þá missi ég algerlega stjórn. Hugsanir mínar hrannast upp og allt í einu hata ég alla.

Nema kannski Beggu og Dodda. Þau eru einu vinir mínir. Ég kynntist þeim í Réttarholtsskóla þegar við mamma fluttum í bæinn. Begga var í bekk með mér og allir hötuðu hana en Doddi var í sérkennslu og átti enga vini. Hann býr hjá mömmu sinni og ömmu og afa. Hún eignaðist hann þegar hún var þrettán ára og hefur ekki séð neina ástæðu til að flytja að heiman með hann.

Hún kom og sótti hann niðrá löggustöð á fimmtudaginn eftir að við náðumst með ísbjörninn á Hlemmi. Barnaverndarnefnd sótti Beggu en mamma sótti mig og var brjáluð. Hún er alltaf brjáluð eða grenjandi hún mamma. Henni veitti ekki af að komast í betri tengsl við barnið í sjálfri sér.

- - -

„Hvað varstu að gera á fimmtudaginn?“ spurði lögreglukonan blíðlega en félagi hennar, feitur miðaldra karl, sat við hliðina á henni og brosti blíðlega líka.

Ég leit á starfsmann Barnaverndarnefndar sem stóð við rúmið mitt. Þetta er kona sem ég þekki. Hún kom með lögreglunni því þau mega ekki yfirheyra mig nema undir

eftirliti.

„Svaraðu Hólmfríður,“ skipaði konan frá Barnaverndar-
nefnd.

Mamma og amma sátu á stólum
hinum megin í herberginu. Amma
þurrkaði tárin og saug upp í
nefið en mamma nagaði negl-
urnar eins og hún gerir alltaf
þegar hún er stressuð.

„Ég man alveg hvað
ég var að gera í fyrra-
dag, á fimmtudaginn,“
byrjaði ég en fann að
litla stelpan hafði
tekið völdin. Ég
varð skyndilega
mjög reið. Ég
varð brjáluð inni
í mér. Af því
að mér finnst
þetta ósann-
gjarnt. „Ég er
búin að vera
svo góð. Í
marga mánuði
hef ég gert allt



rétt. Allt. Ég er búin að mæta í skólann. Fara eftir öllum reglum. Ég er orðin góð!“

Ég tók ekki eftir því að ég var farin að öskra, hágrátandi. Það skildist ekkert sem ég sagði. Þetta lið veit ekkert um mig. Það hefur ekki hugmynd um hvað ég hef þurft að ganga í gegnum. Það fattar ekki að ég hefði aldrei verið í þessum bílskúr ef þau hefðu staðið sig. Hvar var þetta fólk þegar mamma var full og þessi fáviti var að berja hana? Hvar var það þegar pabbi hennar Bergþóru var að lemja hana? Við mamma klöguðum hann margoft. Og hvað gerðist? Ekki neitt.

„Það er enginn að saka þig um neitt,“ reyndi konan frá Barnaverndarnefnd að stynja upp úr sér og ég sá að amma stóð upp en mamma greip í höndina á henni.

„Ætlið þið að dæma mig? Spyrjið mig, ha? Ég skal svara. Spurðu mig,“ hélt ég áfram öskrandi og benti á lögreglukonuna. „Hvar var ég? Hvar varst þú á fimmtudaginn? Varstu á einhverju helvítis námskeiði? Var starfsdagur hjá löggunni? Ég veit alveg hvað þið eruð að hugsa. Ég veit hvernig fólk eins og þið hugsid.“

Það voru svona lögreglumenn sem klúðruðu málinu mínu. Það var enginn dæmdur fyrir að berja mömmu mína. Það var enginn dæmdur fyrir að meiða mig. Og eina réttlætið sem Begga fékk var þegar ég lofaði Nonna Wium hálfri milljón af upplognum arfi ef hann myndi berja pabba hennar. Sem hann gerði og Begga vann. Íslendingar eru aumingjar sem

sýkna barnaníðinga og menn sem berja konur.

Þau stóðu upp. Lögreglukonan og maðurinn. Brostu letilega til mín og spurðu barnaverndarkonuna hvort þau mættu ekki koma síðar. Hún kinkaði kalli og ég hágrét.

„Ég kveikti í þessum fávitum,“ grét ég. „Sendið mig bara á Stuðla.“ Ég leit upp og horfði í augun á lögreglukonunni. „Heldurðu að ég sé hrædd? Það eru stelpur þarna á Stuðlum sem munu örugglega berja mig. Af því að ég er ekki að ljúga. Ég er hætt öllu rugli. Ég veit þið trúið mér ekki. Mér er alveg sama. Ég er hætt fyrir sjálfa mig.“

Ég var ekki að ljúga þótt enginn tryði mér. Lögreglukonan horfði enn og aftur blíðlega á mig og sagði að þetta hefði verið slys. Mennirnir hefðu verið að reykja hass og sniffa gas.

Þau fóru öll fram nema mamma og amma. Mamma sat áfram á stólnum sínum og grét. Amma kom til mín og drekkti mér í eigin tárur. Hún greip fast utan um mig og ég leyfði henni það. Stundum ýti ég henni í burtu. Af því að ég get ekki alltaf huggað hana. En nú lét ég undan. Hún grét í faðmi mínum, sat á rúmbríkinni og ríghélt sér í mig. Ég hvíslaði að henni að þetta yrði allt í lagi. Þetta færi allt batnandi. Hún bað mig að fyrirgefa sér. Amma kennir sjálfri sér um allt. Af því að hún hefði getað brotið af okkur hlekkina ef hún hefði verið betri móðir. Þá hefði mamma ekki orðið alkóhólisti og svo framvegis. Ég sagði henni að hún bæri ekki ábyrgð á öllu og að ég elskaði hana.

- - -

Þegar þú missir stjórn á þér fyllistu af skömm. Sérstaklega

ef þú ert eitthvað að vinna í litla barninu innra með þér. Eins og ég. Sem geng um með barnið í sjálfri mér hvert sem ég fer.

Prófaðu að tryllast, gráta og öskra og niðurlægja þig og athugaðu hvernig þér líður eftir það. Ég hef lært að fyrirgefa sjálfri mér. Fyrir utan lögreglustöðina á fimmtudaginn tókst mér það samt ekki. Mamma kom brjáluð inn til varðstjórans og hafði engan húmor fyrir þessu með ísbjörninn. Lögreglumennirnir á vakt höfðu heldur engan húmor fyrir mér. Ég gat ekki einu sinni beðið um að fá að fara á klósettið án þess að þeir öskruðu á mig að steinhalda kjafti. Þeir sögðu mér að ég væri búin með allar undanþágur hjá þeim. Nú væri ég orðin svokallaður góðkuningi lögreglunnar. Einu sinni voru þeir voða kurteisir alltaf og reyndu að róa mig niður. Það var þegar ég var alltaf brjáluð og öskraði og kleip og beit. Þá voru þeir góðir við mig. En á fimmtudaginn, þegar ég var loksins kurteis og góð, þá sýndu þeir klærnar og öskruðu eins og bavíana.

Mamma öskraði líka. Og hún hélt áfram að öskra alla leið út á gangstétt fyrir framan lögreglustöðina. Þá hljóp ég burtu frá henni. Ég stökk í gegnum Hlemm og lét mig hverfa. Hún hafði engan áhuga á að hlusta á mig. Ég var ekki búin að gera neitt af mér í marga mánuði þegar við stálum þessum ísbirni. Sem var meira gert upp á húmorinn.


Ég tók strætó beina leið upp í Breiðholt. Slökkti á símanum mínum til að þurfa ekki að hunsa öll símtölin frá mömmu.

„Hæ, sæta,“ sagði Gulli litli um leið og hann opnaði fyrir mér bílskúrinn og bauð mig velkomna.

Ég steig inn og sá að það voru gestir hjá honum. Tveir fullorðnir menn sem ég hafði aldrei séð áður. En ég vissi samt hvað var í gangi. Innst inni. Af því að ein stelpa sem er með mér á Akurhóli lenti í svipuðu. Það var einhver náungi, Lithái, sem hún var skotin í sem lokkaði hana inn á hótélherbergi svo afi hans gæti nauðgað henni. Þetta kom á forsíðu DV og allt. Litháíski afinn komst auðvitað undan löggunni til útlanda og það var aldrei dæmt í málinu. Þannig er þetta yfirleitt á Íslandi.

„Viltu gas?“ spurði Gulli. Ég sá að það voru nokkrir kútar þarna.

Gömlu karlarnir létu sem ég væri ekki þarna. Þeir voru að reykja hass og virtust vera vel klæddir bissnessmenn. Ég sá í fréttunum áðan að annar þeirra er vinsæll lögmaður og hinn bankamaður.



„Logmadurinn er vinur minn a Facebook,“ sendi Begga mér um leið og þulurinn á Stöð 2 sagði nafnið hans.

„Við eigum hass líka,“ hélt Gulli áfram.

„Áttu þær ekki að vera tvær?“ spurði lögmaðurinn og lét

sem ég væri ekki þarna.

Þá fattaði ég endanlega hvað var í gangi. Ef við Begga hefðum ekki verið búnar að ákveða að hætta öllu rugli þá hefði þetta kannski verið allt í lagi. Mér hefði eflaust verið alveg sama. Og ef Gulli hefði beðið mig hefði ég kannski sagt bara já. En það var eitthvað innra með mér sem gaf sig. Kannski að litla Hófi hafi tekið yfir. En ég trúi því ekki að hún sé svona gáfuð.

„Já, ég vil gas,“ sagði ég og greip zippókveikjara af borðinu um leið og ég gekk að kútunum.

Gulli skrúfaði frá og sogaði inn gas sjálfur. Ég tók við slöngunni þegar hann hlussaðist niður í sófann. Hann horfði á mig svo ég varð að taka gasið ofan í mig. Sá að lögmaðurinn brosti og setti á sig fáránlegan kúrekahatt sem var á borðinu. Þeir litu ekki af mér fyrr en ég hafði tekið gasið ofan í mig þrisvar og þá fann ég að það var eins og ég væri að lognast út af.

„Ég þarf að pissa,“ hvíslaði ég og sá hurð út undan mér sem leiddi út í garð.

Ég sogaði gas ofan í mig einu sinni í viðbót og fann dúndrandi slátt í höfðinu. Það var eins og höfuðið væri að springa. Ég náði að grípa í hurðina og stíga eitt skref frá gasinu. Ég opnaði dyrnar, steig út, opnaði zippókveikjarann, kveikti á honum og fann svo hvernig þrýstingurinn kastaði mér frá dyrunum þegar kveikjarinn flaug inn í bílskúrinn.

Ég man alveg hvað ég var að gera í fyrradag, á fimmtudaginn.

Ég kveikti í bílskúr í Vesturbergi. Samkvæmt fréttunum á Stöð 2 brenndust tveir fullorðnir karlmenn lífshættulega og sextán ára drengur liggur þungt haldinn á Barnaspítala Hringsins. Hann er ekki á sama gangi og ég en hann er hérna í húsinu. Ég er ekki reið út í hann.

Hugleiðingar

1. Smásagan heitir „Sönn saga“ með gæsalöppum utan um titilinn. Í frásögninni leiðréttir Hólmfríður sig nokkrum sinnum og dregur til baka það sem hún hafði áður sagt. Getur verið að frásögn hennar sé uppspuni, að hluta til eða í heild?
2. „Ég man alveg hvað ég var að gera í fyrradag, á fimmtudaginn.“ Hvaða áhrif hefur þessi endurtekning sögumannsins á frásögnina? Er Hólmfríður að hagræða sannleikanum, halda lesandanum spenntum eða er hún sjálf að reyna að muna hvað gerðist?
3. Hvað vakir fyrir Hólmfríði þegar hún fer í bílskúrinna í Breiðholti? Er hún að fara þangað til að skaða sjálfa sig eða skaða aðra?
4. Sagan er brotakennd og í henni er talsvert um tímaflakk og gloppur í tíma. Til dæmis vitum við ekkert um forsögu þess að Hólmfríður tekur skyndilega strætó upp í Breiðholt. Hvaða áhrif hefur þessi óreiða á lestur sögunnar?
5. Frásögninni er beint til unglinga – snemma í sögunni ávarpar Hólmfríður unglinga sérstaklega og talar um hana sem „smásögu í einhverja leiðinda kennslubók“. Hvaða áhrif hefur þetta á lesturinn?

Yrsa Sigurðardóttir

Elsku mamma

Til: diddasig@hotmail.com

Frá: katrinjons@islandia.is

Elsku Didda mín

mikið finnst mér skrytið að þú skulir ekki vera hérna hjá mér. Þetta er í fyrsta sinn síðan þú fæddist fyrir 14 árum að við erum aðskildar svona lengi og ég sakna þín alveg svakalega mikið. Ég reyni að nota tímann vel og mér gengur bara ágætlega með ritgerðina, svo vel að ég á von á að geta klárað hana núna í sumar. Þá næ ég að útskrifast í haust og þú verður að fara að kalla mig doktor mamma. Jæja elskan vonandi hefur þú það rosalega fínt í sveitinni og hefur nóg fyrir stafni. Mér finnst hálf ómögulegt að geta ekki hringt en mér skilst að þessu valdi líklegast bilun í símtækinu á bænum, í það minnsta er símalínan í lagi. Ég trúi nú ekki öðru en að því verði kippt í liðinn bráðlega, en þangað til verður þú bara að vera dugleg að skrifa mér tölvupóst. Það væri raunar ekki úr vegi að þú kannaðir hvort ekki standi til að koma síma-málunum í lag.

Hvernig er svo bóndinn, hann Björn? Þegar ég fékk handa þér sveitaplássið var mér sagt að hann væri verðlaunabóndi og frumkvöðull í ýmsu sem tengist landbúnaði. Þú ert eflaust að læra heilmikið, þegar ég var jafngömul þér þá var ég líka í sveit og mér fannst skemmtilegast að reka kýrnar heim í fjós á kvöldin. Það var eitthvað svo róandi. Þú manst svo að klæða þig vel og fara í ullarsokkana frá ömmu þegar þú ert í stígvélum. Þú verður einnig að vera dugleg að nota húfuna og vettlingana frá henni, enda allt í stíl. Mundu svo að ef manni verður kalt á fótunum þá getur allt gerst. Jæja nóg í bili.

Þín mamma

Til: katrinjons@islandia.is

Frá: diddasig@hotmail.com

Elsku mamma

Takk fyrir bréfið. Hér er rosalega gaman og ég sé ekki eftir því að hafa komið, þótt ég hafi verið smá fúl áður en að ég fór. Bóndinn, sem er kallaður Bjössi, er með alls konar dýr: kýr, kindur, hesta, hunda, ketti og rottur. Ég sé um að gefa þeim öllum að borða, öllum nema rottunum auðvitað en þær eiga alls ekkert að vera hérna. Bjössi bóndi segir að þær hafi flutt inn í fjósið í leyfisleysi um leið og kötturinn hans flutti yfir á næsta bæ til að vera nær læðunni sem þar býr. Hann grunar að rotturnar hafi einmitt komið af þeim bæ, flúið þegar

veiðiklóin mætti á staðinn og hann segir þetta slökustu skipti sem hann hafi verið aðili að, þrátt fyrir að hafa einu sinni skipt á peningum fyrir hlutabréf í banka. En rottunum er skítsama um hvað honum finnst og láta bara fara vel um sig í fjósinu og stela sér til matar. Bjössi segir að þær séu svo sem allt í lagi og að hann nenni ekki að standa í því að láta bera þær út, þær séu fjarskyldir ættingjar hamstra svo þær séu eiginlega gælu-dýr. Bjössi bóndi spurði mig svo hvort ég ætti nokkuð tómmt hamstrabúr í Reykjavík. Þú manst að hamsturinn hennar Lísu frænku dó í fyrra, ég get kannski fengið að eiga búið og tekið rotturnar með mér heim í haust. Það væri ógeðs-lega frábært og þar sem þú leyfir mér ekki að eignast páfa-gaukinn sem ég er búin að biðja um í tíu ár þá getur vel verið að ég komi heim með þær í ágúst og eignist bara rottur sem gæludýr í staðinn.

Ég er ekki ein hérna með Bjössa bónda því hér er líka strákur sem heitir Rögnvaldur, sem er 15 ára. Bjössi bóndi sagði mér að sér hafi verið borgað rosalega mikið fyrir að taka hann í vist af því að Rögnvaldur er svo ruglaður og á að lækna og lagast í sveitinni. Ruglið hans hefur með stelpur að gera því hann er víst svo rosalega hrifinn af öllum stelpum en engin þeirra er skotin í honum. Þær þyrftu líka að vera blindar og heyrnarlausar því Rögnvaldur er hörmulegur í út-liti og með svakalega skræka rödd og spangir sem ég held að séu endurunnar því þær virðast alls ekki passa í munninn á honum. Ég er ekki viss um að hann lækni og lagist hér, að

minnsta kosti ekki ef hann heldur áfram að sofa í felum uppi á fjóspaki þegar hann á að vera að vinna. Hann svaf þar uppi allan daginn í gær og fattaði ekki að passa sig á sólinni. Í dag er hann eldrauður í framan og Bjössi bóndi stríðir honum linnulaust, spyr hann hvort að hann sé kommúnisti, kallar hann Rögnvald rauða og segist finna sviðalykt þegar Rögnvaldur birtist. Hann minnir mig svolítið á Sveip sem er graðhesturinn hér á bænum. Eins og þú veist eflaust þá eru graðhestar yfirleitt notaðir til að búa til folöld en greyið hesturinn er svo ljótur að enginn vill hleypa honum nálægt hryssunum sínum. Hann er með hryggskekkju, sem gerir bakið á honum eins og banana í laginu, og svo er hann með framstæðar kanínutennur. Bjössi bóndi segir að það hafi gleymst að gelda Sveip því það hugði honum enginn líf þegar hann var folald og þess vegna hafi hann óvart orðið graðhestur.

Ég spurði Bjössa bónda hvort hann ætlaði að gera við símann eins og þú baðst mig um en hann hélt nú ekki. Hann sagðist eiga fínan, þráðlausan síma sem er einhversstaðar, hann veit bara ekki hvar. Síminn er nefnilega búinn að vera týndur í marga mánuði og Bjössi grunar Stubbu, gömlu tíkina á bænum, um að hafa stolið honum. Hann breytti nefnilega hringitóninum í hanagal og eftir það þoldi Stubba ekki símann sem hún hélt vera svartan, ferkantaðan hana með loftneti. Bjössi er nokkuð viss um að Stubba hafi náð honum þegar hann sá ekki til og grunar að hún hafi falið hann einhversstaðar inni í fjósi. Hann segist allvegana hafa

heyrst hanagal berast þaðan einstaka sinnum dagana eftir að síminn hvarf en svo hefur raffhlaðan klárast og hanagalið þagnað. Viltu að ég leiti að honum? Kannski hefur Stubba falið hann hjá rottunum.

Jæja, þá man ég ekki eftir fleiru í bili nema þá að mér finnst alls ekkert róandi að reka kýrnar heim. Hérna er það gert þannig að ég og Bjösski keyrum á gamla pallbílnum út í haga og hann skýtur upp í loftið með rífflinum sínum og kýrnar hlaupa skíthræddar heim. Þín sveit hefur ábyggilega verið eitthvað gamaldags.

Bless bless þín dóttir Didda

Elsku Didda mín

Láttu algerlega eiga sig að leita að símanum í rottubælinu. Ég er alveg sátt við að skrifa þér bara bréf. Rotturnar gætu klórað þig eða bitið og guð einn veit hvernig það myndi enda. Annars er gaman að heyra hvað þér þykir gaman í sveitinni. Þetta virðast eitthvað vera breyttir tímar með kýrnar, kannski er þetta ein af verðlaunatilraununum hans Björns sem Bændasamtökin minntust á við mig þegar ég talaði við þá út af plássi fyrir þig. Þú ættir kannski ekkert að fara með í þær ferðir því ekki vil ég að þú verðir fyrir skoti. Ég ætlaði að senda þig í sveit til að þú kynntist náttúrunni og dýralífi. Ef ég hefði viljað að þú kynntist skotvopnum þá hefði ég innritað þig í herinn. Þú verður að lofa mér þessu. Jæja eru einhverjir heimalingar á

bænum? Í minningum mínum úr sveitinni þá voru þeir svo ómótstæðilega sætir. Færð þú að gefa þeim úr pela nokkuð? Ég er búin að vera að hugsa þetta með páfagaukinn og er farin að hallast að því að það sé ekki svo slæm hugmynd, mun betri en að vera með rottur í hamstrabúri í íbúðinni. Ég er ekki einu sinni viss um að húsfélagið myndi leyfa slíkt. Jæja elsku Didda mín, ég hlakka til að fá tölvupóst frá þér en þangað til verð ég að láta mér nægja að hugsa til þín.

Koss, koss, mamma

Elsku mamma


Hér eru engir heimalingar mamma því Bjössi bóndi á eina gamla kind sem tekur öll mömmulaus lömb í fóstur. Kindin heitir Angelina Jolie eftir útlensku leikkonunni. Vá, hér hefur sko ýmislegt gerst frá því að ég skrifaði þér síðast. Rögnvaldur rauði gerði þvílíkan skandal að ég hélt að Bjössi bóndi myndi reka hann eða drepa hann eða reka hann og drepa hann svo. Aumingja Rögnvaldur ég skil ekki hvernig hann gat verið svona vitlaus. Hann hafði fengið pakka í póstinum í síðustu viku og vildi ekki segja okkur hvað væri í honum. Hann varð rosalega



dularfullur og þegar Bjóssi bóndi sagðist ætla að kíkja í pakkann eftir að Rögnvaldur væri sofnaður faldi hann pakkann úti í hesthúsi í básnum hans Sveips. Rögnvaldur hefði betur sleppt því þar sem Sveipur át innihald pakkans, næstum eins og það lagði sig. Það hefði ekki gert neitt til út af fyrir sig ef þetta hefði verið lopahúfa frá ömmu hans Rögnvaldar eins og Rögnvaldur sagði en þar sem þetta var kynþokkalyf frá

Kína gerði það mjög mikið til. Lyfið átti að gera Rögnvald að kvennabósa og algerlega ómótstæðilegan en endaði með að gera Sveip að algerlega ómótstæðilegum hryssubósa. Ég var inni í hesthúsi að gefa þegar lyfið fór að virka og mamma, ég get svarið það, bogna bananabakið á Sveipi breyttist í kryppu.

Síðan hneggjaði hann rosalega, stökk yfir hliðið á básnum sínum og valhoppaði út með brjálæðislegt bros á vör þannig að kanínutennurnar



urðu enn meira áberandi. Ég sá svo eftir honum á þeysispretti niður heimreiðina og meira að segja rotturnar komu út á hlað til að horfa í forundran á eftir honum. Sama kvöld og fram eftir allri nóttu var svo ekki svefnfriður í sveitinni fyrir hneggjum í honum og einhverjum hryssum út um alla sveit. Núna eru allir bændur í grenndinni brjáláðir út í Bjössa bónda því flestar hryssurnar þeirra eru fylfullar eftir ástar-nóttina hans Sveips. Bjössi bóndi benti þeim á að verja gæti það verið, ef Rögnvaldur hefði tekið lyfið en ekki Sveipur þá væru heimasæturnar ófrískar eftir Rögnvald. Svo dró hann Rögnvald út til að sýna þeim hann og bændurnir urðu sammála um að skárri væri að eiga von á bananabaks folaldi með kanínutennur en að verða afi barns undan Rögnvaldi. Greyið Rögnvaldur. Jæja fleira er það ekki í bili, ég þarf að fara að hjálpa til því Bjössi bóndi er að hugsa um að opna bændagistingu. Ég á að hjálpa honum að búa um rúm og gera huggulegt en Rögnvaldur á að búa til skilti á ensku og íslensku og koma því fyrir við þjóðveginn til að auglýsa þetta. Við verðum með pláss fyrir sex manns í gistingu svo ég þarf að búa um mörg rúm og verð að drífa mig.

Bless bless, þín Didda

Elsku Didda mín

Mér er nú hætt að lítast á þessa sveit því af bréfunum þínum að dæma finnst mér þú vera að kynnast öðrum hliðum á

sveitalífinu en ég ætlaðist til. Þegar ég var á þínum aldri í sveit hjá Grími bónda á Blesastöðum var unnið hörðum höndum á daginn og áður en gengið var til náða á kvöldin skiptust allir á að fara með vísur og segja sögur. Mikið var það nú gaman og uppbyggilegt fyrir litla stúlku. Þó þú teljst varla lengur lítil, þá var það eitthvað í þá veru sem ég hafði vonast til að þú kynntist í sveitadvölinni. Mér er sérstaklega minnisstætt þegar fólkið á bænum gerði sér dagamun um helgar og lék sér að því að botna vísur. Það gerist þannig að einhver slær fram fyrriparti og síðan verða hinir að reyna að botna vísuna. Ég er alveg viss um að Björn bóndi kann þetta og hefði gaman af því að taka upp slíkt á bænum sínum. Hér er fyrripartur sem þú getur fengið hann til að botna.

Unaðsfögur sólin skín

Svífur burtu þjóst

Ég hlakka til að sjá frá þér næsta bréf með vísunni fullgerðri. Jæja elsku barnið mitt, hún amma þín og hann afi þinn senda þér bestu kveðjur. Þau gáfu þér smá pening sem ég lagði inn á bókina þína í bankanum. Gjaldkerinn misskildi þetta eitthvað og lét mig hafa Latóseðla sem ég sendi þér í pósti ef ske kynni að þú gætir eitthvað notað þá. Þú getur þá keypt þér eitthvað hollt og gott í matvöruverslunum fyrir þá en maður verður aldrei of gamall til að borða epli. Reyndu svo að nota ullarsokkana, vettlingana, húfuna

og trefilinn frá ömmu, þótt þetta klæi. Hún keypti óvart vitlausan lopa, þennan hrjúfa í stað þess mjúka, og það eykur bara á svekkelsi hennar ef þú vilt svo ekki vera í þessu. Þú finnur ekkert fyrir kláðanum ef þú einbeitir þér bara að því að leiða hann hjá þér.

Þín sagnandi mamma

Elsku mamma

Ég verð nú að segja það að þú hefur verið í ferlega fúlli sveit. Hér er alltof gaman til að eyða tímanum í að fara með einhverjar vísur eða hlusta á sögur. Ég las nú samt bréfið þitt fyrir Bjössa bónda sem hló ógurlega að vísnavöldunum og spurði hvað þú værir eiginlega gömul. Þegar ég sagði honum að þú værir 37 hló hann ennþá hærra og sagðist hafa haldið að þú værir að minnsta kosti 73. Hann botnaði samt vísuna þína. Ég held ég muni hana rétt:

Unaðsfögur sólin skín

svífur burtu þjóst.

Er nú máske mamma þín

með voða falleg brjóst?

En nóg um vísur. Hér er aftur búið að vera rosalega gaman. Ég fékk Latóseðlana sem þú sendir en gat ekki notað þá, enda engin búð hér og frekar lummó að vera 14 ára með smábarnapeninga. En takk samt og þú þakkar líka ömmu og afa frá mér fyrir alvörupeningana. Þú verður svo eflaust glöð að heyra að

Latóseðlarnir safna ekki ryki þrátt fyrir að ég hafi ekki keypt mér neitt en ég gaf Rögnvaldi þá alla. Ég vorkenndi honum svo mikið greyinu og hann sárvantaði svo pening að ég gat ekki annað. Hann var nefnilega loksins búinn að finna stelpu sem vildi fara út með honum. Ég held að það hafi verið vegna þess að hann fór og sleikti umbúðirnar utan af kynþokkalyfinu frá Kína. Hann gerði það strax eftir að hann frétti að Sveipi gekk svona vel í ástamálunum eftir lyfjatökuna. Rögnvaldur sleikti líka innan úr glasinu og ég hef aldrei vitað að nokkur tunga gæti verið svona löng. Hann teygði hana líka rosalega mikið held ég því að hann kúgaðist allan tímann meðan hann var að þessu. En hann hafði allavegana erindi sem erfiði því stuttu síðar kom Arna af næsta bæ með egg til að selja Bjössu bónda og hún sagði, okkur öllum til forundrunar, bara já þegar Rögnvaldur bauð henni á stefnumót um kvöldið. Þetta lyf svínvirkar greinilega segir Bjössu bóndi og ég get tekið undir það. Arna hefur aldrei svo mikið sem svarað Rögnvaldi þegar hann hefur reynt að spyrja hana einhverra venjulegra spurninga eins og hvort það muni rigna á morgun og svoleiðis, svo það að hún hafi yfirhöfuð yrt á hann, og hvað þá tekið í mál að fara með honum á stefnumót, sannar að þetta lyf er ótrúlega öflugt. Það kom samt babb í bátinn þegar Bjössu bóndi neitaði að láta Rögnvald hafa peninga til að bjóða Örnunni út. Hann sagðist búast við að þurfa að borga meðlög með 15 földum í vor og yrði því að spara. Rögnvaldur fór alveg í rusl og á endanum bauð ég honum einu peningana sem ég átti,

nefnilega Latóseðlana. Hann var nú ekkert alltof ánægður en átti engan annan kost en að þiggja þá. Nú Rögnvaldur fór svo með Örnunni niður í Borgarnes og gat bara boðið henni upp á skyr og grænkálshaus sem þau urðu að borða úti á túni fyrir framan búðina, jú og svo gat hann boðið henni í sund á eftir. Arna hélt ábyggilega að hann myndi fara með henni út að borða pitsu og síðan í bíó því hún strunsaði í burtu eftir að hafa nartað fúl í kálið og kvaddi hann með því að einasti möguleikinn fyrir hann að fá hana með sér í sund væri ef þau færu til Þingvalla, út að Drekkingsarhyl og að hann væri í poka. Nú verð ég að fara því mér heyrir fyrsti gesturinn vera kominn í bændagistinguna okkar.

Bless bless, þín Didda

Elsku Didda mín

Ég vona að ég hafi eitthvað misskilið vísuna því ekki list mér á ástandið þarna ef svona dónaskapur eins og botn Björns bónda við vísuna viðgengst þarna. Til öryggis ætla ég að banna þér algerlega að kveðast á við nokkurn mann þarna í Borgarfirðinum. Ég er svo mikið að flýta mér því ég er að fara í saumaklúbb í kvöld svo ég verð að hafa þetta bréf í styttri kantinum. Ég minni þig því bara á að vera í lopahúfunni, lopavettlingunum, lopusokkunum og með lopatreffilinn svo að það slái ekki að þér. Mundu að íslensk sumur eru kaldari en ástralskir vetur.

Bless bless, þín mamma

Hæ mamma

Bjössi bóndi sagði að það væri enginn heilvita maður lengur með lopahúfu, hvað þá með trefil, vettlinga og sokka í stíl. Nú eru allir í flís. Hann spurði mig meira að segja aftur hvort þú værir örugglega ekki 73. Ég sýndi honum myndina af þér sem ég tók með mér og hann flautaði og sagði að þú værir svakaskutla. Það er nú bara af því að hann er gamall eins og þú eða 37. Hann spurði svo hvort þú ætlaðir ekkert að koma í heimsókn til mín. Viltu ekki gera það mamma? Hér er svo skemmtilegt, Rögnvaldur gerði enn eina skyssuna svo allt varð vitlaust á ný. Það sem gerðist var að eftir að hann bjó til og setti upp skiltið niður við veg til að auglýsa bændagistinguna fylltist allt hér af mjög skrýtnu fólki. Þetta voru aðallega karlar og nokkrir útlendingar sem hegðuðu sér svakalega skringilega. Karlarnir voru alltaf að spyrja mig hvar gellurnar væru og heimtuðu að fá rúm í bændagistingunni. Bjössi varð að vísa heilum haug af körlum frá því það varð strax fullbókað í þessi 6 rúm sem við vorum með. Um leið og þeir höfðu fengið lyklana að herbergjunum sínum, þustu karlarnir inn og sáuust ekki þar til morguninn eftir. Þá komu þeir fram einn af öðrum og heldur betur fúllir. Þeir sögðust hafa verið sviknir og spurðu hvað væri eiginlega verið að bjóða á þessum bæ. Bjössi sagði þeim sallarólegur að þetta væri bændagisting og þeir gætu því búist við að fá að gista hjá bónda eins og nafnið gæfi til kynna. Þeir trylltust við það og sögðu skiltið gefa allt aðra mynd af þessu. Bjössi hváði og sótti Rögnvald.

Hann dró hann svo niður á veg með karlana og mig í humátt á eftir. Rögnvaldur sagðist ekkert hafa gert af sér í þetta sinn, hann hefði bara búið til skilti á ensku og íslensku eins og Bjössi bóndi hefði beðið um. Síðan sagði hann að hann hefði reynt að hafa ekki of mikinn texta á skiltinu til að fólk keyrði ekki út af við að reyna að lesa það. Þegar komið var niður á veg kippti Bjössi Rögnvaldi fram fyrir skiltið og las það sem á því stóð. Hann varð svo öskugrár í framan og hristi Rögnvald fram og til baka, kíkti svo inn í eyrað á honum og sagðist alltaf hafa haft áhuga á að sjá hvernig tómarúm væri á litinn. Karlarnir 6 þyrptust að þeim, bentu á skiltið og spurðu hvort þeir hefðu ekki haft rétt fyrir sér. Einn talaði um að kæra Bjössa bónda til Neytendasamtakanna fyrir svik í auglýsingu. Loksins þegar ég náði að troða mér á milli þeirra og lesa það sem á skiltinu stóð skildi ég hvað þeir voru að meina. Þetta endaði með því að Bjössi endurgreiddi þeim gistinguna. Á skiltinu stóð nefnilega: 5500 kr. nóttin, og svo risastórum stöfum undir því: SEX BEDS. Ég held að Rögnvaldur hafi ætlað að skrifa six beds, greyið. Bjössi bóndi er búinn að láta Rögnvald gista í hesthúsinu hjá Sveipi og rottunum síðan og sagði að dýrin væru betri í ensku en Rögnvaldur og þau gætu kannski kennt honum nokkur orð. Hann mælti svo með að Rögnvaldur byrjaði enskukennsluna á því að læra að telja upp á tíu. One-two-three-four-five-SIX, ekki sex Nú verð ég að kveðja því ég ætla að fara með lopadótið mitt út í hesthús. Rögnvaldur sagði mér að rotturnar hefðu eignast afkvæmi í

nótt og ég ætla að gefa þeim flíkurnar til að hafa hlýtt fyrir unguna sína, kannski að ég reki augun í símann í leiðinni. Bjössi ætlar svo á eftir að fara með mig niður í Borgarnes til að kaupa á mig flíshúfu.

Bless í bili, Didda

Elsku Didda mín

Amma þín þrjónaði þessar lopaflíkur á þig gigtveikum höndum. Þú verður að gjöra svo vel að sækja þær út í hesthúsið og taka flíkurnar frá þessum rottum og það strax. Notaðu spýtu eða prik svo að rotturnar geti ekki klipið þig eða bitið, þetta eru óútreiknanlegar skepnur. Þvoðu flíkurnar svo vel upp úr lopasápu sem fæst áreiðanlega í Kaupfélaginu í Borgarnesi. Hvernig er hárið á þér þessa dagana? Þarftu ekki að fara í klippingu? Ég er viss um að Björn bóndi færi með þig á hárgreiðslustofu í sveitinni ef þú bæðir hann um það. Og ekki gleyma að sækja lopatretilinn, húfuna, vettlingana og sokkana. Rottur bera plágur, elskan mín, og ég er viss um að þú vilt ekki fá plágu í þessar flíkur þótt þér finnist þær klæja.

Þín mamma

Hæ mamma

Hvað er Kaupfélag eiginlega? Bjössi bóndi segir að það séu búðirnar sem Ingólfur Arnarson og Snorri Sturluson hafi verslað í. Ég held að þú sért að gleyma að ég er ekki í gamaldags sveit. Ég fór hins vegar með Bjössa bónda í Hagkaup

og leitaði að lopasápu en fann enga. Hann gat ekkert hjálpað mér og spurði bara hvað ég ætlaði eiginlega að fara að þvo, kannski vaðmál? Síðan spurði hann mig hvort þú hefðir beðið mig um að kaupa þessa lopasápu. Þegar ég svaraði því játandi hló hann og spurði hvort þú ættir örbylgjuofn eða hvort þú eldaðir við hlóðir. Ég skildi þetta ekki og hætti bara að leita enda get ég ekki hugsað mér að taka fötin undan ungunum litlu alveg strax. Rottuungar eru ekki með neinar plágur, þeir eru nýfæddir. Þetta með klippinguna er allt í þessu fína ef ég vil stytta á mér hárið þá geri ég það bara sjálf. Allavegana fer ég ekki og læt klippa mig hér. Hann Rögnvaldur fór um daginn og lét klippa sig eins og einhver frægur fótboltamaður og kom heim með hanakamb. Hann hafði líka látið lita hárið á sér eldrautt. Hann hefur ekki fengið frið fyrir kríum síðan, þær elta hann uppi í hvert sinn sem hann fer eitthvað út fyrir dyrnar. Í gær fór hann út á tún til að hjálpa Örnunni sem hafði misst egginn sín og kríurnar sturluðust. Þær voru örugglega fimm hundruð talsins og mynduðu hálfgerð óveðursský fyrir ofan Rögnvald. Arna sturlaðist úr hræðslu og mamma, hún hrópar ekki mjög aðlaðandi. Rögnvaldur reyndar ekki heldur. Bjóssi bóndi var brjáláður því hann sagði að kýrnar hefðu misst mjólkina við þessa skræki í þeim. Kríurnar náðu að reyta hanakambinn svo núna lítur hann frekar út fyrir að vera kambur á risaæðlu eða dreka, svona úr mörgum þríhyrningum.

Bless bless, Didda

Elsku Didda mín

Hvernig er þetta eiginlega með þennan bæ sem þú ert á? Í tölvupóstunum þínum segir þú mér bara frá einhverri vitleysu. Er ekkert uppbyggilegt bændastarf þarna í gangi? Ég er alveg hætt að botna í þessu. Þeir hjá Bændasamtökunum sögðu mér áreiðanlega að Björn bóndi hefði unnið til verðlauna. Ég er stórlega farin að efast um að það hafi verið rétt hjá þeim. Jæja ég ætla að reyna að vera jákvæð þótt mér sé skapi næst að koma og sækja þig. Eru kýrnar farnar að mjólka á ný og ef svo er færðu stundum að hjálpa til við það?

Þín elsku mamma

P.S. Náðu í lopatrefileinn, húfuna, vettlingana og sokkana - og notaðu prik.

Hæ mamma

Jú, jú ég fæ að hjálpa til við að mjólka kýrnar. Þær eru komnar í lag aftur og nú má Rögnvaldur ekki lengur koma nálægt mjaltavélunum svo ég fæ að aðstoða Bjössa bónda í staðinn fyrir hann. Veistu af hverju? Bjössi bóndi kom að Rögnvaldi einn morguninn þar sem hann var að nota mjaltavélina til að búa til sogblett á hálsinn á sér svo Arna myndi halda að hann ætti kærustu. Bjössi bóndi sendi alla vélinu eins og hún lagði sig í bæinn í sóttþreinsun. Greyið Rögnvaldur var húðskammaður og hafði ekki erindi sem erfiði. Það myndaðist reyndar sogblettur á hálsinum á honum en gallinn var bara



sá að bletturinn var svo stór að Arna spurði hvort einhver stelpa hefði reynt að kyrkja Rögnvald. Hún vildi endilega vita hvað hún héti því hún taldi að þeim gæti orðið vel til vana. Mamma, bara svo þú vitir það þá hefur Bjóssi bóndi víst fengið verðlaun hjá Bændasamtökunum. Þetta er svona gullbikar sem er uppi á hillu í eldhúsinu og stendur stórum

stöfum á: Björn Ársælsson, 1. verðlaun Bændasamtakanna árið 2008 í pílukasti.

Bless bless, Didda.

Didda mín

Þú nærð ekki að svara þessum pósti því ég er á leiðinni í sveitina til að sækja þig og fara með þig aftur heim. Þetta er nú meiri vitleysan. Verðlaunabóndi, það var þá. Ég hef líka hringt í Bændasamtökin og ausið úr skálum reiði minnar. Það versta var að ég lýsti Rögnvaldi sem hálfgerðum vanvita og þá reyndist það vera pabbi hans sem er í forsvari fyrir þessi lélegu bændasamtök og ég þurfti að sjálfsgöðu að vera með hann á línunni. Jája elskan, sæktu nú lopaflíkurnar út í

hesthús og settu þær í plastpoka. Ekki, og ég meina alls ekki, koma við þær með berum höndum. Best er að nota prikið og til að vera alveg viss skaltu einnig nota gúmmíhanska.

Bless og við sjáumst von bráðar, þín mamma

P.S. ég er á leiðinni út í bíl og verð komin eftir rúman einn og hálfan tíma.

Elsku mamma,

Ég vona að þú náir að lesa þetta þótt það sé ólíklegt. Bjössi bóndi varð ótrúlega glaður að þú værir að koma. Hvað heldurðu að hann hafi gert þegar hann frétti það? Hann fór beint til Rögnvaldar og neyddi hann til að afhenda sér pakka sem Rögnvaldur fékk í gær í póstinum. Þetta var ný sending af kynþokkalyfinu og Bjössi bóndi gleypți það allt. Hann blikkaði mig og sagðist vilja gefa af sér góðan þokka þegar þú kæmir. Ó mamma, ég er viss um að þér finnst hann sætur. Póstkonan í sveitinni er að minnsta kosti allt í einu mjög hrifin. Hún kom með nokkur bréf rétt eftir að hann gleypți lyfið og hún fæst ekki til að fara. Hún mænir núna inn um gluggann á Bjössa bónda meðan ég sit hér og skrifa. Ég er viss um að þú vilt bara giftast honum og þá getum við búið hér saman glöð og ég þarf aldrei að ná í lopaflikurnar frá ömmu út í hesthús. Þær eru líka því miður allar út í götum en rottungarnir eru duglegir þessa dagana að æfa sig að naga. Og gettu hvað?

Gegnum eitt gatið sést í þráðlausa símann!

En skítt með lopaflíkurnar, þær klæjuðu og voru allar komnar með pláguna hvort sem er. Sjáumst á eftir.

Bless, þín Didda.

Hugleiðingar

1. Er málsniðið í sögunni trúverðugt? Berðu það saman við hinar sögurnar. Hvaða frásagnarmöguleika býður form sögunnar upp á?
2. Hefði mamman svona miklar áhyggjur ef hún sjálf hefði svipaða upplifun af því að vera í sveit? eru hennar eigin hugmyndir og væntingar rót vandans?
3. Berðu saman málnotkun mömmunnar og dótturinnar. eru málsnið þeirra trúverðug? Er líklegt að svona skrifi 37 ára gömul mamma? Er líklegt að svona skrifi 14 ára gömul stúlka?
4. Er dóttirin að stríða mömmu sinni, t.d. með því að tala um að vilja rottur fyrir gæludýr?

Hugleiðingar að loknum lestrinum

Það er gott að bera saman ólíka hluti til að átta sig á eigin smekk; til að skilja hvers vegna manni líkar við tiltekinn hlut en ekki við annan. Sögurnar í þessari bók eru mjög ólíkar, bæði í frásagnartækni og viðfangsefni. Veltu eftirfarandi fyrir þér:

1. Hvaða smásaga fannst þér skemmtilegust?
2. Af hverju fannst þér hún skemmtilegust?
3. Hvaða smásaga fannst þér erfiðust í lestri
– og af hverju?
4. Ef þú ættir að skrifa smásögu – hvaða tegund myndirðu skrifa og hvaða stíl myndirðu nota?

Og svarið við Tarzan brandaranum á blaðsíðu 9 er:
Hann sagði ekki neitt – hann þekkti þá ekki.



Smásagnasmá

Smásagnasmá er fyrsta bókin í nýjum flokki námsbóka í íslensku fyrir unglíngastig. Í bókinni eru átta nýjar smásögur eftir íslenska höfundu. Unglíngurinn er í brenni-depli í sögunum og fjallað er um ólík mál sem hver og einn lesandi þarf að taka afstöðu til.

Davíð A. Stefánsson, bókmenntafræðingur, skrifar inngang og íhugunarefni fyrir lesendur, auk þess sem hann er höfundur kennsluleiðbeininga. Þær verða aðgengilegar á heimasíðu Menntamálastofnunar.